

Árið 1909, hinn 1. ágúst fór ég frá J.P.T Brydesverslun í Reykjavík. Var ég þá atvinnulaus og vissi fátt til bjargar í því efni. Á afmælisdegi mínum, 3. ágúst, þá er ég lagði út í 44. árið, brá ég mér, með eimbátnum Ingólfi, upp í Borgarfjörð og stóð allengi við í Borgarnesi; ég hafði komið þar áður, sem „útsendari“ frá Brydesverslun, til að kaupa ull, og þó mér þætti fremur ljótt í Borgarnesi þá, virtist mér það engu fegurra nú enda mun áhyggjan út af framtíðarhorfunum eigi hafa bætt um, því sannast að segja, fór ég eigi með neinni vegsemd eða viðhöfn frá Brydesverslun, þó fyrir nokkrum dögum og mun þess sennilega verða getið á öðrum stað. Hvert ég ranglaði þarna í Borgarfjarðarferð minni 1909, man ég nú ekki, en litla ánægju hafði ég af því ferðalagi, þó slysalaust væri, og viðburðaríkt hefur það áreiðanlega ekki verði úr því ég man ekkert um það.

Í september þá um haustið, kom sendimaður heim til mín, þangað sem ég bjó, í Traðarkotssundi nr. 3, með þá fyrirspurn til mín frá Birni sáluga Jónssyni ráðherra að hann sagði hvort ég vildi veita samþykki mitt til þess, að stjórnarráðið skipaði mig sem þriðja mann í nefnd nokkra, með þeim málafærslumönnum Karli Einarssyni og Magnúsi Sigurðssyni, sem í ráði væri að skipa í nefndina til þess að athuga „allan hag Landsbankans.“ Fyrirspurn þessari og málaleitan svaraði ég samstundis og alveg ákveðið neitandi. Ég spurði sendimanninn ýmsra spurninga áður en ég gaf svarið, svo sem þess, hver hefði sent hann til mín eða vísað á mig, sem líklegan til þessa starfa. Hann sagði: „Björn Jónsson ráðherra bað mig að fara til yðar og ég er því sendur frá honum, en Björn Kristjánsson kaupmaður var þar viðstaddur og heyrði ég á tali þeirra að hann (B. Kr.) hvatti hann mjög til þess, að einmitt þér yrðuð fyrir valinu í nefndina, sérstaklega vegna þess að þér voruð þekktur verslunarmaður og að því er hann (B. Kr.) vissi best, væruð álitinn óvenjulega manglökkur maður, sem þekktuð fjölda manns eigi einungis hér um allar sveitir syðra, heldur og engu síðar eystra í Árnes-Rangárvalla- og Skaftafellssýslunni; þér væruð hér í ýmsum félögum og munduð þekkja mikinn fjölda viðskiptamanna bankans hér í bænum“. Sendimanninum kom svar mitt sýnilega óvænt og lét í ljósi undrun sína yfir því, ég ég, atvinnulaus, skyldi hafna slíku gæða- og vegsemdar boði. Taldi hann eigi örgrannt um að ég með þessu gæti skapað mér álitlega og lífvænlega stöðu vil bankann, enda líklegt, að þar mundi verða breytt um stjórn mjög bráðlega. Hann lýsti því að því oftár í þetta sinn hvort það væri full alvara mín að neita boðinu og ég já við því. Daginn eftir kom hann aftur og spurði mig hvort ég gæti ekki bent á einhvern glöggan og kunnugan mann, sem ég teldi heppilegan í nefndina og hvort ég ekki vildi, úr því að ég ekki ætlaði mér að takast nefndarstörfín á hendur, verða nefndinni til aðstoðar: Nefndin þyrfti einn eða fleiri aðstoðarmenn til að skrifa og reikna, en sérstaklega til þess að gefa sem bestar og áreiðanlegustu upplýsingar um viðskiftamenn bankans og hag þeirra. Ég benti á Ólaf G. Eyjólfsson kaupmann og Benedikt Sveinsson, en tók þó fram, að ég hefði enga hugmynd um hvort þeir vildu taka þetta starf að sér, enda ekki talað við þá eða aðra um þetta mál. Hinu atriðinu, að verða aðstoðarmaður nefndarinnar og trúnaðarmaður hennar, svaraði ég játandi, enda hafði ég þá hugsað málið betur en daginn áður: Ég sá, að ég með þessu móti hafði enga ábyrgð á nefndarstörfunum, að ég fékk þarna atvinnu í bili og gæti e.t.v. fylgst betur með hverju fram færi í þessu máli en aðrir, enda kom og þá upp í huga mínum, að þetta

bankamál yrði bráðlega pólitískt mál. Bankastjórnin (eins og ég að nokkru leyti) heimastjórnarmenn, en Birnirnir á öndverðum meið. Það skilyrði setti ég þó strax fyrir aðstoð minni, að því væri haldið stranglega leyndu, að ég væri nokkuð við starfið riðinn, að mér yrði veittur aðgangur að herbergi á Hótel Íslandi, þar sem ég og væntanlega nefndin líka, gæti unnið starf mitt í kyrrþey, að ég fengi í hendur lykil að því herbergi, þangað væru mér færðar allar bækur og önnur plögg til að vinna úr, og þyrfti nefndin, hvar sem hún annars hefði bækistöð sína, eitthvað við mig að tala, eða leita upplýsinga um, þá héldi hún slíka fundi þar með mér, fyrir lokuðum dyrum. Næstu daga var svo nefndin fullskipuð með Ól. G. Eyjólfsyni sem þriðja manni og ég ráðinn sem trúnaðarmaður nefndarinnar; þess var og látið getið, að síðar með, er starfið ykist, kæmi Benedikt Sveinsson einnig nefndinni til aðstoðar. Líka var mér uppálagt að gæta allrar þagmælsku og ráðvæðni í tillögum mínum.

Nú mætti spyrja: Hví vildir þú ekki vera í nefndinni? Af því sem áður er sagt mun stjórnmálalegu afstöðu mína og málsins yfirhöfuð, virtist mér að ég kynni að sjá eftir því síðar meir, ef ég yrði neyddur til þess að kveða upp, jafnvel þó óbeinlínis væri – þungan dóm yfir þeim mönnum sem stjórnðu bankanum, en aðal ástæðan var sú, að þegar ég heyrði nafn Björns Kristjánssonar nefnt í svo nánu sambandi við málið, var ég í engum efa um hverju ég skyldi svara.

Ég þekkti B. Kr. mjög lítið, hafði sjaldan við hann talað og þau litlu viðskifti sem ég hafði við hann haft og þá helst um söng eða hljóðfæri, höfðu þau verið a.m.k. meinlaus. En ég hafði heyrt ýmislegt um hann, sem ég að vísu hafði engar sannanir fyrir að hann væri í meira lagi hreinlyndur, kappgjarn og ófyrirleitinn við mótstöðumenn sína. Þar á meðal var þetta:

1. Einhver aðdróttun til hans um að hann hefði um fermingaraldur, þá á Eyrarbakka, komist yfir vasaúr sem ferðamaður átti, en slegið svo skuldinni á Jakob Jónsson frá Norðurkoti, en hann þekkti ég sem ráðvandan mann og meinlausan. Þessi saga var alkunn í ungdæmi mínu þar eystra og Birni talið að hafa farist illa við jafnaldra sinn, Jakob
2. Ég hafði heyrt um viðureign hans (B. Kr.) við E. Th. Jónassen amtmann og lesið eitthvað um það, m.a. dóm í því máli og heyrði að amtmaður hefði orðið þar ómaklega undir.
3. Ég hafði heyrt um viðskifti hans (B. Kr.) við bændur út af sölu á fénaði o.s.frv.
4. Loks hafði vinur minn einn hér í bænum sagt mér þessa einkennilegu skríttlu um Björn: Tveir menn voru við drykkju á einu mesta myndar- og rausnarheimili í Borgarfirði. Var annar þeirra bóndinn þar, mikils metinn maður, glaðlyndur, spaugsamur en þó gætinn í orðum. Hann var kaupmaður úr Reykjavík, alkunnur fyrir það hve vanlega hann talað um aðra menn, en við vín, varð hann örórðari nokkuð en ella. Þeir höfðu setið einir frammi í stofu og voru orðnir dálítið hreyfir, svo, að þeir sem þekktu þá, gátu séð á þeim vín, ókunnugir alls ekki. Umtalsefnið var, þegar á kvöldið leið, hvað menn þeir hefðu þekkt eðallyndasta og besta í öllu framferði við þá og aðra. Þeir töldu óspart fram hvor fyrir sig og dáðust mjög að mannkostum þessa manns eða hins. Nú mundu þeir ekki að telja fleiri og varð því þögn nokkur á

samræðunni. Í þögninni kemur húsfreyjan á heimilinu inn í stofuna og sonur hennar 15 vetra, en í því þau opnuðu hurðina segir húsbóndinn við reykvíska kaupmanninn: „Já, en hverjum hefur þú kynnst, sem þú álítur að sé verstur maður, þeirra, sem þú hefur kynnst eða heyrt getið?“ Án eins augnabliks umhugsunar svaraði kaupmaðurinn skírt og skorinort: „Björn Kristjánsson!“

Ég hafði oft velt því fyrir mér hvernig á því gæti staðið að þessi maður – kaupmaðurinn í Reykjavík – skyldi segja þetta. Mér var kunnugt að þeir væru nágrannar, ég hafði ekkert misjafnt heyrt um viðskipti þeirra og vissi ekki til að þeim yrði nokkurn tíma sundurorða. Hví kvað hann svona harðan dóm fyrir honum fjarverandi og á framandi heimili í áheyrn þessara merku hjóna og sonar þeirra? Eitthvað hlaut að vera athugavert við þennan mann og sá uggur studdist við það sem ég hafði heyrt af honum áður og að er vikið hér að framan, en sem síðar staðfestist af eigin reynd.

Nefndin tók til óspilltra málanna. Ég vann einn fyrst um sinn, sem trúnaðarmaður hennar og síðan kom Benedikt Sveinsson. En eitt var það, sem fljótt vakti athygli mína: Þegar nefndin var á fundum og ég með þeim – máské Benedikt Sveinsson líka heyrði ég á nefndinni allri og sérstaklega Magnúsi Sigurðssyni, hve ógeðfellt henni var að gera meira úr göllunum í stjórn bankans en þeim virtust þeir í raun og veru vera, en þá var ávalt viðkvæðið: „Hann Björn Kristjánsson vill hafa það svona!“ Einhverju sinni spurði ég nefndina: „Hvaða ástæða er til að segja efnahag og skilvísi manna vera en það er og hverjum er þægð í því?“ ÓL. G. Eyjólfsson brosti hæðnislega, Magnús Sigurðsson deplaði augum og kýmdu, en Karl Einarsson varð byrstu og sagði: „Það kemur yður ekki við og við svörum því ekki. Spyrjið þér Björn Kristjánsson að því.“

Nú var það svo að ég sá hvorki Björn Kristjánsson eða Björn Jónsson allan þann tíma sem nefndin starfaði og gat ég því hvorki spurt þá eða aðra um þetta, enda sá ég að Karl Einarsson hafði rétt að mæla, að mér kom það ekki við. Ég átti einskis annars að gæta en gefa upplýsingarnar eftir bestu vitund og samvisku, en það eitt þóttist ég þá eiga með að leggja eyrum við því sem talað var og sjá það sem fyrir augun bar, og það duldist mér ekki, að alla þá tíð sem rannsóknin stóð yfir, var nefndin eins og á milli steins og sleggju: Var því alls ekki ráðandi er að því kom hvernig skýrslan leit út og hún leit svo út sem raun varð á að síðustu, var einvörðungu kappgirni Björns Kristjánssonar að kenna, en ekki nefndarinnar, né heldu ráðherrans sjálfs, Björns Jónssonar.

21. nóv. á áliðnum degi flutti nefndin mér þá óvæntu fregn, sem ég ekki hafði haft hugmynd u áður, að á morgun ætli bankastjórar Landsbankans að fara úr bankanum; einn nefndarmanna sagði við mig: „Nú er Birni Kristjánssyni ekki rótt innanbrjósts en honum hægir væntanlega á morgun, því nú er hann loksins búinn „að vinna Björninn“ (Bj. J.) á sitt mál, að láta bankastjórnina fara““. En ekkert nefndu þeir með hverjum hætti það ætti að ske, en það varð kunnugt daginn eftir, 22. nóv. 1909 sem kunnugt er.

Þeir mættust á götu daginn þar á eftir eða næsta, Tryggvi Gunnarsson og Eiríkur Briem. Segir þá Eiríkur við Tryggva: „Jæja, hvernig líður þér nú annars kunningi eftir þetta allt saman?“ „Og ágætlega!“ segir Tryggvi mjög glaður og hress í anda. – „Nú, hvað er þetta

maður, ég held að það séu engar taugar í þér, það eru kaðlar!” (Eiríkur hafði minnst þess, að Tryggvi var stórskipasmiður og útgerðarmaður til forna og því hafi honum komið kaðlarnir í hug).

Nálægt miðjum nóvember bar svo við að Pétur Zóphoníasson varð veikur og einhverjir fleiri voru forfallaðir frá störfum í bankanum um þær mundir og því venju fremur manna fátt, en mikið að starfa. Kunningi minn, Pétur Þ.J. Gunnarsson hittir mig þá á götu og spyr hvort ég sé ekki atvinnulaus og hvort hann eigi ekki að vísa mér á góða atvinnu í bili, sem sennilega geti orðið til frambúðar. Ég tók því fremur dauflega og sagði að í bili væri ég að dutla við eitthvað en því gæti lokið fyrir áramót. „Já, en þetta þolir enga bið” segir Pétur. „Þér verðið að koma strax, það er starf í bankanum og Halldór Jónsson (gjaldkeri) bað mig að ná í yður og bjóða yður þetta og láta yður vita eitthvað um það fyrir kvöldið”.

Í stuttu máli lyktaði því svo að ég tjáði nefndinni þetta og bað lausnar. Hún bað mig að bíða ofurlítið við, hún skyldi athuga málið og segja af eða á fyrir kvöldið. Hún sagðist ekki geta án mín verið. Ég væri kominn svo vel inn í þetta mál, því væri langt komið og hún vildi ekki fá nýjan mann til að vinna við það. Ég sagði nefndinni: „Ef ég fæ ekki lausn, verð ég af þessari atvinnu í bankanum og þér verðið því að tryggja mer það, að ég komist sem fastur maður í bankanum eftir nýjár, enda á Tryggvi þá að fara og Björn Kristjánsson og Björn Sigurðsson að taka við bankastjórninni í samráði við þá mætti því takast að koma þessu í kring ef ég fæ lausnina (Bj. Sig. var erlendis). Nefndin féllst á þetta og kvaðst mundi gera hvað hún gæti til að þetta yrði, og svo varð. Ég var kyrr við nefndarstörfina og jafnframt ráðinn í bankann frá nýjári 1910 að telja og var það með samþykki Björns Kristjánssonar og án þess að hann vissi, að mér hafði verið boðin atvinna í bankanum áður eða undir nafni Tryggva Gunnarssonar og fyrir bendingu Halldórs Jónssonar. Honum var aðeins sagt að mér byðist atvinna í bænum, sem ég yrði að segja af eða á um strax og hafði hann sjálfur getið þess til að það væri í Íslandsbanka, en nefndin engar frekari skýringar gefið um það. Hann hafði talið óheppilegt að ég færi frá nefndinni eins og á stóð og sagt að þeir (bankastjórnarnir) yrði að bæta mönnum við í bankanum og væri ég máski ekki ver fallinn til þess eð aðrir. Nefndin hefir sennilega ýtt undir hann með þetta, því ég kom mér vel við hana nema einu sinni eða tvisvar, sem Karl Einarsson var dálítið byrstur við mig, út af einhverju smáræði, t.d. að ég nefndi einhverja bók, sem við skrifuðum í „svarta listann” eða „stóru synd”, en það þótti honum ekki nógu virðulegt nafn!

Bankastörf mín í Landsbankanum byrjuðu með því, að ég var eins og fleiri, „nýgræðingur” settur í sparisjóðinn og féll mér það vel. Hafði Richard Torfason þar allmikil völd að mér virtist, og fann ég fljótt, að honum var ekki um komu mína þangað og ekki leið á löngu, að okkur bærisk á.

Einhverju sinni sem oft var ös mikil á áliðnum degi – kl. 5–7, því þá var afgreitt í tvennu lagi. Þurfti Eiríkur gamli Briem að fá afgreiðslu og hafði beðið alllanga stund eftir bók sinni, að hún væri afgreidd. Richard Torfason kom þá til mín og sagði mjög höstuglega: „Hvern a.... eruð þið að dunda? Hví afgreiðið þið ekki Eirík Briem?” Ég sagði: „Hann verður að bíða eins og aðrir, þangað til að honum kemur”. Þetta þótti Richard Torfasyni

svo ósvífið svar af undirmanni sínum, að hann óð að mér með þeim ósköpum og ærslum í orðum og atburðum sem ég þarf ekki að lýsa fyrir þeim sem þekktu hann undir áhrifum vins, enda orðin tæplega þess verð að taka þau upp hér, en þetta settist svo fast í huga okkar beggja, að ekki greri um heilt fyrr en löngu síðar og varð til þess að hann sat um að gera mér allt til miska, lengi eftir það, sem síðar verður vikið að.

Ég hafði verið framarlega í flokki þeirra manna á Eyrarbakka, a.m.k. frá 1898-1902, að ég fór þaðan, sem störfuðu að útbreiðslu bindindis og þá vitanlega mest í Góðtemplarafélaginu. Hafði oft verið æðstitemplar í minni stúku, Nýársdagurinn, og gæslumaður unglingastúkunnar, haldið þar uppi söng í fjölmennu söngfélagi, verið barnakennari í 16 ár, komist í hreppsnefnd 1897-1989 og meira að segja þvingaður til að taka að mér oddvitastarfið og verið aðalmaðurinn í því að skipta Stokkseyrarhreppi hinum forna, en þar var allt í óreiðu áður en ég og samnefndarmenn mínir komu að því. Öll reikningsskil fyrirrennara minna, sem oddvita hreppsins, þeirra Einars borgara og næst á undan mér sr. Ólafs Helgasonar í óbætandi þvælu. Ég sagði mig því úr nefndinni og frá oddvitastörfum við 1898, með samþykki meiri hluta nefndarinnar, án þess ég hefði annað til að færa þessu tiltæki mínu til afsökunar en það að ég vildi ekki vera lengur, enda hafði ég þolað ýmislegt súrt og sætt frá hendi ýmsra Eyrbekkinga, þar á meðal Guðmundar Ísleifssonar, sem elti mig og vin minn Kristján Jóhannesson með ótrúlegustu ofsóknum, aðeins fyrir þá sök að við spornuðum sem mest við gátum við því, að hann undirokaði héraðsbúa og féfletti þá, að hann barðist ein ófyrirlitlega móti bindindi, sem hann gerði.

Ég hafði haldi úti skrifuðum sveitablöðum: Kveldúlfi, Ganglera o.fl. um mörg ár, tveim stór-örkum skrifuðum, sem ég lét ganga um Bakkann og upp í sýsluna, eftir að hafa lesið þau á fundum stúkunnar á Eyrarbakka og Stokkseyri. Voru það auk mín og nokkurra manna á Eyrarbakka, t.d. Kristjáns Jóhannessonar, Brynjólfs gamla frá Minna Núpi o.fl, ýmsir prestar sýslunnar, t.d. sr. Valdemar Briem, sr. Jón Steingrímsson í Gaulverjabæ, sr. Magnús Helgason, sr. Steindór Briem í Hruna o.fl. sem skrifuðu ágætar greinar í blöðin, en ég afskrifaði þau flest. Var það ærin ábætir á aðra vinnu mína: Fimm tíma kennslu í barnaskólanum frá kl. 10-3, skrifstofustörf við Lefoliiverslun frá 8-10 á morgnana og frá kl. 3-6/30 að kvöldi og frá kl. 7 til kl. 10-11 orgelkennslu á hverjum degi, jafnt helga daga sem rúmhelga. Mat lét ég færa mér í skólann kl. 12-1 og kaffi á skrifstofuna 4-5.

Auk þessa var ég organisti bæði á Stokkseyrar og Eyrarbakka. Af öllum þessu mun það hafa leitt, að þá er ég kom til Reykjavíkur, var það álitid þar að mér væri kominn til bæjarins einn hinn mesti söngsnillingur (!) landsins, sem bæði var ágætur orgelspilari (!) og jafnvel söngstjórni (!) hinn besti.

Orsökina til þess álits mun hafa verið sú, að sumarið 1901 var Steingrímur sál. Johnsen á ferð á Eyrarbakka og bjó þá sem aðrir „heldri menn“aðkomandi í „Húsinu“(þ.e Thorgrímsens-húsi og síðar Nielsens-húsi) og stóð alla messuna í fordyri kirkjunnar og hlustaði á sönginn því messað var þann sunnudag þar, þá er hann var þarna á ferð. Eftir messuna lét hann þess getið við frú Nielsen og fleiri, að sér hefði þótt söngurinn ekki einungis góður heldur svo ágætur, að hann teldi „Reykvíkinga góða“ef þeir hefðu annan

eins kirkjusöng og Eyrbekkingar. Þá dró heldur ekki úr áliti hans um þetta, að frú Nielsen fræddi hann á því að Eyrbekkingar hefðu undir minni forstöðu og stjórn oft og sungið alla Hátíðarsöngvar sr. Bjarna Þorsteinssonar tveim árum áður en Reykvíkingar hefðu byrjað á því.

Þegar svo Steingrímur Johnsen kom til Reykjavíkur gumaði hann mikið af því meðal söngmana í Reykjavík hve söngurinn væri góður á Eyrarbakka og hvern afburðar snilling þeir hefðu á að skipa í þessu efni þar sem ég væri!!

Og það sýndi sig að menn hér höfðu einhverja meiri nasasjón af mér og um mig í þessu, en ég sjálfur hafði hugmynd um, því nú komu menn í hópum og föluðu orgelkennslu, báðu mig að standa fyrir söngfélagi o.s.frv. Kennsluna veitti ég eftir því sem ég gat og komst yfir og tók 50 aura um tímann. En ekki var söngstjórn mín fyrir söngfélagi sjómanna fyrsta veturinn mér til frægðar, gleði eða ánægju, því þar kunni ég satt að segja litla grein á. Það kom lengst í því efni að við héldum „generalpröve“ í Bárinni, mörgum helstu söngmönnum var boðið til að hlusta á, en „allt var taktlaust, falskt og vitlaust“ svo að ég hefi aldrei á æfi minni skammast mín eins fyrir neina frammistöðu, enda hætti ég alveg við það og snerti ekki við neinu slíku framar.

Eftir á sá ég og sannfærðist um, að meðal þeirra „sem boðnir voru“ hafi ég átt miður holla samkeppnismenn og fremstan þeirra Brynjólf Þorláksson og þá er honum fylgdu, m.a. Söngfélag K.F.U.M er hann hafði þá nýstofnað, en Brynjólfur Þorláksson var þá með réttu talinn færast orgelspilari landsins (á harmonium) og var að reyna að koma Jónasi Helgasyni frá organistastarfinu við Dómkirkjunnar, en hann fór frá því fyr en vætna mátti, því hann dó, að mig minnir 2. sept. 1903. Jónas Helgason var mesti ágætismaður, en orðinn gamall og stirður við orgelið, en enginn hafði nú unnið sönglistinni jafnmikið gagn sem hann eða gjört eins mikið með tilstyrk Steingríms Thorsteinssonar o.fl. til að útbreiða þekkingu landsmanna á söng og hljóðfærslætti og átti hann þó jafnan við illvígna og ófyrirleitinn öfundar- og hatursmann að eiga, þar sem Björn Kristjánsson var og síðan Brynjólfur Þorláksson í fylgd með honum, ásamt „klíku“ þeirri er hann stóð fyrir hér í bænum. Ég varð brátt þess var, er ég kom hingað, að þar var ekki við lambið að leika sér, er þessir tveir menn voru: Annar framúrskarandi sakleysislegur refur, klæddur sauðagæru en jafnframt heiftrækinn, sem hann lést vera heilagur, en hinn undirförull og slægur við þá, sem hann þorði til við. Því sagði Jónas gamli Helgason eitt sinn er um þá var rætt: „Hvað er nú að tala um hann Brynjólf okkar; hann er að vísu óhreinlyndur, en hann Björn!? Best að minnast sem minnst á hann, vesalinginn“!

Brynjólfur Þorláksson var skrifari hjá landshöfðingjanum og Þorkell bróðir hans hjá amtmanni, Júlíusi Havsten. Um það leyti sem ég kom hér, voru söfnuðirnir í Reykjavík (þ.á.m.) Frikirkjusöfnuðurinn þó smár væri, að hugsa um að fá pípuorgel til notkunar í kirkjum sínum og var Birni Kristjánssyni falið að útvega þau. Létu þeir Brynjólfur og Björn það „óspart útganga“, að þessi „verkfæri“ mundi ekki verða allra meðfæri og síst Jónasar Helgasonar. Því sagði amtmaðurinn Júlíus Hafsteen á sóknarnefndarfundum, þar sem þetta mál var rætt og það hverjir væru líklegastir til að spila í kirkjunum á eftir: „Það er enginn hæfur til þess hér á landi nema Brynjólfur Þorláksson, að sparka með fótunum og slá

með höndunum”og átti hann þar við það að spila á orgelið, þó svona óhönduglega tækist til að með að lýsa því! Biskupinn, sem síðar varð, lektor, Jón Helgason sagði, „Það gleður mig þegar nýja orgelið kemur, að sjá hann Jónas minn Helgason komast í þau dauðans vandræði að eiga við það; ég skil ekki að hann leggi það upp!“. Prestslega og göfugmannlega hugsað að sagt, af manni í hans stöðu!

Af öllu þessu og því athuguðu dró ég mig út úr sönglífi bæjarins. Þó varð það nú svo, að þegar orgelið í Fríkirkjuna var fullsmíðað, gaf ég kost á því að spila þar og verða organisti. Ég fékk mér þá harmonium frá K.A. Anderson í Stokkhólmi, sem ég var umboðsmaður fyrir í nærri 30 ár, með 2 manualer og pedal og æfði mig svo sem ég gat í því að „sparka með fótunum og slá með höndunum“, eins og hr. Amtmaðurinn hafði talið að Brynjólfur Þorláksson einn væri fær um að gera og nú tókst sæmilega að læra að „sparka“og „slá“án allrar tilsagnar, svo að ég „sparkaði“þar og „sló“í 19 ár án þess að fá lof eða last fyrir. En það varð til þess, að ég hét því með sjálfum mér, að ég skyldi verja öllu því fé sem ég mætti missa til þess að koma einhverjum Íslendingi svo langt í lærdómi í því að leika á orgel, en enginn annar samtímis yrði honum fremri í þeirri list. Sá maður er Páll Ísólfsson, enda stundaði hann nám sitt frá 1913 til 1919 með mesta dugnaði og kostgæfni. Hve dýr sú kensla var, vil ég engum segja, ein eitt árið, 1918, borgaði í í þessu skyni 8495 ísl. krónur og er ég viss um að hann hefir hvorki farið óráðvandlega né gálauslega með einn eyri af því fé, er ég varði honum til hjálpar í þessu efni, öll þessi ár.

Að Páll Ísólfsson varð fyrir þessu vali mínu, var verk konu minnar fremur en mitt, því bæði var það, að ég áleit Pál of gamlan (20 ára) til þess að byrja á slíku námi, sem og hitt, að ég þóttist ekki vera þeim efnum búinn þá (1913) að ég gæti tekið það á hendur að veita slíku fé af launum mínum, eftir að við höfðum kostað læknishjálp Guðbjargar Árnadóttur í tvö ár í Kaupmannahöfn (við Lupus í nefinu) og ferð Ísólfs bróður míns og dvöl í Höfn árið áður til að læra „stemningu“hljóðfæra og aðgerðir á þeim. Öllu þessu fé áltíð ég svo vel verið, að ég vil heldur vita það hafa orðið öllu þessi ágætisfólki til þess gagns sem það varð, heldur en að eiga einn eyri af því nú og vita þetta fólk hafa farið á mis við einhver þeirra gæða er þessi peningur kannað hafa veitt þeim.

Alla þá tíð sem ég átti að heita organisti við Fríkirkjuna var orð á því gert – og sennilega með nokkrum rétti – að söngurinn færi illa: hljómaði illa og væri tilkomulítill mjög. Söngkraftarnir voru þó oftast hinir bestu og bæði ég og söngfólkið lögðum alla alúð við langar og miklar æfingar, allt árið um kring, en ekkert dugði

Spilamennska mín var víst að flestra dómi viðunandi. Ég spilaði líkt og margir organistar í sveit. Sálmalögin og léttar prelúdíur og postlúdíur, ekki máski af neinni leikni því ég hafði lítinn tíma til æfinga og átti því erfitt með að „lesa“nótur, en taktrétt og með tilfinningu held ég að óhætt sé að segja að ég hafi spilað, enda sagði einn a bestu söngmönnum bæjarins og vel að sér í söng og hljóðfæraslætti að ég færi vel með nýju lögin. Anna Petersen sagði, að þeir sem kæmu til að læra hjá sér, en hefðu byrjað annarsstaðar áður voru „auðþekktir frá öðrum, af því hve þeir spiluðu réttan takt, hefðu góða og nákvæma fingrasetningu og kynnu venjulega söngfræði rétt“– ef þeir hefðu

notið tilsagnar hjá mér. En þegar Páll Ísólfsson kom til sögunnar og fór að spila hér á kirkjuorgelin, sá ég fyrst sjálfur hve áfátt mér hafði verið í öllu og steinhætti að snerta á nótunum.

[Hér er miði límdur inn í handritið þar sem söngfólk í Fríkirkjunni frá 1903 er talið upp:]

Fyrsta rödd:

Jóna Þórðardóttir frá Hól

Halldóra Þórðardóttir frá Hól

Eygló Gísladóttir

Steinunn Gísladóttir frá Reykjakoti

Helga Einarsdóttir frá Laugarnesi

Elísabet Einarsdóttir frá Laugarnesi

Sigríður Einarsdóttir frá Laugarnesi

Sigríður Ásbjarnardóttir

Margrét Magnúsdóttir (Grönvold)

Guðlaug Kristjándóttir (Teitssonar)

Önnur rödd:

Margrét Halldórsdóttir

Ragnheiður Jónsdóttir

Sigríður Þorsteinsdóttir (Jónssonar)

Sigríður Jónsdóttir

Þriðja rödd:

Jón Kristinsson Hjaltalín

Hjörtur G. Hansson

Guðmundur Gunnlaugsson („snild“)

Einar E. Kvaran

Sigurgeir SiSigurðasson (reglubóða)

Friðrik G. Friðriksson stud. theol.

Vilhjálmur Jakobsson skósmiður

Fjórtða rödd:

Daníel Þorsteinsson

Sigurður Hjörleifsson

Jón Jónasson (Helgasonar)

Vigfús Guðbrandsson

Einar G. Einarsson

Sigurgeir Torfason

Guðmundur Oddgeirsson

Árni Jónsson (Völundi)

Valdemar Ottesen

Gísli Finsson járnsmiður

Oddur Bjarnason

Við Fríkirkjuna hafði ég lengstum 250 kr. á hverjum ársfjórðungi í kaup, en til þess að halda sem lengst sem bestum söngkröftum við kirkjuna, skifti ég þessu fé milli söngmanna en hafði svo ekkert sjálfur, en – ekkert dugði! Ávalt var söngurinn jafn ómögulegur og sárnaði mér oft að heyra vini mína, konu mína sem aðra, sem vildu mér vel, kvarta undan söngnum og vera að bera hann saman við „þennan englasöng í Dómkirkjunni“ undir stjórn Brynjólfs Þorlákssonar, enda furða sig á, að ég skyldi offra þannig álitinu og góðu umtali um mig sem hann, að vera að fást við þetta ár eftir ár, án nokkurs endurgjalds og í óþökk flestra manna. En ég hugsaði sem svo: Mér er það fyrir minnstu hvern dóm mennirnir leggja á mig, drottin er sá sem dæmir mig“ (Páll postuli sagði þetta nú reyndar einhverntíma). Ég bið þess að einhver mér færari leysi mig af hólmi og þann kross. „En hér var á söngurinn svona afleitur úr því að þú varst þó ekki lakari en úr segir vera?“ mætti spyrja.

Fríkirkjan, sem sönghús, auk annarra galla, kulda, slaga og sérstaklega ill gjörða hvelfingu, var öll klædd að innan með pappa, sem er sá versti hljómleiðandi sem til er að sama sem ull eða vaðmál. Því var það eitt sinn, þá er orgelið var nýkomið í hana, að Brynjólfur Þorláksson óskaði að fá að fara þangað með söngfélag sitt, „Kátir piltar“ hét það, „til að reyna hvernig góður söngur tæki sig út í Fríkirkjunni“. (Það var Guðmundur Gunnlaugsson: „Gvendur snill“ sem ég talaði við).

Ég var ekki viðstaddur þegar söngfélagið fór í þessa rannsóknarferð, en mætti einum söngmanninum á götu á leið þaðan og spurði mjög forvitnislega: „Nú, nú, hvernig reyndist ykkur svo hljóðleiðslan í Fríkirkjunni?“

Maðurinn svaraði: „Hann Brynjólfur hoppaði upp af kæti!“ „Nú, jæja, reyndist honum hún svona góð?“

„Nei!, Hann sagði, að hún væri alveg ómöguleg, það væri sama þó allir englar himinsins kæmu þar saman til söngs, það heyrðist ekki fremur en að syngja í barm sinn“.

„En hví hoppaði hann þá upp af kæti?“

„Ja, ég veit það nú ekki, en ég hélt að þú skildir það“ sagði hann og gekk brosandi áfram leiðar sinnar.

Eftir þetta sá ég oft hve heilir þeir voru í minn garð, Brynjólfur Þorláksson, Sigvaldi Stefánsson (Kaldalóns) og fleiri og skorti það ekki skjallyrðin er þeir viðhöfðu um mig um það hve vel mér færist organistastarfið og söngstjórnin í Fríkirkjunni „og er þó ekki hljómleiðslan líklega ekki sem best“ sögðu þeir.

En svo fór nú, að Brynjólfur Þorláksson var leystur frá organistastarfinu við Dómkirkjuna, 6 eða 7 árum áður en ég sagði sjálfur lausu starfi mínu sem slíkur við Fríkirkjuna, þrátt fyrir beiðni margra manna um að halda því áfram, enda mætti ég það aldrei fullur, né hafði vínglós fyrir framan mig á grindunum fyrir fram orgelið, með 4 og 5 eða fleiri drykkjurúta í kringum mig, eins og margsannað var, að hann gerði og léti skólabörnin úr barnaskólanum leita sín þangað (fyrir Morten Hansen) og sjá sig á þeim stað við slíka iðju, meðan hann átti að vera að kenna börnunum söng í barnaskólanum.

En því segi ég frá þessu hér, að ekki ber allt upp á sama daginn fyrir einum og öðrum og, að menn skyldu gæta að sér að fagna því ekki svo mjög, þó eitthvað gangi andsælis hjá öðrum og þá sérstaklega þeim, sem sýna góða viðleitni, en vegna ytri og annarra ástæða ekki fá við það ráðið, hve allt snýst þeim á móti.

Ég sýndi, þó sjálfur segi frá, alveg sérstaka þolinmæði við þessi störf, sá vel hve ófullkominn ég var, en vissi að ég var, þó af veikum mætti væri, að vinna eftir allri getu og hæfileikum eitthvað í þá átt, sem ég áleit að væri Guði velþóknanlegt og til dýrðar og að hann mundi líta á störf mín á annan veg en mennirnir, þó miklir væru. Það álit vil ég láta uppi að öllu þessu sögðu um Brynjólf Þorláksson, að hann var sem sagt mjög góður og leikinn að fara með orgel-harmonium, góður söngstjóri og vel liðinn af samverkamönnum sínum, en lyndiseinkun hans og líferni yfir höfðu, öfluðu honum ekki varanlegs trausts eða virðingar og er það til engrar gleði eða hugfróunar fyrir mig. – Nú er hann í Ameríku og gleðst ég af því, að hann hefir tekið aðra stefnu en áður var og fór nú betur en áður notið sín, eigi svo lítilla hæfileika þar, fjarri óhollum vinum og félagsbræðrum hér, sem hann gaf sig mjög að.

Það hefi sennilega verið orsökina til þess að ég var stórritari stórstúku Íslands (I.O.G.T) 1909 að ég vann svo mikið fyrir það mál á Eyrarbakka og Stokkseyri, en ekki hitt að ég væri neinn framúrskarandi bannmaður: Ég vildi að vísu að landið losnaði við allt vín, en áleit að G.T. reglan gæti útrýmt því. En nú var bannið komið á og áleit ég því, að ef sviki loforð mín við regluna, ef ég ekki fylgdi því eftir. Því sagði ég eitt sinn við mótstöðumann minn í því máli: „Ég vil að þið látið afskiftalaust þó við templarar reynum hvernig bannið gefst; gefst það vel þá má það gleðja ykkur, engu síður en okkur, og þá er vel; en ef það gefst illa, þá skal ég verða einn af þeim sem greiða atkvæði með því að það sé numið úr gildi. En ég tek það fram, að ég ætla ykkur, mótstöðumenn bannsins, ekki þá ódrengi, að þið leggið neinar snörur í veg fyrir þetta mál á meðan við enn erum að reyna hvernig það gefst.“

Með því að komast í stórritarastöðuna, fékk ég að reyna í fyrst skifti, hversu óþægilegt það er að komast í kynni við óreiðumenn og sérstaklega að eiga slíka menn yfir höfði sér; það var stórtemplar Þórður læknir Thoroddsen. Ég átti að réttu lagi að hafa aðal-fjármálin á hendi: Ávísa á stórstúkusjóðinn og gjaldkera sem þá var Sveinn Jónsson trésmiður, góður og gegn maður, en sem sat fastur við sinn keip. Stórstúkunni höfðu verið veittur styrkur til útbreiðslu og var styrksins að vitja í stjórnarráðið en þá var þar Klemens Jónsson landritari og Eggert Briem skrifstofustjóri. Sigurður Eiríksson var þá reglubóði og þurfti vitanlega að fá laun sín greidd við og við, enda hafði hann þungt heimili og kostnaðarsöm ferðalög, en starf sitt rækti hann betur en svo að ég geti lýst því eða þurfi að gera, því það er öllum kunnugt. Til dæmis um það, hversu erfiður viðfangs og ófyrirleitin í viðskiftum stórtemplarinn var, vil ég aðeins geta þess að ég bað Klemens Jónsson að gæta þess, að ég einn hefði heimild til að hefja landssjóðsstyrkinn og að hann mætti ekki greiða hann neinum öðrum, síst Þórði Thoroddsen (það tók ég beinlínis fram, vegna fyrri kynna minn af honum), en nú vildi svo til að Klemens Jónsson fór norður í land um það skeið, sem styrkurinn átti að útborgast, án þess að geta þess við Eggert Briem sem ég hafði mælt fyrir um (hafði gleymt því); notaðir Þórður Thoroddsen

þá tækifærið og fékk styrkinn útborgaðan hjá Eggert Briem og lét hann ekki af hendi fyrir en löngu seinna, eftir mikið þras og þóf okkar á milli, enda gekk öll framkvæmdanefnd stórstúkunnar í það sem einn maður að fá þessu kippt í lag. Stórtemplar hélt því fram að hann einn hefði rétt til að ávísa og ráðstafa fé stórstúku- og útbreiðslusjóðs og þyrfti engum að gjöra skil á því fyrir en stórstúkunni sjálfri, þá er á þing væri komið. Fénu hafði hann eytt svo að ekkert var til að greiða regluboðanum né í víxla þá er framkvæmdanefnin hafði orðið að fá að láni og sem áttu m.a. að borgast af styrknum. Margt var það í þessari samvinnu við Þórð Thoroddsen, sem mér a.m.k. ekki geðjaðist að og sem gjörði samvinnuna óbærilega en sem ég vil nú ekki rifja upp, en tvennt er það þó sem ég get ekki látið alveg liggja í þagnargildi:

1. Afsal það eða fórn er hann vildi að G.T. reglan færði á altari frakkneskra fjármálamanna, með því að láta bannið niður falla, móti því að Frakkar stofnuðu hér miljóna-banka. Voru þar ýmsir „fjármálamenn“ íslenskir viðriðnir, sem otuðu honum út í slíkt foraði, en sem öll framkvæmdanefndin, þ.e.a.s. það af henni sem hann bar það mál undir, sagði þvert nei við; það komst aldrei svo langt að hann bæri það undir hana alla, síst á reglulegum stjórnarfundum.

2. „Stórritara bréfið“fræga.

Þegar um það var rætt, hverjar tekjur landsjóður ætti að fá í stað vintollsins áður, eða réttara: Hvernig ætti að koma tollunum svo fyrir að vínfangatollurinn næðist með tollum á öðrum vörum, hélt Björn Kristjánsson því fram, að það yrði best gjört með því móti sem hann varð á og samþykkt var, að flokka vörurnar og greiða mismunandi hundraðsgjald af þeim (6 eða 7) flokkum. Ég fyrir mitt leyti áleit heppilegra að tollurinn væri jafn af öllu, nema máské helst nauðsynjavörum svo sem korni, salti, kolum o.s.frv. M.ö.o., að sá sem keypti gullúr fyrir 400 kr. borgaði tífalt hærra gjald (toll) en sá er keypti úr fyrir 40 kr. – Þetta virtist mér framkvæmdanefndin einnig vilja og á þess að binda hana, sem slíka, við neitt í þessu efni eða láta neitt í ljósi um þann vilja hennar, skrifaði ég svo bréfið sæla 15. sept. 1910 til allra umboðsmanna stúkanna, sem var prentað sem handrit og sent til hvers eins í ábyrgðarbréfi.

Nú héldu andbanningar því fram, að stórstúkan, sem naut landssjóðsstyrks, mætti á engan hátt sýna á sér neinn stjórn málabla („vera pólitísk“), en annað eins og þetta var í þeirra augum nægilegt til þess og meira en það, að þingið svifti hann öllum styrk. Bréfið komst svo með einhverjum undarlegum og flestum óskiljanlegum hætti, þó einkamál væri prentað sem handrit og sent út í ábyrgðabréfum, í hendur þáverandi ritstjóra ofstækis-andbanninsblaðsins „Ingólfur“, Gunnars Egilsens, sem prentaði það orðrétt í blaðinu og ætluðu þá öll fjöll að rifna!.

Framkvæmdanefndi þvoði hendur sínar rækilega og ég varð, sem og rétt var, að meðganga krógann! En þær smánir sem yfir mig dundu bæði í ræðum og ritum út af þessi gjörræði mínu, urðu til þess, að ég hét því fyrir mig, að ég skyldi ekki framar koma nærri stórstúkunni, heldur segja af mér á næsta vori, en þangað til væri sjálfsagt að bíða dóms stórstúkupingsins. Ég gaf því yfirlýsingu um, að ég ætti einn sök á þessu og enginn annar úr framkvæmdanefndinni. Stórstúkupingið sýknaði mig – sem mér var reyndar engin þægð í – eða „lét við svo búið standa“eins og svo oft er sagt, þegar

eitthvert klúðursmál er á ferðinni, sem enginn vill eiga sök á og allir vilja að lognist út af. Margir voru þeir í stórstúkunni og utan hennar, sem lögðu allhart á sig í því að semja þessa yfirlýsingu mína og leggja mér orð í munn hvernig heppilegast væri „að orða hana“, þ.á.m. Jón Árnason, Þórður Thoroddsen, Indriði Einarsson og síðast en ekki síst, Árni Jóhannsson, sem svo fór að lokum, að ég samdi hana einn á eigin spýtur og lét kylfu ráða kasti með það hvernig henni reiddi af, en það fór á þann veg sem áður er sagt og undir því og mundi því enginn vera nema ég sjálfur: Ég vildi nefnilega að framkvæmdanefndin gengist við bréfinu að því leyti, að það væri alls ekki andstætt vilja hennar og álit, þó ég hefði samið það og sent á mína ábyrgð, enda var þetta í samræmi við það sem nefndin hafði látið í ljósi við mig um haustið. Ég hélt því nefnilega ávalt fram, að bréfið eða tillögur mínar væru ekki pólitískar, heldur aðeins bending um heppilegra tollfyrirkomulag en það sem Björn Kristjánsson var með, en þar sem bréfið jafnframt var áskorun til allra templara um að fylgja mínum tillögum en ekki hans, þótt ýmsum of langt gengið í pólitísku áttina og því stóð ég einn og vildi heldur að stórstúkan bryti af sér hylli alþingis hvað styrkveitinguna snerti, en að ganga frá skoðun minni, enda fannst mér ekki svo mikið í þennan styrk varið, fyrir hans sök ættu allir templarar í landinu að láta múlbinda sig, hverrar skoðunar sem þeir annars voru í landsmálum. En nóg með það! Ég var undir og hafði skömm af (eða öllu heldur á) öllu saman!

Þegar að því leið, að fara átti að hugsa um framkvæmdanefnd stórstúkunnar á stórstúkubinginu á Seyðisfirði, en þangað varð ég vitanlega að fara, til að skila af mér, var hver höndin uppi á móti annarri um valið á Stór-templar og skiptust menn uppi þar að jöfnu eftir pólitískum skoðunum! Þá var „tíkar skömmin“ sem öllu réði: Sumir vildu fyrir hvern mun kjósa Halldór Jónson bankagjaldkera, aðrir voru ólmir að fá Indriða Einarsson. Símskeytin gengu oft á dag í tvo eða þrjá síðustu dagana milli beggja flokka á Stórstúkubinginu á Seyðisfirði og milli helstu manna í miðstjórn þeirra í Reykjavík, jafnt andbanninga sem bannmanna og templara og hótuðu hverjir öðrum að ef Halldór kæmist að, þá segðu Indriðamenn sig úr og fengju alla aðra á móti sér; vitanlega var svo einnig ef Indriði kæmist að. En aðra var ekki um að tala, því enginn vildi gefa sig til og engir aðrir höfðu fylgi. Einhverjir nefndu það við mig, að „líkastur væri ég nú samt til að leysa hnútinn ef ég vildi gefa kost á mér“, en ég þvertók fyrir það með öllu og svo var horfið frá því og farið að „pæla út kortið“. „Hver væri hugsanlegur? Enginn! Reglan er dauðadæmd“ sögðu menn. Svona illt öngþveiti höfðu þeir ekki komist í! Ég mundi heitstrengingu mína og haustið áður. Svo var það, kvöldið áður en við ætluðum með skipinu frá Seyðisfirði, að allt var tilbúið, öllum störfum lokið nema – að kjósa framkvæmdanefndina! Það stóð allt við það sama: Engan hægt að fá! Allt í vandræðum! En að fara heim án þess að nokkur framkvæmdanefnd væri kosin? Óbærileg smán! En að kjósa annan hvorn Halldór eða Indriða og láta sjá til hvers það yrði? Nei! Flokkarnir svo harðvítugir og pólitíkin svo grimm, að þó færi nú fyrst allt í bál og brand! Vildu þeir þá hvorugur gefa kost á sér? Jú, fyrir alla muni að verða kosnir og þeirra menn þar og í Reykjavík, hvors um sig, vildu fá sinn Halldóru eða sinn Indriða kosinn; bara ekki Halldór og bara ekki Indriða, heldur bara Halldór og bara Indriða! Svona létu fylgismenn þeirra þar eystra og í Reykjavík. – Kl. var orðin hálf tólf. Vildi þá svo til að Pétur Zophoníasson hitti mig á götu og segir: „Nú verður þú, Jón Pálsson, að gefa kost á þér til að verða Stór Templar, ella er reglan í veði og það skaltu vita, að þú berð ábyrgð á því, en þú neitar

okkur enn, því nú er svo komið að allt stórstúkupingið vill það, og sér að annað dugir ekki“. Ég sagði aftur og aftur nei, en Pétur hélt áfram að biðja og jafnvel hótta uns kl. var orði 12 1/2., að ég sagði: „Ég hef aldrei sagt já við neinu enn, sem mér eins nauðugt og þetta er, en það er aðeins velferð málsins, velferð Reglunnar, sem segir mér nú að segja já!“ Og ég sé ekki eftir því nú, eftir að hafa athugað málið nánar: „Hvað blett, alveg óverðugan, hefði það eigi sett á Regluna hefði Halldór Jónsson verið kosinn, sem sakaður var – að mín álit þó alveg saklaus – um stórfelldan glæp? Þá hefði óvinir Reglunnar fengið þægilegt vopn, kærkomið umtalsefni: Að æðsti maður Reglunnar væri þjófur. En hvort hann var það, eða ekki vona ég að geta sýnt fram á síðar í þessari bók. Ef mér endist ekki líf eða aldur til að láta uppi eindregið álit mitt í því efni, skal ég aðeins geta þess nú, að ég hefi verið, er og verð alla tíð hjartanlega sannfærum um það, að Halldór Jónsson bankagjaldkeri var algjörlega saklaust af því að hafa tekið fé að ófrjálsu, eða verið, sem óvinir hans kölluðu það og vildu vera láta: Þjófur“.

Hvað svo sem rannsókn þess máls líður og hvaða dóm sem á það var lagður, get ég fyrir guði og samvisku minni vottað að þetta er sannfæring mín, enda veit ég sennilega meira um það mál og gang þess allan, en nokkur rannsóknardómari fékk að vita. Það er aðeins einn núlifandi maður, sem veit hvernig það mál var, hvernig hann vildi að það væri og hver þau málalok yrðu, þó þau yrðu ekki eins gleðileg fyrir hann, eins og hann óskaði og ætlaðist til, en sá maður heitir: Björn Kristjánsson!

Nú er Halldór Jónsson dáinn. Málalokin urðu honum, sem von var hörðustu vonbrigði og því flýttu þau svo mjög dauða hans, sem raun varð á. Hann var enginn vinur minn og þarf ég þess vegna ekki að bera honum söguna betri en hún var. Ég var með honum í bankanum frá ársbyrjun 1910 til þess að honum var vikið frá í febr. 1912. Við töluðum sjaldan saman og oft var það að hann talaði til mín, þá sjaldan það ver, með þurra rembingi og jafnvel niðrandi tón, því hann hafði mikið álit á sér og lét á því bera að hann var yfirmaður minn, en ég undirmaður hans; þá var tal jafnan græskulaust og án skammaryrða, hitt duldist mér ekki, að hann áleit mig ekki mikinn mann, sem og ekki var hjá sér eða hans líkum. Hann var stór og hreinn í lund, og hafði gegnt embætti sínu í fullan aldarfjórðung og var í miklum metum, ekki síst meðal heldri manna í bænum og víðar, enda „lærður guðfræðingur“, en það hafði ekki svo lítið að segja a.m.k. á fyrri hluta embættisrækolu hans; hann var í mörgum félögum í bænum og ótal nefndum, ég held 16 eða 17 alls og hafði hugann öllu meira á því en embættisstörfum sínum sem voru ærið erfið og umfangsmikil.

Þegar ég kom heim af stórstúkupinginu á Seyðisfirði, komu margir kunningjar mínir til mín, tóku í hönd mína og óskuðu mér „til lukku!“ Nema hvað! Þó voru það tveir menn í bankanum sem ég sá fljótt á, að ekki voru ánægðir með eitthvað, en hvað, vissi ég ekki: Þeir óskuðu mér ekki til lukku og sögðu fátt. Það voru þeir Guðmundur Loftsson og Árni Jóhannsson og ég fann fæð á þeim báðum fram á haustið, þó tæplega svo lengi hjá Guðmundi, enda er hann víst ekki langrækinn. En hvað var að? Hvað hafði ég gert, eða

sagt? Það var mér hulið, þangað til í október um haustið að svo bar við, þá er ég var að ljúka störfum mínum eitt kvöldið og G. Loftsson situr andspænis mér við borðið, að mér kemur í huga að Árni Jóhannsson er þá hefur verið nokkur kvöld fjarverandi. Ég spyr því Guðmund Loftsson: „Hvar er hann Árni Jóhannsson? Hann hefir farið óvenjulega snemma úr bankanum nokkur kvöld; er hann lasinn?!

„Veistu það ekki? Hann er að bjarga þessum vesalings dreng sínum, sem liggur í rennisteininum á hverju kvöldi“.

„Hann Theódór? Drekkur hann?!

„Hvað er þetta maður! Veistu það ekki?“

„Ónei, ég sé hann aldrei og hef engan heyrt talað um það“

Var svo því talið slitið.

Nokkrum kvöldum síðar, er ég einn með Árna inni í bankanum sem segi við hann í mesta grandaleysi og í einhverjum meðaumkunartóni:

„Heyrðu Árni! Hvernig er það, drekkur hann Theódór?“

Hleypur þá Árni upp eins og naðra og segir

„Þetta er þér líkt, helvítis asninn þinn og vesalingur; Þú sýnir hver maður þú ert og hvaða embætti þú hefur að gegna, síðan þú gast klínt þér í að vera Stór Templar. Skammastu þín ekki, bölvað hræið þitt?“

Ég varð alveg forviða, áttað mig um stund og hugsaði sem svo: Þarna liggur hundurinn grafinn; það er „Stór Templarinn“ sem á alla sökina á óvildinni síðan í sumar, en svo sagði ég:

„Ertu svona vitlaus Árni, að hugsa, að nokkur Sór Templar geti skipt sér af því þó einhver strákræfill líkist honum föður sínum? En það get ég sagt þér, að hefði ég vitað að hann Theódór drykki þá hefði ég engu síðar viljað hjálpa honum þó ég væri ekki Stór Templar. Ég veit ekkert um drykkjuskap hans fyrr en hann Guðmundur Loftsson sagði mér það núna fyrir fáum dögum. Og svo hljóp Árni að mér, steytti hnefann framan í mig og öskraði upp: „Þý lýgur því, helvítið þitt“ og rauk út, en áður hann komst til dyra sagði ég svo hátt að hann heyrði: „Nú sé ég hver þú ert Árni, en þú skalt ekki halda að ég sé Seyðfirsk vinnukona, sem þú ræður við og þú fær komið af vegi þínum og annarra án allra saka“

Þetta held ég, að sé byrjunin á því og upptökin til þess, sem síðar kom fram og síðar verður vikið að.

En hví var „Stór Templarinn“ honum slík hneykslunarhætta? Engin leið fyrir mig að skilja það, nema öfundin ein hafi sest svona hastalega að honum. Þessi líka vegtylla! „Stór-Templar! ekki nema það og hafa sjálfur „klínt þér í að verða það!“

Upp frá þessu talaði hann ekki eitt orð til mín, nema örgustu skammir og skæting, hver sem til heyrði, en ég svaraði honum engu, nema því að minna hann á „Vinnukonuna á Seyðisfirði“ og hann „Árna, sem að ekki stal“. Þetta vissi ég að voru honum viðkvæmnis-svör hin mestu, en þar kom stríðni mín fram í fullum mæli, án þess að gæta að

afleiðingunum, sem skyldi, og fékk ég, eins og oftast að kenna á þessu skapbresti mínum. Og upp frá þessu áleit ég að Árni væri hatursmáður minn, sem byggði yfir sárri hefnd og sem mér bæri að varast eins og sjálfan fjandann. Ég gætti þess, að áreita hann aldrei að fyrrabragði, en var viðkvæmur fyrir hver konar móðgun frá hans hálfu og erti hann þá og særði, sem ég hafði vit til, því nú fyrirleit ég hann af öllu hjarta og hugsaði mér, að ég skyldi aldrei láta hann fá höggstað á mér. Ég sá, að Björn Kristjánsson mat hans mikils og var mér það að vísu meinalaust, en því frekar varaði ég mig á þeim báðum.

Ég renndi grun í, að hér væri tvö ill öfl sameinuð og yrði þeim stefnt að mér, mætti ég við illu einu búast. Ég sá, að þeim var lítið um, að ég kæmi mér við samverkamenn mína og síst við Björn Sigurðsson bankastjóra, hann var mér ávalt ljúfur og leiðbeinandi í öllu. Ég sá, að það glaðnaði yfir Árna, er ég sætti aðfinnslum viðskiptamanna og sérstaklega ef ég, sem stundum varð, svaraði þeim fullum hálsi, þó aldrei vissi ég til að það ætti sér stað, nema ég væri rangindum beittur eða ósatt sagt um mig og verk mín eða þeirra, sem með mér unnu. Þess vegna gætti ég mín, þó aldrei væri sem skyldi.

Það var kvöld eitt, þá er rannsóknin í máli Halldórs sál. Jónssonar var nýbyrjað, að sendimaður frá bankanum kom heim til mín í Traðarkotssund 3, þar sem ég bjó, með þau skilaboð frá bankastjórninni, að hún vildi finna mig. Ég fór, og er ég kom í bankann hitti svo á, að mæti Birni Kristjánssyni bankastjóra í dyrunum og var hann að ganga út, en er hann sér mig segir hann með talsverðum stunum og þjósti: „Þar komið þér! Það ætti ekki að þurfa að senda eftir yður á þeim tíma sem menn eru hér almennt að vinna í bankanum, En komið þér samt inn“.

Á meðan við gengum inn í bankastjórnar herbergið, sagði ég: „Mér var ókunnugt um að menn væru að vinna hér, svo seint, kl. er orðin hálf-níu, en ef ég á eitthvað að gera, þá er svo sem sjálfsagt að gera það“.

Lýkur Björn Kristjánsson þá upp bókaskáp og tekur þar út eina af dagbókum gjaldkerans og sá ég að hún var nokkurra mánaða gömul, þ.e.r: Það sem síðast var skrifað í hana var frá því um vorið 1911.

„Það er þetta þjófnaðarmál gjaldkerans, sem við erum að reyna að fá einhvern botn í...“

„Þjófnaðarmál?“ segi ég og var hálf hvumsa við.

„Já, þér vitið það líklega eins og fleiri, að Halldór Jónsson hefir falsað bækurnar og stolið ógrynna fjár, en hver miklu vitum við ekki enn“. Nú var hann orðinn mjög blíður og bætti við: „Þér skuluð nú reikna út alla vexti af víxlum og ávísunum í þessari bók – það eru aðrir með hinar bækurnar og skrifa upp öll feil sem þér finnið, bankanum í óhag“.

„Á ekki að fást um annað en það sem er bankanum í óhag?“ spurði ég.

„Jú, vitanlega, líka það sem er viðskiptamönnum í óhag, því hann hefir þá stolið frá þeim líka!“

„En getur þá ekki skeð að hann hafi reiknað sér eitthvað í óhag? Eða á ekki að taka allt til greina?“

Var B. Kr. þá eldraður í framan og stundi mjög og sagði: „Hvað er þetta maður? Haldið þér að hann bendi ekki á það sjálfur, ef eitthvað hefir hallast á hann! Þér skiljið þetta ekki! Eða hvað?“

„Jú, ég skil það vel, en ég vil vita hvað ég á að gera!“

„Nú, ég er búinn að segja yður það, og svo getið þér byrjað.“

Fór hann síðan út, og sá ég hann ekki oftari það kvöld, því Richard Torfason kom um kl. 11 og tók þá við bókinni og læsti hana inni í skáp og sagði um leið: „Funduð þér nokkuð?“

„Það var nú lítið“ sagði ég, „en ég er nú ekki langt kominn“.

Kvöldið næsta kom ég kl. 7 3/4 og afhenti B. Kr mér bókina og sagði:

„Funduð þér nokkuð í gærkvöldi, Jón minn?“ og var nú eins og hann ætti í mér hvert bein. Mér er óhætt að segja að þetta var í fyrsta og líka í síðasta skipti sem hann ávarpaði mig með því að segja „Jón minn“!

Ég svaraði spurningu hans þannig: „Sama sem ekkert! Aðeins nokkra aura í útreikningi á 4 eða 5 víxlum og það í hag bankans“. „Já“ sagði hann ákafur, en því er sjálfsagt að sleppa, það er ekki vert að skrifa það upp“.

Í því bili kom Árni Jóhannsson inn með bók í hendi og sýnir bankstjóranum. Segir þá Björn Kristjánsson og yppti öxlum af ánægju: „Þarna höfum við það! Nú skal hann ekki sleppa! Hann er þjófur! „en hafa hinir fundið nokkuð“ segir hann við Árna, um leið og þeir gengu fram að dyrunum og heyrði ég ekki svarið. Við dyrnar stóðu þeir svo sem 10 mínútur og töluðu hljótt saman, uns Árni gekk út, en Björn hlammaði sér niður í hægindastól hjá mér, stundi þungan, tók upp dósirnar og rétti þær að mér, til að bjóða mér í nefnið.

„Nei takk! Ég tek aldrei í nefnið!“

„Nú, jæja ekki það! Það getur nú verið, ah! ah!“ „Það er seinlegt verk að tarna“, segi ég, meðfram til að rjúfa þögnina. „Ég skil ekki að hann Halldór hafi verið fljótur að leggja allar þessar tölur saman; þær eru allar þvers yfir bókina. Maður verður helst að skrifa þær allar upp til að geta lagt þær saman. Ég hefi aldrei séð svona reikningsfærslu“.

„Ha? Hvað? Kunnið þér þá ekki að leggja saman? Hvað er þversum hjá yður? Ef það er rétt reiknað, þá er saman hvernig það er sett“ segir hann og var nú bæði eins og annars hugur og talsvert æstur.

Ég vildi svo ekki teygja það tal lengur, enda sá ég að það yrði til þess að ergja hann. Svo gengur hann út og inn í annað herbergi, þar sem ég sá að þeir sátu, Árni Jóhannsson, Richard Torfason, Pétur Zophoníasson og einhverjir fleiri niðursokknir í bækur. Ég hugsaði sem svo: Hví er mér gert svona hátt undir höfði að láta mig einan hafast hér við? Í bankastjórnarherberginu! Svar við þessu fékk ég síðar.

Þriðja kvöldið kom ég um sama leyti og hið fyrra. Kemur þá Björn Kristjánsson á móti mér og segir byrstur mjög:

„Það er óþarft að þér séuð að glugga í bækurnar hérna! Þér skiljið ekki það sem þér eigið að gera að viljið ekki skilja. Við höfum enga þörf fyrir þau mein sem sýna hlutdrægni! Þér megið fara!“

Hafi ég nokkurn tíma á ævinni orðið feginn að losna við að vinna ógeðfellt verk, þá varð ég það í þetta sinn og fór í snatri út og heim og snerti ekki á þessu verki framar. En nú fékk ég svarið: Björn Kristjánsson hefur þótt vissara að líta sjálfur eftir mér, svo að hann gæti sé hvort ég sýndi „hlutdrægni“.

Eftir þetta fylgdist ég nokkurn veginn með rannsókninni meðan hún var í bankanum, án þess ég tæki neinn þátt í henni frekar en um er getið, en ekkert vissi ég með sanni um það, hvort B. Kr. flutti bækurnar heim með sér á kvöldin eða ekki, aðeins heyrði ég menn í bankanum og utan hans vera gauka eitthvað með það.

Eitt atriði var það í þessu máli, sem mig furðaði stórum á, og því meir, sem lengra frá líður, einkum sökum þess, að ég nú á síðari árum hefi ekki fengið upplýsingar um það¹ með hvítum vökva, sem leysti upp blek eða skrift af blaði svo að pappírinn var jafn hvítur sem aldrei hefði verið neitt á hann skrifað. Ég man að Pétur Zophoníasson sýndi mér glasið með vökvanum í, og hann lét mig sjá áhrifin, sem hann hafði: Hann tók bæði nýskrifað blað og gamal-skrifað, holti nokkrum dropum yfir skriftina. Á sama augabragði, máske eftir 2-3 sekúndur, var öll skrift horfin og pappírinn jafn hreinn og fagaður sem hefði hann aldrei snertur verið ég hefi síðan spurt Pétur Zophoníasson hvernig þessu hafi verið varið, en hann segist ekki muna til að hann hafi séð eða vitað um neinn slíkan lög í bankanum, hvorki fyrr né síðar. Ég man hvar við Pétur stóðum, hvenær dags þetta var og að ég sá það tvívegis: Við stóðum við annað púlt, eða það púltið sem sparisjóðurinn var afgreiddur við, og yst á enda púltsins, sem nær var diskinum. Í bæði skiptin var þetta um miðaftanleyti og við ljós. Glasið tók á að giska 1/4 líter, og hefi ég hvorki séð það síðan né heyrt menn tala um, að það sé nú neinsstaðar til. En hvaðan kom blöðunum sú vitneskja, að Björn Kristjánsson hefði haft einhvern slíkan lög um þetta leyti og mæktu því á hann, að hann hefði ef til vill verið að breyta tölum bankabókunum heima hjá sér (á Hól) á kvöldin? Þetta minnir mig að blöðin (hvaða blöð man ég ekki) væru að dylgja með á þeim tíma. Máske þetta allt séu draumórar og læt ég aðra um að grafast fyrir um það, en á því stend ég fastar en fótunum, að glasið og áhrif innihalds þess (vökvans) sá ég.

„Hvað hefurður fyrir þér í því að Halldór Jónsson hafi ekki dregið sé frá frá bankanum við viðskiptamönnum hans eða m.ö.o. ekki verið þjófur?“mætti spyrja.

Svar mitt er þetta.

1. Halldór Jónsson reiknaði alla vexti af víxlum og ávísunum aleinn; það athugaði eða endurskoðaði enginn.
2. Hann skrifaði allar slíkar tölur hverja út af annarri frá vinstri hendi til hægri, t.d. þanni: 78,94-89,68, 146,97-17,42 os.frv. en ekki í dálka hverja niður af annarri; þegar nú slíkar tölur er máske í mörgum línunum, 20-30 tölur í hverri, sést hve seinlegt það er og áhættusamt að leggja þær rétt saman og miklu erfiðara en ef þær væru skifaðar í dálka. Þetta viðgengst enn í dag í bankanum, til um Disconto og Provision af ávísunum og hefi ég oft, já nær daglega vandað um þetta og beðið um að því væri breytt, en enga áheyrn fengið: Það þykir spara rúm í bókunum.

¹ Nú hefi ég séð þvílíkt glas með vökva þessum hjá Hallgr. Jóns. í Miðb. skólanum og er nafnið C.H.Bielefeldt, Bog og papirforhandel, Köbmagersgade 24.“„Verkanirnar“sá ég og reyndar er ég las um þetta. H.: Cradicator for Paper and Clothing, always reliable, nú sannfærður um að B. Kr. notaði þennan vökva til að breyta tölum eftir Halld. Jónsson mig minnir, að hann hafi neitað þeim áburði í blöðum? eða fyrir rétti. 21/5.1936 J. P.

3. Halldór Jónsson kom aldrei í bankann að morgni fyr en upp var lokið, var allan daginn ærður af annríki og rokinn út úr bankanum á sömu mínútu, sem honum var lokað.
4. Hann var í mörgum félögum, ótal nefndum og mætti þar manna best.
5. Hann fékk enga aðstoð við störf sín hversu mikil sem þau voru, nema þá er hann gat kallað á Jón son sinn eð Pétur Zophoníasson til að gegna fyrir sig ef hann þurfti að bregða sér frá, en þeir höfðu hvor um sig meira að gera en svo, að þeir gætu farið frá þeim, nema aðeins fáein augnablik, enda bannaði Björn Kristjánsson þeim að veita Halldóri Jónssyni nokkra hjálp og yfir höfuð öllum þeim sem í bankanum voru. Það eru því beinlínis ósannindi, sem Björn Kristjánsson, eða bankastjórnin segir í umsögn sinni um þetta mál: „Halldór Jónsson (eða gjaldkerinn) fær meiri hjálp við störf sín, en hann þarf eða hefir beðið um!“
6. Af framansögðu sést, að Halldór Jónsson hafði svo miklu meira annríki og störf í bankanum og utan hans, að það er naumast sanngjarnt að ætlast til að hann hafi getið lokið þeim einn og án aðstoðarmanna.
7. Hann var sárþreyttur og taugaveiklaður orðinn af löngu og ströngu erfiði og stóð í sífelldum stjórn málaerjum á móti Birni Kristjánssyni: þeir hötuðu hvor annan og töluðu aldrei saman, svo ég vissi til, í þau tvö ár sem ég var með þeim báðum saman.

Ég er sannfærður um að Halldór Jónsson hefir aldrei vitað eða gjört sér neitt far um að vita, hvernig sjóðnum leið. Ég man ekki til að endurskoðunarmenn bankans teldu hjá honum, en hafi það verið, þá var vitanlega hægt fyrir hann, svo vel efnum búin mann, að sletta dálítilli, og henni ekki svo smárri upphæð í sjóðinn, að hann reyndist nægur. Vitanlega hefðu slík viðskipti ekki geta talist hrein.

Ég skal t.d. geta þess hér, að í þrjú fyrstu árin eftir að ég varð gjaldkeri Landsbankans, varð ég að biðja endurskoðunarmanninn að telja hjá mér, tvisvar á ári. Þetta gjörði ég sjálfs mín vegna, til öryggis fyrir mig sjálfan. Annars er ég sannfærður um að þeir hefðu aldrei talið!

Annað dæmi get ég bent á, sem sýnir eftirlitsleysið: Ég átti að setja tryggingu fyrir starfi mínu (10. þús. kr. veð) frá 1. mars 1912 til 6. sept. 1915 eða í 3 ár og nærri 7 mánuði var það vanrækt, bæði af bankastjórn og stjórnarráði að tryggja bankanum slíkt veð, og það var ég sjálfur sem fór í byrjun júní mánaðar 1915 upp í stjórnarráð og heimtaði að Klemens Jónssyni, að hann byggi út ábyrgðarskjal fyrir mig til að skrifa undir! (15. júní 1915!)

Hvernig mundi hafa farið fyrir mér þrem mánuðum síðar, eða eftir miðjan desember það ár, þá er ofsóknirnar hófust á hendur mér, hefði ég þá tryggingu verið búinn að setja fyrir starfi mínu? Bankastjórnin fann á „minna gran(d)í mati sínu“.

Það var kæruleysi Halldórs Jónssonar sjálfs viðvíkjandi sjóðnum, en þó sérstaklega eftirlitsleysi bankastjórnarinnar að kenna, að hann var sakfelldur í þessu bankamáli, sem vitanlega var fylgt eftir með harðri hendi af Birni Kristjánssyni, einungis til þess að losna

við hann, með sem mestri svívirðu, sem pólitískan móstöðumann og Björn Kristjánsson vann sigur!! Með hatursfullum ofsóknum og öllum þeim launráðum sem honum eru lagin, tókst honum að brennimerkja Halldór Jónsson með brennimerki óráðvendinginnar og það reið honum að fullu Jafn stórlyndur maður og mikilsmetinn þoldi ekki slíkan bruna á æru hans og áliti og því síður fyrir það, að sá sem brennimarkinu hélt og veitti honum pólitískan bruna- og bana-sárið, var ofsóknarmaðurinn alkunni og hatursmaður hans, Björn Kristjánsson!

Þess er áður getið hér að framan, hvenær og með hverjum hætti ég komst að störfum í Landsbankanum.

Fyrsta verk mitt í bankanum var það, og enda ávalt síðan þangað til ég varð gjaldkeri bankans, að gegna sparisjóðsstörfum; féll mér það vel og ekki síst að flytja á milli bóka, þ.e. að færa úr gömlum höfuðbókum nöfn manna, inneignir o.s.frv. Á þeim tíma held ég að rithönd mín – sem margir hafa kallað áferðarfagra og góða – hafi veri einna best, enda vandaði ég mig þá stundum sem best ég gat. Ég man, að í höfuðbók sem merk var með bókstafnum V (vaff) og máské fleiri, þótti nöfnin vel skrifuð. En þess get ég hér til að sýna ofurlítinn hégómaskap, því áreiðanlega er ég ekki sneiddari honum en aðrir.

Fór jafnan vel á með mér og starfsfólki bankans, að undanteknum Árna Jóhannssyni og vitanlega Birni Kristjánssyni, eins og áður er getið, þó eiginlega aldrei skærast í odda milli mín og hins síðarnefnda fyrr en eftir að ég varð gjaldkeri.

Mig minnir að það væri fimmtudagskvöldið 29. febrúar 1912, er ég var enn í bankanum, að ég fékk skilaboð frá Kristjáni Jónssyni, sem þá var ráðherra og staddur upp í Stjórnarráði, að finna sig að máli sem fyrst. Ég fór og tók ráðherrann mig til á þessa leið: „Eins og kunnugt er, hefir gjaldkera Landsbankans, Halldóri Jónssyni, verið vikið frá starfi sínu í bili, eða a.m. meðan mál hans er rannsakað. Munduð þér nú ekki treysta yður til eða vilja taka starf hans að yður og láta „setja“ yður sem gjaldkera í hans stað á meðan, með því móti að hafa hálf laun hans, sem öll eru 2400 krónur á ári og hálf mistalningarfé sem er hérumbil annað eins, eða lítið eitt meira, en bera þó sjálfur alla ábyrgð á starfinu?“

„Mér kemur þetta nokkuð á óvart“ sagði ég, „en hafið þér ekki augastað á einhverjum öðrum, sem lengur er búinn að vera þar en ég og því kunnugri, t.d. Jóni Halldórssyni, Pétri Zophoníassyni eða Guðmundi Loftssyni, eða þarf ég að gefa ákveðið svar um þetta nú í kvöld?“ Ráðherra sagði:

„Ég var búinn að skipa Guðmund Loftsson, en hann bað mig að leysa sig undan því; um hina eða aðra er ekki að ræða, en um ástæðu fyrir því þurfið þér ekki að vita: Þær eru einkamál, sem mér kemur einum við og varið þarf ég að fá ákveðið áður en ég fer héðan (úr Stjórnarráðinu) í kvöld.“

„Jæja, það er þá best að ég reyni það“.

„Þakka yður fyrir, þér fáið þá skipunarbréfið svo fljótt að þér getið byrjað á morgun“ sagði hann og varð sýnilega glaður við svar mitt, og bætti svo við: „En ég verð að taka það fram við yður að í þessu fellst ekkert loforð eða fyrirheit um það, að þér fáið þetta starf síðarmeir, ef það kynni að verða laust, svo að skipaður verði fastur gjaldkeri, því bæði er

það, að óvíst er nema Halldór Jónsson geti tekið við því aftur og svo hitt, hver þá ræður hér, því ekki verð ég hér að eilífu“og brosti við.

„Ég fer ekki fram á neitt loforð eða fyrirheit um neitt, en verð að sjálfsögðu að óska þes að sjóður bankans sé talinn í hendur mér, áður en ég tek við honum og að ég fái alla þá hjálp og leiðbeiningu við starfið, sem ég tel mér nauðsynlega“

„Já, sjálfsagt! Ég skal láta afhenda yður sjóðinn og biðja bankasjórna að veita yður alla þá hjálp sem þér þurfið með“.

Ég kvaddi svo ráðherrann og fór í bankann aftur, en þunglega sagðist mér hugur um það sem ég hefði lofað: Vonaði, og var enda viss um, að þetta yrði ekki langur tími.

Launin sjálf voru eins og laun þau, er á hafði (1200 kr) en það var mistalningarféð; mundi það hrökkva til á móti áhættunni?

Tók ég svo við gjaldkerastarfinu næsta dag eða daginn þar á eftir og tapaði aldrei neinu, en þess strengdi ég hei, þá strax um kvöldið, að ég skyldi aldrei skilja svo við sjóðinn að ég ekki vissi á hverjum degi hve mikill hann var, að ég skyldi aldrei grípa til eins eyris úr honum hversu mjög sem mér lægi á því, að ég skyldi aldrei meta óvináttu annarra manna meir en virðingu mína fyrir starfinu og hag stofnunarinnar og engum sýna óþarfa kurteisi á kostnað hennar. Þó ég hins vegar vildi reyna að gjöra öllum mönnum rétt til og sýna þeim kurteisi, þ.e.a.s. ef þeir ekki áreittu mig að fyrra bragði eða gerðu tilraun til þess að hindra þessi áform mín í neinu. En þau áform hefi ég haldið trúlega þó stundum yrðu þau mér dýr, eins og síðar verður að vikið. Við þessa heitstrenginu mína datt mér m.a.a þetta vers í hug:

„Vogaðu ei fyrir vinskapi manns
að vinna hvað órétt er,
Því Guðs er aðeins en ekki hans
yfir að dæma þér“

Þess skal getið, að Björn Sigurðsson bankastjóri var mér bæði einkar góður og leiðbeinandi í öllu. Það var hann, sem tók ávalt allar bendingar mínar til greina, m.a. það að fá grindur í kringum „kassann“og í borðið og komst svo langt, að hann mældi það allt út með mér og gekkst fyrir því 1914 um við að pantaðar voru grindurnar frá Ameríku (L. Kaaber) en þær komu samt ekki fyrr en 11 árum síðar! 1925. Þetta ma. sýndi hve erfitt ég átti uppdráttar með ýmsar umbætur er að starfi mínu laut. Ég sá brátt, að ýms fylgiskjöl („nótur“) voru nauðsynlegar, t.d. með víxlum, fyrir úttekt og innlögnum í sparisjóð, þannig að viðskiptamenn fengju aðra víxlnótuna en ég héldi hinni til samanburðar við dagbókina, ef leita þyrfti að skekkjum o.s.frv., að viðskiptamenn í sparisjóði skrifuðu undir nótu þá er þeir tækju út (og endurleggðu inn) svo, að ef einhver ætlaði að stela úr bók annars manns, sæist nafn hans eða rithöndin þekktist, ennfremur nótur með vaxtamiðum og yfirhöfuð öllum viðskiptum er fram færu í bankanum, en þá afgreiddi ég allt einn, sparisjóð, veðdeild, ásamt öllu öðru og voru það venjulega yfir 40 Conti, er komið gátu til greina daglega. En svo fór í fyrstu, með að fá þessar nótur, að ég varð sjálfur að borga kostnaðinn við prentun þeirra! Nú eru þær fyrir löngu taldar sjálfsagðar.

Þess má geta, að það var ég sem loks fékk því til leiðar komið, að ávísanabækur voru gefnar út, sbr. reglugjörð 15. janúar 1915, 1. gr. 3. málsgrein, enda gat ég bent á dæmi, sem sýndu að þeirra var þörf. Var það Björn Sigurðsson sem kom því í framkvæmd, þvert á móti vilja Björns Kristjánssonar.

Ég hafði oft orðið að taka erlenda smámynt, þýska nikkelpeninga, franska eirpeninga og yfir höfuð allt rusl, sem menn vildu losa sig við. Vitanlega var þetta keypti lítið eitt lægra en gengið var á því, sem þá var miðað við gull, t.d. þýsk mörk voru nál. 89.40 voru keypt á 89.25. Frankar sem voru 72 kr.; hver 5 aurar voru keyptir á 6 aura o.s.frv. Því var það að Björn Sigurðsson margítrekaði það við mig, að þennan fjanda skyldi ég ekki vera að kaupa: Það svaraði ekki kostnaði að senda það út, á því væri rentutap o.s.frv. en hann var mjög nákvæmur um allt slíkt og jafnvel smásmugulegur. Það gladdi mig því eigi lítið, er hann kom einhverju sinni til og sagði mér – mig minnir að það væri á liðnu sumri 1913 – en þá hafði ég nær 800 krónur í þessu dóti – að nú ætlaði Björn Kristjánsson utan og tæki nú alla erlenda mynt til að selja hana þar. Ég skyldi afhenda alla slíka smámynt, með því verði er ég hefði keypti hana fyrir og færa það bankanum (eða sjóðnum) til tekna, án nokkurs hagnaðar, því ef hann yrði einhver, myndi Björn Kristjánsson skila honum er hann kæmi aftur. Ég afhenti smápeningana og fékk innkaupsverðið, en „hagnaðinn“ sá ég aldrei og ég held bankinn ekki heldur, en hann hefur sennilega enginn verið (?). Að því búnu bannað Björn Sigurðsson mér að kaupa „slíkt rusl“ oftar. Ég áleit mig skyldugan til þess, en hann kom fjarri því, nema þá upp í innheimtur, en það yrði aldrei mikið að bærisk með því móti. Eitthvað keypti ég nú samt eftir þetta a.m.k. neitaði ég aldrei að kaupa það, ef ég sá að sá er seldi vildi losna við það, t.d. þeir, er áttu að greiða innheimtu í sömu mynt og peningarnir giltu fyrir, enda töldu sumir, að bankinn gæti ekki neitað slíkum greiðslum. Afleiðingin af þessu varð:

Í fyrsta lagi einn kæruliðurinn í kæru bankastjórnarinnar á hendur mér í des. 1915, en þar segir, að ekki sé unnt að nefna þann skaða er ég hafi bakað bankanum með því að neita! að kaupa erlenda mynt eða eitthvað á þessa leið og hafi bankastjórnin þá sennilega haft „hagnaðinn“ sem Björn Kristjánsson hafði áður fyrir augum!!

Í öðru lagi féll gengið á erlendri mynt svo að t.d. á þýskum peningum, að ég var fyrir um 1300 króna skaða sjálfur í byrjun febrúarmánaðar 1926, er ég skilaði af mér sjóðnum í hendur eftirmanns míns, sem neitaði með öllu að taka slíka mynt á nokkurn hátt til greina. Ég varð að leysa það allt inn, sem von var, og á ég enn alla nikkelpeningana þýsku, mörg hundruð þýsk örk og nokkra tugi franskra franka og austurrískar krónur, enn í „kistuhandraðanum“ og þættist góður ef ég fengi 10 aura fyrir!

En hví ekki að hafa losað þetta við sig áður?

Bankastjórnin neitaði og kvaðst aldrei hafa gefið sitt leyfi til þess að það yrði keypt! En hví ekki að senda það út í tæka tíð? Sama svar: Bankastjórnin neitaði, þó að hún hefði áður skipað mér að taka meginið af þessu upp í innheimtu þeirra Jónatans Þorsteinssonar og Ólafs G. Eyjólfssonar, sem hvor um sig héldu því mjög ákveðið fram að bankinn væri skyldugur til að taka þýska mynt upp í þýskar innheimtur.

Að vísu hefði mátt losa sig við þetta sama daginn, en gengið féll daglega og bankastjórnin neitaði að senda það út, því vel gæti skeð að gengið hækkaði og varð því undandráttur á öllu og lenti loks mér í koll sjálfum, eins og áður er sagt og má vel vera, að ég eigi eða hefði átt einhverja sök á því. En þetta sýnir, hversu háður ég var duttlungum og jafnvel illgirni bankastjórnarinnar, a.m.k. meðan Björns Kristjánssonar naut við.

Hversvegna er ekki þessa atriða getið í „Bláu bókinn?“ Vegna þess, að lögfræðingur sá (Magnús Arinbjarnarson), sem aðstoðaði mig í því máli, taldi það óþarft: ég hefði látið þess getið í „uppkasti“ því, er ég meðal alls annars gerði í vörn málsins, en lögfræðingurinn vildi að ég sleppti því: Áleit það svo lítilvægt og því strikaði það þar út, þó ég væri á öðru máli um það.

Skömmu eftir að Landsbankinn brann, 25. apríl 1915, varð ég var við að bankastjórnin var að undirbúa eitthvert „erindisbréf“ handa mér. Það kom og ég neitaði að undirskrifa það, enda sá ég í því hverja gildruna af annarri og taldi bankastjórnina enga heimild hafa til að setja mér neitt slíkt bréf, á íhlutunar stjórnarráðsins. Þetta, m.a. var „ósvífni“ mín gagnvart bankastjórninni „óhlýðni“ o.s.frv., sem svo tíðrætt var um í sókn hennar gagnvart mér.

Sumarið leið nokkurn veginn viðburðarlítið, nema hvað viskiftin við Elías Halldórsson í Hafnarfirði snerti, 2. júlí 1915 (sjá „Bláu bókina“); þar var vitanlega um „ósvífni“ að ræða frá minni hálfu!

Svo var það 26. sept. það ár, að bstj. boðaði með 5 mínútna fresti kl. 3 e.h. að þá samstundis byrjuðu endurskoðunarmenn að telja sjóðinn hjá mér. Vitanlega hafði ég ekkert við því að segja, en lét þess getið, sem var, að afgreiðslu yrði ekki lokið fyrir en að rúmum klukkutíma liðnum, eða rúml. 4. B.stj. og endurskoðunarmenn hváðust geta byrjað á þeim hluta sjóðsins, sem í kjallarnum væri og var sjóðurinn þar talinn og það búið rúml. 4 enda afgreiðslu þá lokið.

Ég vissi uppá eyri hvað í sjóði átti að vera og að ég ætti að hafa 13 aura yfir í sjóði, en hann var þann rúmlega kr. 389 þúsund krónur. Björn Kristjánsson vildi ekki telja, en skrifaði einn upp jafnóðum og talið var, en ég hafði laust blað liggjandi í gluggakistunni og fylgdist nákvæmlega men talningunni, og sýndi hún að lokum að 13 aurar voru yfir hjá mér á blaðinu. En þegar Björn Kristjánsson kvað uppúr með það hve hans talning var og hún var borin saman við sjóðsbókina, sagði Eggert Briem, sem var annar endurskoðandinn „Þetta er nú ekki langt frá réttu lagi, en það munar þó 37 aurum“.

„Þá er ekki rétt talið“ sagði ég, og ég vil að gætt sé betur að og talið aftur, a.m.k. það af sjóðnum sem hér er uppi við“. Það þótti þeim ekki ómaksins vert fyrir svona lítinn mismun og Björn Kristjánsson flýtti sér mjög að læsa bækurnar inni í skáp og loka honum, um leið og hann sagði: „Það er óþarft að telja aftur, því það er svo litlu sem munar og ekki meira en því sem oft hefir verið undir áður, þegar talið hefur verið“.

Varð ég þá all-byrstur og sagði:

„Ég lýsi það ósannindi, að nokkurn tíma hafi verið einum eyri, hvað þá meira undir í sjóðnum í öll þau skifti sem talið hefur verið hjá mér, síðan ég varð gjaldkeri og krefst þess að talið sé aftur!“

Björn Kristjánsson sótroðnaði – og var hann þó að vanda vel rauður áður – læsti skápnum, lét á sig lyklana og bjóst til að ganga út.

Eggert Briem sagði: „Úr því gjaldkerinn segir að rangt talið og krefst þess að talið sé aftur, þá verðum við að gera það“. Björn Kristjánsson varð því, nauðugur viljugur að opna skápinn og taka út bækurnar, en á meðan hann var að því, tók Eggert Briem blað það sér í hönd er Bj. kr. hafði skrifað talninguna á og fann mjög fljótlega að hann (Bj. Kr) hafði talið skakkt upp svo að 50 aurum munaði: Sjóðtalningin hækkaði um 50 aura. Við þetta unnust bæði þeir 37 aurar sem þeir töldu undir áður og þeir 13 aurar, sem ég að réttu lagi átti að hafa yfir.

Blað það, er upptalning Björns Kristjánssonar var ritað á, er síðan í mínum vörslum og vel geymt.

Ég hefi oft hugsaði til þess síðar, hverjar afleiðingar það hefði haft fyrir mig t.d. í ofsóknarmálinu hefði ég ekki andmælt því er Bj. Kr. sagði um „underballancen“eða látið telja aftur: Það hefði sannarlega orðið biturt vopn í höndum slíks manns, að geta sagt eitthvað á þessa leið: „Sjóðurinn hefir ekki heldur rehnst ávalt vera réttur, eða: stundum hefur verið oflítið í sjóði hjá honum þegar bankastjórnin og endurskoðunarmenn hafa talið sjóðinn hjá gjaldkera“. Við þessu hefði ég vitanlega ekkert getað sagt, ef ég hefði látið það viðgangast eftir að Björn Kristjánsson lét orð sín falla um þetta, eins og áður er sagt. En var nú ekki þarna ein af mínum alkunnu „ósvífni gagnvart bankastjórninni?“

Ég sá strax og viðurkenni fúslega, að orð mín um að að lýsa það ósannindi, sem bankastjórnin sagði og krefjast þess, að talið væri aftur, voru djarfmæli mikil, sögð af undirmanni við yfirmann sinn og í áheyrn háttstandandi embættismanna. Ég sá strax og viðurkenni að það var hart fyrir yfirmann, að heyra undirmann sinn taka munninn svona fullan, ekki síst þegar yfirmaðurinn varð að leita að höggstað á manni, sem honum var lítið um og virtist gjarnan vilja losna við, en – ég hefi ávalt álitid og álit enn jafnrangt að þola órétt og gjöra öðrum órétt, enda þykist é aldrei hafa gjört neinum manni órétt viljandi að fyrra bragði, en aftur á móti talið það skyldu mína að verjast árásum og órétti annarra í lengstu lög, jafnvel þó ég hafi ekki komst hjá því að líða sjálfur eitthvað við það: Það hafi kostað mig óvild annarra, eigin áhyggjur og oft fjárhagslegan skaða. Öll mín vörn í ofsóknarmáli bankastjórnar Landsbankans var byggð á þessari rökföstu skoðun minn, en hvorki þráa, stiflyndi og stríðni, enda er ég að eðlisfari gæflyndur og friðsamur og tek því mjög nærri mér að þurfa að beita hörðu, en þó enn nær mér að láta undan, ef ég þykist vera sannfærður um, að ég hafi á réttu að standa, en mótstöðumaður minn á röngu. Þetta má hver sem vill lá mér og líta á þessa umsögn mína, sem sjálfshól, en ég veit, að verst af öllu er það, að láta troða sér um tær að ósekju og gjörast svo mikill ræfill,

að tapa virðingunni fyrir sjálfum sér. Ég vil ekki gera það, get ekki gjört það og skal aldrei gjöra!

Nú leið að jólum. Lítil bar til tíðinda, en ávalt sá ég blik á lofti. Svo var það fimmtudagskvöldið 16. des 1915, er ég var að færa inn úr dagbók í höfuðbók, telja upp sjóðinn og leita að einhverri skekkju sem orðið hafði um daginn, að ég gekk fram í bankann og varð þess var að einhverjir menn sátu í svarta myrkri, sinn í hverju herbergi norðan til við ganginn. Ég fór á vanhúsið, sem var yzt beint á móti ganginu, lauk mér þar af og fór svo aftur sömu leið. Heyrði ég þá óglögg – enda hefi ég jafnan haft dauða heyrn- mannamál inni í bankastjóraherberginu. Mér dettur þá í hug, að réttast sé að grenslast eftir því hvaða menn það séu, sem sitja þarna í myrkrinu. Lýk ég þá upp næstu hurðinni við vanhúsið og spyr hvort nokkur sé inni. „Já, það er strákur“, var svarað; það var Guðmundur Loftsson. „Hvað ertu að gera hér í myrkrinu? spyr ég. „Ekki neitt!“ Svo geng ég að næstu hurð, lýk upp og spyr: „Er hér nokkur maður?“ „Já, það er ég!“ svaraði sá er inni varð. „Hvað er það Þorsteinn Jónsson?“ „Já!“ „Hví siturðu hérna í myrkrinu maður?“ „Og ég veit nú ekki, það tók því ekki að kveikja, því ég er að fara“. „Eru nokkrir menn inni hjá bankastjórnum?“ „Já, að eru víst einhverjir þar inni, en ég veit ekki hverjir. Þeir eru vist að fara.“ „Eru þeir eru búnir að vera þar lengi?“ „Ég veit það ekki!“ Báðir töluðu þeir Guðmundur Loftsson og Þorsteinn mjög hljóðlátlega og virtist mér þeir vita eitthvað meira en þeir vildu segja mér, ég sá, að mér kom þetta lítið við og gjörði ráð fyrir, að ég gæti komist að því síðar hvort nokkuð væri á seyði; annars fannst mér þetta vera óþarfa hnýsni, byggð á ímyndun minni, en ekki líkaði mér það nú sem best og því gekk ég að síðstu þriðju dyrunum og lauk þar upp. Þangað lagði dauða ljósglætu innan úr afgreiðstofu minni sem var í hálfa gátt og sá ég þar sitja Árna Jóhannsson niðurlútan mjög og spurði: „Hver er hér?“ „Sérðu það ekki, eða hvað varðar þig um það?“ var svar hans og hvorki vinalegt né blítt. „Nú, jæja, sittu bara eins lengi og þú vilt, þú kannt líklega best við að vera í myrkrinu!“ sagði ég og hló kuldahlátri, en þó lágt og fór síðan inn.

Fór mér þá ekki að verða um sel: Hálfgerð myrkfælni greip mig í bili og ég hugsaði: „Það er annars nógu skemmtilegt að vera hér svona seint, eða hitt þó heldur, innan um þessa pilta. Hvern fj.... ætli þeir séu að gera, að húka þarna í myrkrinu. Það skal ég veiða upp úr Þorsteini Jónssyni á morgun. Það er bara óþarfa ímyndun! nei, eitthvað er það og ekki líkar mér það“. Svo fór ég inn, tók bækur og peninga sem skjótast og lét það inn í peningaskápinn, læsti vandlega og hypjaði mig heim, en lengi hugsaði ég um þremmenningana í myrkrinu fram eftir nóttunni. Margs gat ég til í huga mínum, en sá eftir á, að ég fór aldrei nálægt hinu rétta. Ég sagði konu minni frá þessum mönnum, en það hefði ég ekki átt að gera, því hún var mjög hrædd við, enda var hún stöðulega hrædd við veru mína á bankanum. Hún sagði „Ég þori ekki að þú sért þarna einn á kvöldin, en þarftu þess? Hver veit nema einhver ráðist á þig og gjöri þér mein! Viltu ekki, að ég sé niðurfrá með þér, ef þú þarft endilega að vera þar, eða þá hann Páll (Ísólfsen, sem hér var heima þennan vetur), viltu ekki nefna það við hann, ég er viss um að hann vildi vera hjá þér kvöld og kvöld, svo get ég verið stundum hjá þér. Ég þori ekki að láta þig vara þarna einan!“.

„Hvaða vitleysa!. Vertu bara óhrædd! Það gerir mér enginn neitt og getur enginn gert, því ég veit alltaf hvað sjóðnum líður. Ég vil engan hjá mér, enda þarf ég ekki að vera þarna einn eins lengi eftirleiðis og hingað til, því ég er búinn að ganga vel frá öllu eins og vant er!“. Datt svo talið niður, en næstu tvö kvöld komst ég ekki undan því að Páll Ísólfsson sæti hjá mér, en ekki virtist mér hann hafa mikla ánægju af því, nema þá að fullnægja ósk konu minnar í þessu efni.

Næsta dag spurði ég með mikill forvitni Þorstein Jónsson: „Hvað var á seyði hérna í gærkvöldi?“ „Ekki neitt, þvað ég vissi til!“

„Jú, þú veist það og þú mátt til með að segja mér það!“

„Nei, ég veit ekkert!“

„Þú veist víst! Eða varstu ekki inni hjá bankastjórninni?“

„Ha? Ég? – ja, ég kom þangað í bili og stóð lítið við“

„Hvað varstu að gera þar?“

„Ekki neitt!“

„Þú verður að segja mér það, Þorsteinn! Snerti það mig nokkuð?“

„Nei, — það snerti bara mig“

„Nú! Um hvað var verið að tala við þig?“

„Eg man það nú varla. – Það var um launin.“

„Um launin? Á nú að fara að breyta þeim? Nei Þorsteinn minn, það hefir verið um eitthvað annað eða fleira, og líklega snert meira mig en þig. Góði segðu mér hvað það var, eða var það nokkuð hættulegt fyrir mig?“

Varð hann þá alvarlegur og sagði: „Ég segi ekkert mun ekkert segja“. Gekk hann svo í burtu, að ég hafði ekkert meira upp úr honum.

Nú sá ég, að eitthvað var illt í efni: Árni Jóhannsson leit svo ánægjulega til mín, en þó svo kankvíslega og með svo lymskukenndum svip, að ég hræddist hann. En ég forðaðist að tala við hann né aðra um þetta og setti í mig hörku til að láta ekki sjá að ég væri smeykur þó ég í raun og veru væri lafhræddur við eitthvað, eitthvað illt og óvænt. Það var eins og því væri hvíslað að mér: Vertu hugrakkur, en var um þig. Gættu þín fyrir öllu og öllum en mest þó fyrir Árna Jóhannssyni. Hann býr yfir einhverju, sem þú ekki veist. Hann er svo sæll og ánægður með eitthvað, sem hann hefir „komið í verk“eða ætlar að muni frá framgang. Sérðu ekki að hann leikur á alls oddi; hann er jafnvel vinsamlegur við þig og vill tala við þig, svona orð og orð? Ó-jú, en ég sá samt engar breytingar á honum – Máske hann sé nú búinn að ræða þig við Björn Kristjánsson. Sætta? Við höfum aldrei verið neitt ósáttir eða hvað hef ég gjört honum á móti? Erindisbréfið? Láta telja sjóðinn aftur? – Hvaða vitleysa! Það hefir enga ósætt (eða óvild) orðið út af því. Það er líka svo langt síðan.

En svipurinn frá honum Árna? Sérðu hann ekki? – Ójú, sýnist hann hvorki betri né verri en vant er, jæja, – ekki er nú frá því, – hann er annars fjandi ljótur, eða hvað? Æ, vertu ekki að gruflla út í þetta, maður. Það er all tóm ímyndun, – jú, en fundurinn? – Þorsteinn mátti ekkert segja og hvernig er svipurinn á Árna núna? Ég ætla að skotra til hans augunum svo hann ekki verði var við og sjá nú til „hvernig hann lítur út“– já, – ekki er hann fallegur! Vertu nú ekki að þessari vitleysu maður! Ímyndun, óþarfa hræðsla! Ári lítur hann vel út! En varaðu þig! gættu þín, og það vel.

Þannig lagaðar hugsanir eltu mig og ólunduðust í mér allan daginn og ég reyndi að hugsa um allt annað og framar öllu um afgreiðsluna. Samt var ég við og við að líta til Árna, til alls og alls um daginn (föstudaginn) og hann leið til enda án þess að ég yrði neins var eða vísari.

Næstu nótt ásóttu mig sömu ömurlegu hugsanirnar en huggaði mig við þetta tvennt: Sjóðurinn er eins og hann á að vera! Ímyndarinnar eru á engum sökum byggðar! – –

Klukkan 2 á laugardaginn sá ég sjón, sem mér brá við að sjá!: Björn Sigurðsson gengur rakteitt til mín, grár og gruggugur í útliti og segir: „Heyrið þér, gjaldkeri! Bankastjórn vildi gjarnan að þér gætuð komið til viðtals við hana í dag kl. 5, hér í bankanum. Haldið þér ekki að þér vilduð gera svo vel að vera hér þá?“ Ég áttaði mig eitt augnablik og sagði síðan: „Jú, sjálfagt, en – en, ég er svo þreyttur og lasinn í dag að ég vildi helst að það mætti biðja til morguns; ég treysti mér ekki að vera hér lengur í dag en þangað til afgreiðslu er lokið“. „Jæja, svo getur verið. Ég skal tala um það og vita hvað hún segir. En hvenær gætið það þá verið á morgun, yðar vegna?“ „Hvenær sem er, ef ég verð heilbrigður; segjum klukkan eitt, því það verður engin messa á morgun“.

Hann fór og kom aftur eftir litla stund og segir: „Jæja, klukkan 1 á morgun getur það nú ekki orðið, því Jón Gunnarsson er vant við látinn þá, en gæti það ekki verið klukkan 5?“ „Jú, mín vegna og ég skal verða hér á þeim tíma, ef ég verð heill heilsu. En má ég spyrja: „Hvað er erindið?“ „Já, það fáði þér að heyra þá“- og brosti hálftilgerðarlega – „Er nokkuð alvarlegt á ferðum?“ „O-nei, ekki held ég nú það. Bankastjórnin vill bara tala við yður.“

Það er sannast að segja að þessi lasleiki var fyrirláttur einn, aðeins til þess, að ég hefði einhvern tíma til að átta mig á einhverju, en á hverju vissi ég sannarlega ekki. Ég hugsaði sem svo: „Nú er best að telja samt rækilega hvern eyri, að gæta allar bækur og vera viss um að allt sé í lagi. Því þetta „viðtal“verður gagnrýni á öllum þínum gjörðum, en engin sáttaumleitun!“

Ég hervæddi mig sem allra best ég gat og reyndi að taka á allri þeirri ró og stillingu sem ég hafði til, en nóttin var ein samfelld andvökunótt: ég sá svo margt og ávalt svip þeirra Árna Jóhannssonar og Björns Kristjánssonar eins og vofur í myrkrinu. Ég rifjaði upp fyrir mér allt satt og logið, sem samviskan sagði mér um mig sjálfan, en fann æ betur og betur að hún var mér furðanlega góð og geðfeld „og svo er þá bezta að taka því sem að höndum ber með stóískri rósemi“.

Á sunnudaginn 19. des. kl. 5 eh. barði ég all-snúðugt að dyrum á bankastjórnarherberginu og sagði hátt og snjallt: „Gott kvöld!“Því var tekið fremur daufliga en þó svarað með sömu orðum svo að ég heyrði.

Á miðju gólfi stóð langt borð. Við aðra hlið þess, þá er út að glugganum vissi sátu þrír menn: Vestast Björn Sigurðsson, þá Björn Kristjánsson (í miðið) og lokst Vilhjálmur Briem, en gegnt honum við hina hlið borðsins sat Jón Gunnarsson og við hlið hans fyrir miðju borði stóð stóll, sem mér virtist ætlaður aðkomugesti (þ.e. mér) Fyrir framan hvorn

bankastjóra láu stórar fólíó-arkir, en fyrir framan Vilhjálmi Briem lá stór bók (í fólíó-stærð) opin, og virtist hann eiga að vera ritari fundarins, sem hann og var. Jón Gunnarsson sat auðum höndum og enginn þeirra fjögurra var neitt tiltakanlega upplitsdjarfir. Þetta gaf mér tilefni til að sýna á mér enga auðsveipni né lítilþægni, hvað sem í boði væri, og satt að segja fann ég ekki til mikillar virðingar er mér bæði að sýna þarna, þó mér hinsvegar dyldist ekki að allur óvirðingarvottur væri óviðeigandi, a.m.k. á meðan mér væri ekki meiri óvirðing sýnd en svo, að ég teldi hverjum óærukreinktum manni samboðin, en undir niðri fann ég til megnustu fyrirlitningar fyrir slíkum rannsóknarrétti, er auðsæilega var settur þarna og virtist ekki vera ofhlaðinn réttlætistilfinningu né djúpri sannleiks-ást eða mannúð. Ég sá í anda nokkurs konar rannsóknarrétt frá miðöldum, þar sem aumustu mannræflar, er nóg höfðu völdin, tók sér með líf og velferð saklausra manna í hendi sér. Þó ég hins vegar væri viss um þennan rétt sætu þar bleyðimenni, er ekki þyrðu að taka mig af lífi, þó hún sæti föst í gildrunni.

– Björn Sigurðsson stóð upp og gekk á móti mér mjög vingjarnlega og sagði: „Gerið svo vel, gjaldkeri og fáid yður hér sæti!“ „Nei, þakka yður fyrir! Ég þarf ekkert sæti.“ „Jú, gerið svo vel að sitja á meðan þér standið við“ „Ég geri ekki ráð fyrir að þurfa að standa lengi við og get vel staðið hér á meðan“ Björn Sigurðsson færði til mín stólinn og sagði: „Gerið svo vel að setjast“. „Já, þakka yður fyrir, ég þigg það þegar mér sýnist það sjálfum þörf fyrir mig.“ Gekk hann síðan á sinn stað, tók upp blöð sín og las eins og frá er skírt í Bláu bókinni og er óþarft að rita um það hér, nema hvað þar er farið í skemmstu máli og ekki sagt frá því, þegar Birni Kristjánssyni þótti svara ítarlegar en hann eða þeir ætluðust til, þá hallaði hann sér á víxl að þeim Birni Sigurðssyni og Vilhjálmi Briem, og hvíslaði að þeim: „Hann á ekki að svara þessu ítarlega. Hann á bara að svara, já, eða nei“ og þegar hann sá að Vilhjálmur Briem skrifaði megnið af því sem ég sagði í „prótókollinn“, sagði hann: Þú átt ekki að skrifa annað eftir honum en það sem er annahvort játning eiða neitun við svörunum þeim sem við leggjum fyrir hann“. Sagði þá Vilhjálmur Briem einu sinni: „Hvað þýðir að vera að skrifa nokkuð um þetta, ef maður á ekki að skrifa það sem maðurinn segir?“ Og var þetta eini ljósi punkturinn í allri yfirheyrslunni.

Jón Gunnarsson lagði ekkert til málanna, annað en það, að hann sagði einu sinni ef ég svaraði: „Þetta er ekkert svar!“

Að öllum 19 spurningunum upplesnum og svöruðum stóð ég upp og leysti frá pokanu, svo sem ég gat. Var ég þá orðinn all-reiður og sýndi þessum herrum fremur lítinn virðingarvott, svo að Björn Kristjánsson sagði: „Þér eruð ekki kallaður hingað til þess að skrökva!“ „Hafi ég talað lýgi, þá sanni þér það!“ „Ég talaði ekki um neina lýgi, heldur en skrök.“ Þann var samtalið síðast orðið nokkuð utanvert við málefnið og var auðséð að ekki mundi það draga til samkomulags eða sætta.

Loks sagði ég: Ég sé, að bankastjórnin hefir tekið sér fyrir hendur að halda leynilegan fund með starfsbræðrum mínu, sumum harla óvinveittum mér og setja nokkur konar rétt til yfirheyrslu, að þeir hafi borið fram ósanningi og lognar sakir og að nú leyfir bankastjórnin sér að setja rannsóknarrétt yfir mér, eins og væri ég grunaður um glæp. Ég skora á bankastjórnina að sanna það að ég hafi greitt 20 þúsund krónur úr bankanum án

þess að taka kvittun fyrir. Ég skora á bankastjórnina að nefna mann eða menn sem ég hefi greitt fé til á þennan hátt og segja til hvenær þetta hefur átt sér stað"

Allir þögðu og ég endurtók áskoranir mínar þrívegis, en þeir þögðu!

En sprningunum sem að þessu laut, var ég hræddur við og hana eina; hins vegar vissi ég ekki til að mér hefði orðið þetta á og bentu þeim á, að ég hefði ávalt fengið ávísanir kvittaðar sama daginn eða daginn eftir, þó komið hefði fyrir að ég hefði borgað þær út án þess að viðkomandi hefði verið búinn að kvitta á því augnabliki sem ég hafði borgað ávísanirnar út. Björn Sigurðsson var alltaf að reyna að miðla málum, en ég sagði, að það vær ekki ég, sem hefði fjandskapast við neinn, heldur bankastjórnin sjálf, eða öllu heldur Björn Kristjánsson einn, með dánumanninum frá Seyðisfirði, hr. Árna Jóhannssyni, sér við hlið, sem aftur hefði komið þeim sem nú voru meðvitni hans, til að bera ósannar sakir á mig – „Og gerið nú það sem yður sýnist í þessu máli“ sagði ég að lyktum um leið og ég gekk út „en verið vissir um að lognar sakir ykkar eða annarra fella yður sjálfa, en ekki mig!“

Daginn eftir spurði ég þá Björn Sigurðsson, Jón Gunnarsson og Vilhjálm Briem hvern í sínu lagi um þessar 20 þúsund krónur, en þeir sögðust ekkert um þær vita; það viss Björn Kristjánsson einn og e.t.v. Árni Jóhannsson, en við þá vildi ég ekki tala. En af því að mér, sem sagt, stóð ekki á sama einmitt um þessa einu spurningu, því við hana var ég alls eigi óhræddur, þá fór ég til Eggert Classen og bað hann að komast eftir því hvernig stæði á með þessar 20 þúsund krónur, eða við hvað bankastjórnin hefði átt með spurningunni.

Eggert Classen gjörði Jóni Gunnarssyni orð um að finna sig. Jón Gunnarsson kom til hans, en kvaðst ekki vita! Eggert Classen sagði þá við hann: „Ef þér ekki innan tveggja tíma látið mér í té ákveðna skýringu á þessu skal ég sjá svo um að Jón Pálsson sendi kæri í stjórnarráði strax í dag, yfir röngum áburði.“

Jón Gunnarsson fór, kom aftur innan lítillar stundar og fór til þeirra Eggert Claessens og hans fram á þessa leið: „Nú, nú, hvað er svo með þessar 20 þús. krónur?“ „–Og eiginlega ekki neitt; ég held að það sé fremur lítilfjörlegt atriði, sem var varla er talandi um!“ „Nú? Hefir þá Jón Pálsson ekki borgað neinar 20 þús. krónur út úr bankanum án þess að taka kvittun fyrir?“ „Jú, hann hefir að vísu gert það, en fengið þær allar kvittaðar rétt á eftir“ „Hvernig stendur á því? Ég skil þetta ekki.“ Þetta hefir átt sér stað á þann hátt, að Jón Pálsson hefir t.d. í gær borgað manni nokkur hundruð krónur, en ekki gætt að því það auknablikið sem borgunin fór fram á, að

ávísunin var ókvittuð, en Jón lét hana samstundis ganga til Árna Jóhannssonar, innabankans-endurkoðunarmannsins sem þá þegar sá að ávísunin va ókvittuð og skrifaði það í bók hjá sér sem athugasemd. Sama daginn eða jafnvel áður en maðurinn, sem peningana fékk út á ávísanirnar var kominn út úr bankanum, náði Jón Pálsson í hann og lét hann kvitta ávísunina. Á þennan hátt eru það orðnar 20 þús. kr. í þessi 3 ár, þegar allar ávísanirnar, sem Árni Jóhannsson hefir gert slíkar athugasemdir við, eru taldar saman. „Já, en hvað er þá ókvittað af þessu ennþá?“ „Enginn eyri. Engin ávísun ókvittuð og allt í besta lagi.“ „Eru þér viss um það?“ „Já, svo segir Björn Kristjánsson, sem einn veit um

þetta, við hinir höfðum enga hugmynd um það og skildum ekki við hvað var átt með spurningunni þó við skrifuðum undir, enda vildi Björn Kristjánsson ekki segja okkur það og mér ekki heldur, fyr en nú, að ég færði honum skilaboðin frá yður.“ „Jæja, það er ágætt! Þið farið varla að kæra manninn fyrir þetta!“ „Nei, það dettur víst engum í hug að gera það.“

Ath.s.: Þremur dögum síðar var þetta atriði samt sem áður eitt meðal þeirra er bankastjórnin kærði mig fyrir til stjórnarráðsins og skrifaði öll og „sameinuð“undir þá kæru, eins og kunnugt er!

Sama daginn (20. des), eftir að ég hafði fengi þessa skýringu hvað 20 þús. kr. snerti, bar svo við að maður nokkur kvaðst ætla að innleysa víxil sinn að fullu. Ég sendi eftir víxlinum til bankastjórnarinnar og las nöfnin á víxlinum og sá strax að þetta gæti ekki verið hinn rétti víxill, enda neitaði maðurinn að eiga nokkuð í honum: Öll nöfnin allt önnur en hann kannaðist við og einnig upphæðin. Ég gekk rakleitt inn til bankastjórnar og var þá Björn Kristjánsson þar einn staddur og niðursökkinn í leit að einhverju. Segi ég þá allsnúðugur við hann: „Maðurinn vill ekki borga þennan víxil, enda er hann honum óviðkomandi.“ „Nú, jæja, það hefir þá orðið í ógáti hjá mér að finna þann rétta, en hér er hann. En getið þér ekki talað um þetta með kurteisi? „Slíkt „ógát“er ég nú ekki viss um að bankastjórnin teldi afsökunarverð hjá mér, ef mér yrði þá á að“..... Lengra var ég ekki kominn þegar Björn Kristjánsson rýkur á mig, tekur í vinstri handlegg mér og setur hnefann á hægri hendi í bakið á mér og rekur mig á dyr og segir: „Farið þér út! Vinnið það sem þér eigið að vinna gerið það með trúmennsku!“

Ég leit við honum brosandi og fór út, en sára tilkenningu hefi ég í handleggnum enn, á þeim stað sem Björn Kristjánsson kleip mig, nú eftir 14 ár! Eða réttara: Mér finnst ég kenna sársaukans enn!

Næstu daga bar ekkert til tíðinda, en frá morgni til kvölds heyrði ég næstu 2-3 daga ganginn í skrifvélinni innan úr bankastjóraherberginu, en mest þó aðfangadag jóla. Ég varð samferða sendimanni bankastjórnarinnar út úr bankanum kl. rúmleg 5; ég var á leið heim til mín að búa mig til kirkju, því kvöldsöngur átti að vera og varð kl. 6, en ég var organisti Fríkirkjunnar. Tveim dögum síðar sagði sendimaðurinn mér, að hann hefði verið með stórt og mikið bréf frá bankastjórninni til stjórnarráðsins og sagðist vita, að það hefði eitthvað verið mér viðkomandi (þ.e. „Kæran“). Sá ég þá, að enn var Björn Kristjánsson samur við sig: Hann hafði áður kosið aðfangadag jóla til þess að jafna gúlan á þrem mönnum, þeim Árna Helgasyni (föður Júlíusar) Benóný Benónýssyni (nú fisksala) og Jóni Hannessyni, sem bjó (síðar) í Arnarnesi, er hann lét setja í varðhald um jólin, grunaða um stuld; en það sem Björn Kristjánsson hafði saknað, fannst hjá honum sjálfum og mennirnir voru því látnir lausir, strax eftir jólin. Aðrar orsakir lágu þó til þess, hafa tveir af þessum mönnum sagt mér: Benóný stóð fyrir verkstæði og seldi leður fyrir Björn Kristjánsson, en mátti ekki selja leðrið neinu manni hér í bænum, heldur ýmsum út um land og átti einkanlega að vinna úr því og þeir sem með honum voru eða m.ö.o. kaupa það af honum. Nú var leðurekla í bænum og Björn Kristjánsson þóttist viss um að skósmiðir hér í bænum gætu ekki fengið leður annarsstaðar en hjá Benóný og félögum hans, en gat þó ekki sannað þetta. Hann hafði því sterkan grun um að þeir stælu leðrinu

frá sér. Vitanlega var þetta næg ástæða fyrir Björn Kristjánsson að hyggja á hefndir og sæta fyrsta tækifæri til að reyna að gera þeim einhvern miska.

Einhverju sinni spurði ég Árna gamla Helgason (það var eftir 1916), en hann er einn hinna orðvarasti og vandaðist maður er ég hefi þekkt og alkunnur hér í bæ sem slíkur: „Hvaða reynslu hafið þér af Birni Kristjánssyni og skapsmunum hans?“ Árni Helgason sagði: „Björn Kristjánsson er með afbrigðum tortrygginn maður; ég held að hann ætli flestum mönnum illar og óhreinar hvatir. Hann er svo kappsfullur að ég held að hann viti ekki sjálfur hvað hann er að gera á stundum, en hann er fljótur til sátta, ef hann hefir unnið eitthvað á við mótstöðumenn sína, en langrækinn við þá sem vinna sigur á honum og blendnari skapsmuni að eðlisfari hefi ég ekki þekkt,”

Þetta, að vilja ekki selja „náunganum“ eða keppinautum sínum vörur, sem útlit var fyrir að færu ekki eða yrðu ekki fáanlegar fyr en eftir lengri tíma, t.d. með miðsvetrarskipferð eða síðar frá útlöndum minnir á aðferð þá, er sumir kaupmenn höfðu um þær mundir eða fram undir síðustu aldamót, að halda vörunum óseldum um lengri tíma, uns þær vörur voru alsstaðar eða annarsstaðar ófáanlegar, en selja þær síðan margföldu verði. Þennan sið hafði t.d. Þorleifur gamli Kolbeinsson á Háeyri: Strax á haustin eða löngu fyrir jól, er ófært var að ferðast til Reykjavíkur vegna harðinda og snjóá lét hann venjulega sykur, kaffi, tóbak, eldspítur, kerti o.fl. vörur, ófalar sérstaklega þá er hann hugði að þær væru á förum við Lefoliisverslun og „Keypti þær upp“ í stórum slumpum löngu fyrir jól en lét þær síðan faltar fyrir margfalt verð, því hann vissi að þær voru ófáanlega annarsstaðar og hinsvegar að þá mörgum þörf á að fá þær, en ómögulegt að ná þeim frá Reykjavík, enda mun hann hafa hagnast einna mest á slíkum viðskiftum, en alls ekki á því, að hann seldi venjulega dýrara en t.d. Lefoliiverslun og síst af öllu seldi hann óvandaða eða svikna vöru. Slíkt þekkist ekki þar um slóðir á þeim tíma.

Í Bláu bókinni er þess getið að stjórnarráði spurði bankastjórnina, hver væri ástæðan til þess, að hún hefði skipað svo fyrir að starfsfólk bankans skyldi ávalt breiða yfir bækur og skjöl bankans, þá er gjaldkerinn gengi um, svo að sæi þau eða læsi. Bankastjórnin svaraði á þá leið, að orsökina til slíkrar fyrirskipunar væri „atvik“ nokkurt, er komið hefði fyrir í bankanum, sem verið hefði þess valdandi, að bankastjórnin teldi nauðsynlegt að gjöra slíka fyrirskipun. Stjórnarráði spurði hvaða „atvik“ þetta hefði verið. Þá segir bankastjórnin, að það hafi ekki verið gjaldkeranum viðkomandi! Ekki átt við hann að neinu leyti!. En hvaða „atvik“ var nú þetta?

Maður nokkur er heima átti í Vestmannaeyjum var hlutabréfaeigandei í H/F. Ísland (útgerðarfélaginu), tók lán í bankanum og setti hlutabréfin að handveði, sem tryggingu fyrir láninu. Vorið 1915 sendi maðurinn upphæð lánsins og borgar það upp og átti því eða biður um að fá handveðið (hlutabréfin) send sér til Vestmannaeyja. Nú líður á sumarið og maðurinn fer að lengja eftir hlutabréfunum og skrifar bankanum að þau séu enn ekki komin, og hverju það sæti o.s.frv. Jakob Möller hafði slík lán til afgreiðslu og einnig þetta. Hann gætir að hvort lánið er greitt eða ekki og sér það að það er að fullu greitt, en finnur hvergi handveðið og gjörir ráð fyrir, eða minnir það jafnvel, að hann hafi sent það beina leið til mannins, ásamt kvittuðu skuldabréfin eins og vera ber, en finnur

þó engin bréf eða skilríki frá bankanum til mannsins, er sanni mál hans. Er því gjörð hörð og löng leit að þessu og ekkert finnst. Kom svo langt, að Björn Kristjánsson taldi nokkurn veginn víst að Jakob Möller hefði stolið (!) bréfunum – trúlega tilgetið, eða hitt þó heldur, því hvaða gagn hefði hann haft af því? – og allt komst í uppnám í bankanum út úr þessum hlutabréfum. – Skömmu eftir að eigandi þeirra hafði sent bankanum umkvörtunarbréf sitt um það, að bréfin væru ekki komin, fór hann til Seyðisfjarðar og var þar langt fram á haust. Þegar hann kom heim til Vestmannaeyja liggur fyrir honum orð um það frá póstafgreiðslumanni þar, að hann eigi ábyrgðarbréf á pósthúsinu í Vestmannaeyjum. Þar lágu þá bréf og höfðu legið síðan um sumarið rétt eftir að hann fór austur á Austfirði, því enginn hafði hirt ábyrgðarbréfið eða getað kvittað fyrir því, nema hann sjálfur.

Þetta var nú „atvikið“ sem olli því, að bankastjórnin taldi nauðsyn bera til, að breitt væri yfir allar bækur og skjöl bankans, ef gjaldkerinn leitaðist við að hnýsast í þau! Vitanlega afmáðist þjófsoðið af Jakob Möller við það, að Vestmanneyjamaðurinn skrifaði bankanum um það, að hann hefði fengið handveðið og öll skjölin í góðu lagi, en fjarvera hans verið því valdanndi að hann fékk þau ekki fyr en um veturinn, þá er hann kom heim. En það er víst, að engum öðrum en Birni Kristjánssyni kom til hugar að væna Jakob Möller um óráðvendni eða hirðuleysi, hvorki í þessu efni né öðru, því hann var einn hinn allra besti starfsmaður bankans, trúr og skyldurækin og einn af þeim allra bestu samverkamönnum, sem ég hefi nokkurn tíma átt og þeir eru margir, bæði hér í Reykjavík, hjá J.P.T. Bryde í 8 ár, í bankanum í 18 ár á Eyrarbakka í 16 ár. –

En – að bankastjórnin skyldi þurfa að grípa í annað eins hálmstrá sér til varnar í ofsóknarmáli sínu gagnvart mér, sýnir það eitt, meðal alls annars, að „fátt hefir verið um fína drætti“ í þeim efnum, enda má í öllum þeim 19 kæruatriðum er hún tilfærir gegn mér, finna engin veigameiri rök fyrir hverju einasta þeirra, sem þessu: Allt ein vitleysa, uppspunnin ósannindi, uppblásin af Árna Jóhannssyni, og meira en nóg til þess, að annar eins ofstækis-hatursfugl eins og Björn Kristjánsson – getur með ofríki sínu þvingað alla bankastjórnina (en hann segir svo oft að hafi verið öll á einu máli, enda sýndi hann það virkilegheitunum m.a. með undirskriftum sínu, að hún var það) til þess að gjöra sér og henni jafn mikla háðung og hún gerði, en um þetta gjöri ég ráð fyrir að gefa nánari skýringar, ef mér endist aldur til: Hvernig á því stóð að öll bankastjórnin og fjórir menn aðrir eða 8 alls létu leiðast til slíkar gönur og ógöngur gagnvart mér einu.

Ein af kærum bankastjórnarinnar á hendur mér var sú, að ég hefði látið uppboðsbók bankans lenda í brunanum og þegar ég hélt því fram, að hún hefði aldrei í mínum vörslum verið frá því fyrsta að ég varð gjaldkeri upp á stóð bankastjórnin að hún hefði átt að vera það! Ég varð gjaldkeri 29. febr. 1912 (settur) og það ánýjað 14. mars s.á minnir mig. Á síðustu mánuðum í tíð Halldórs sál. Jónssonar var Magnús Guðmundsson sá er gegndi málafærslustörfum fyrir bankann og geymdi Halldór Jónsson þá uppboðsbókina. Í júlí s.ár fór, að mig fastlega minnir, Magnús Guðmundsson norður, til að gegna Skagafjarðarsýslu, tók þá Gísli Jónsson lögfræðingur (nú í Vík) við málafærslustörfum fyrir bankann. Fyrsta uppboðið sem ég hélt fyrir bankann fór fram í ágúst mánuði það ár (máske síðar) og þá tók Gísli Sveinsson uppboðsbókina í sína

vörslu, því hann sagðist þurfa að fylgjast með því, hverjir hefðu orðið hæstbjóðandi að bréfum þeim er ég seldi. Ég sá enga ástæðu til að halda í bókina, en spurði þó bankastjórnina (Björn Sigurðsson og Jón Gunnarsson) hjá hverjum okkar bókin ætti að vera geymd. Þeir töldu báðir að réttast væri að Gísli Sveinsson hefði hana undir höndum, enda ætti hann að innheimta samkvæmt henni, en ekki ég.

Nú gjörði bankastjórnin fyrirspurn til Magnúsa Guðmundssonar um það hvar bókin hefði verið vön að vera (í hans tíð?) og hann svaraði á þá leið, að hún hefði verið geymd hjá sér. Þetta var að vísu satt, en þegar tillit er tekið til þess, að ég hélt ekkert uppboð í tíð Magnúsar Guðmundssonar eins og áður er sagt, var svar hans villandi eða a.m.k. ófullnægjandi, en það notaði bankastjórnin sér og sagði að bókin hefði ekki einungis átt að vera hjá mér, heldur og verið hjá mér, þá er brann, svo Gísli Sveinsson varð að gefa yfirlýsingu um að hún hafi verið hjá sér, en þá bar aftur að sama brunni að hún átti ver hjá mér. Þetta minnir á söguna um úlfinn og lambið, sem neðar stóð við lækinn, en gruggaði þó upp vatnið fyrir vesalings úlfinum! Hefði bókin verið hjá mér – þetta var ómerkileg skrifbók, eins og þær er börn nota í skóla –, þá hefði hún vitanlega eins brunnið hjá mér, enda verið geymd í skrifborði mínu, eins og svo margt annað, en ekkert rúm var fyrir í skápskrílinu sem ég geymdi peninga í.

Dagbókin („Kladdinn“) var og í skrifborðinu og brann þar, en höfuðbókin í peningaskápnum og brann því ekki; en eins og ég hafði ávalt áður gert, færði ég allt úr dagbókinni inn í höfuðbókina kvöldið áður en brann. Dagbókin var því gjörsamlega þýðingarlaus, þar sem hver stafur og tala var inn færð í höfuðbókina. Bankastjórnin hefði eflaust séð og skilið, að þetta var satt og rétt, en þá finnur hún upp á því að telja dagbókina enn þýðingarmeiri en höfuðbókina, af því að dagbókin sé „frumbók“. Vitanlega var hún það, en hvaða þýðingu hafði hún sem slík, úr því sem komið var? Hið eina sem um þetta mætti segja, var það, að ekki hafði hún verið lesin saman við höfuðbókina fyrir þennan eina dag, samlesturinn var ávalt gerður næsta virkan dag eftir, áður en afgeiðsla byrjaði, en ritfeil fundust sjandan, nema þá að það kom fyrir „Útibúið á Akureyri“ átti að vera „Útibúið á Íslafirði“, „Veldeild II“ átti að vera „Veðdeild III“, eða því um líkt, en aldrei að neinn staf munaði í tölum eða samlagningu, því að það „kontrolleraði“ sig sjálf við höfuðbók bókarans: Þar gat aldri munað einum eyri!

Ein af mínum „syndum“ var það, að ég pantaði orgel! Það hafði ég nú reyndar gert frá því 1887! Að ég talaði í síma um slíka hluti o.s.frv.. Sannleikurinn var sá, að það gerði ég afar sjaldan, nema þá að vísa fólki til Ísólfs bróður míns, sem hafði þessar pantanir á hendi fyrir mig, að öðru leyti en því, að ég skrifaði pantanabréfin til útlanda og þá ávalt heima hjá mér, enda gat ég ekki gjört það í bankanum, ef ég vildi hafa eftirrit af bréfunu, því kópíubók mín var ávalt heim hjá mér.

Hvað ástæða var þá til þessarar kæru? Satt að segja skildi ég hana aldrei og og skil ekki enn. Hugsast getur að bankastjórnin hugsi sem svo: Viðskiftamaður bankans pantar og selur hljóðfæri. Skeð getur að honum þykir það óviðeigandi að starfsmaður bankans gjöri það einnig og hafi tækifæri til að sjá Faktúrur og önnur skjöl hans um slík efni. En mér er óhætt að segja, að þá var enginn sá sem útvegaði og seldi hljóðfæri að hann

skifti við bankann, enda var ég einn um hljóðfærasöluna frá 1910 að ég kom í bankann og fram að 1915, að Hljóðfærahúsið var stofnað um það leyti. Þeir Brynjólfur Þorláksson og Ásgeir Ingimundarson, sem mest svindluðu með sölu sinni á hljóðfærum 1907–1919 og síðan stórsvindlarinn Guðmundur Eiríksson, voru allir úr sögunni 1913 að Brynjólfur Þorláksson fór til Ameríku, Ásgeir Ingimundarson orðinn gjaldþrota löngu áður – þrotabú hans „gaf“ 0.29 aura af hverjum 100 krónum – og flúinn af landi burt. Síðan, eða eftir 1915 tók Guðmundur Eiríksson aftur að selja hljóðfæri, en flúði sem sakamaður frá öllu 1927–1928. Markús Þorsteinsson pantaði að vísu hljóðfæri um langan tíma, en ég varð aldrei var við að innheimtur kæmu til bankans með hans nafni, enda mun hann hafa borgað hljóðfæri sí strax, eða svo um samið að kröfur fyrir þau kæmu ekki til bankans.

Er hér enn eitt dæmið um fátækt bankastjórnarinnar hvað veruleg ásökunarefni hún hafði á hendur mér. Hitt er annað mál, að hún vildi losna við mið með einhverjum ráðum en af hvaða ástæðum, er mér gjörsamlega hulið enn í dag. Ég get ekki hugsað mér, að hún hafi haft neinn ákveðinn mann í huga, er hún vildi veita embættið, né heldur að neinn í bankastjórninni hafi veri óánægður með störf mín, nema Björn Kristjánsson og þá aðeins af því að ég lét hvergi hlut minn fyrir honum og sýndi honum aldrei neinn undirlægjuskap, heldur svaraði honum – máske stundum með lítilli (en ég áleit hæfilegri) virðingu, þegar ég sá og reyndi hve herfilega hann misskildi stöðu sína og notaði óviðeigandi meðöl til þess að koma sínu fram, bæði gagnvart mér og öðrum: E. Th. Jónassen, (1890–91) bændur og sauðasölma rétt fyrir aldamótin, bankahneykslið 1909, Halldór Jónsson 1912, Jóhann sál. Jóhannesson (1913–1914) ofl. o.fl, sem allt hafði hinar örlagaþyngstu afleiðingar fyrir viðkomandi menn og málefni, sem flestum samtíðarmönnum hans og þeirra var og er fullkunnugt um.

En – um mig má eflaust segja hið sanna sem um flestar manneskjur: „Blindur er hver í sjálfs síns sök“ og skal ég á engan hátt reyna að fegra minn málstað, heldur biðja þá er síðar kunna að vilja athuga þessi mál, að gæta þess:

1. Að ég hafði erfiðu og ábyrgðarmiklu starfi að gegna, sem ég vildi reyna að rækja sem best, svo umfangsmiklu og ábyrgðarsömu, að á þeim tíma, sem ég gegndi því, hefir sennilega ekki verið á vansa tíma annað eins í þessu landi, enda var það almenningsálit um land allt.
2. Að ég átti lengstum við óvild og erfiðleika að búa frá bankastjórnarinnar hendi, svo að hun gjörði sér far um að láta það verða mér sem erfiðast og áhættumest sem unnt var, m.a. með því, að banna meðstarfsmönnum mínum, þó fegnir vildu, veita mér nokkra hjálp hvað sem við lá, að búa svo um eða réttara sagt láta vera svo óumbúið í afgreiðslunni, að hverjum sem vildi var í lófa laga að grípa peninga af borðinu og jafnvel úr skúffunum, enda kom slíkt oft fyrir, að því, vegna ófullnægjandi umbúnaðar, var beinlínis stolið svo að segja úr höndum mér þó ég hinsvegar vilji geta þess, að ég hefi enga ástæðu til að gruna neinn samstarfsmanna minna um neitt í þeim efnum að tilhögunin á bókfærslu og öðru var þannig, að ómögulegt var að finna misfellur er á urðu, ef þær ekki fundust sama dag og að um 20 menn, sem unnu að afgreiðslunni, gátu viljandi eða óviljandi (sem ég tel líklegra) valdið því, að ég varð að borga stórar upphæðir að kvöldi, sem skekkja hafði orðið á hjá þeim um daginn, t.d. rúmar 2000 kr einn daginn, sem aldrei fundust og oft um og yfir 1000 kr.

og fundust slíkar skekkjur, var það nær undantekningalaust öðrum að kenna en mér. Það sýndu þær sjálfar, þegar þær fundust, máské sundum eftir marga mánuði; sumar fundust aldrei.

3. Að ég varð að vinna slitalaust frá kl. 9 1/2 að morgni við sjálfa afgreiðsluna, á hverjum degi, fram til kl. 4 og þar yfir, standa í sömu sporum allan þann tíma og eiga í ýmsu óþægilegu þjarki við menn eins og gengur og síðan leita að skekkjum langt fram á kvöld, oft og einnatt til kl. 10-11 eða lengur, án þess að fá að fara eða mega fara, frá starfi mínu nema rétt á meðan ég át mat minn, en stað til þess, valdi bankastjórinn (Björn Kristjánsson) heppilegastan, við vanhúsadyrnar á móti ganginum sem lá (og máské liggur enn) úr afgreiðslustofunni austur að útidyrum á pósthúsinu, því þar var aðsetur bankans eftir 1915 um lengri tíma. T.d. má taka, að þó síðar væri, þá var umsetning bankans sjaldan minn en 1-2 milj. á dag og einum degi man ég eftir (í sept. 1924?) að hún var 8 1/2 miljónir þann dag, þ.e. að segja – inn og út – samanlagt.

4. Að ég varð, t.d. í okt. 1915 og 1916 að gegna einn öllum afgreiðslum í bankanum, þ.e.a.s. veiðdeildar- og vaxtamiða – svo og sparisjóðs afgreiðslum, auk all annars, en áður hafði þó bankastjórnin látið annan man afgreiða veðdleilda- og vaxta afgreiðslur frá 1. okt. til 1. nóv. ár hvert og greitt honum kaup fyrir það sérstaklega, sem að vísu kom niður á mér, þegar um hundraðgjaldsborgun var að ræða eða þangað til launin voru ákveðin 6500 kr. handa mér og 5000 kr. í mistalningarfé, handa báðum gjaldkerum, en af mistalningafénu fékk ég 3000 kr þó tap mitt væri 4000 kr. á árinu eða meira (eitt árið rúmar 7000 kr.) en hinn gjaldkerinn fékk 2000 kr þó hann tapaði ekki einum eyri og gæti naumast tapað, þar sem aðeins var um að fræða tvö „konti“, þ.e. inn- og út- borgunin í sparisjóði, sem auk þess „kontrolleruðu“ sig sjálfar, en ég varð að hafa yfir 40 „konti“ daglega eða gat haft ef viðskiftin voru svo fjölbreytt, sem reyndar mun aldri hafa verið. Þessi mismunur og aðstaða virtist mér ranglátt, en hvað þýddi að kvarta eða óska umbóta af óvildarmönnum? Engin áhreyn – aðeins að gjöra mér það allt svo erfitt að ég hlyti, fyrr eða síðar, að hörfa undan og svo ofan á allt saman þessar svívirðulegu ofsóknir!

Hvers vegna mælti öll bankastjórnin ekki með mér, þegar ég sótti um gjaldkerastarfið 1914?. Ég hygg orsökina vera aðallega þessa:

Að ég varð var við, þegar undirbúningur var hafður af stjórnmalaflokkunum 1911-1912 til að hafa sem mest áhrif á kjósendur að fá fylgi þeirra, að ég bakaði mér einhverja óvild Björns Kristjánssonar, þegar ég mæltist með því – með hægð þó – að taka nokkurn þátt í stjórnmalum meðan ég gegndi gjaldkerastarfinu. Hann (B. Kr.) talaði einu sinni eða oft um þetta við mig og var þá afar blíðmáll og kurteis og sagði, sem satt var, að ég þekkti svo marga góða menn eystra, þ.á.m. bræður mína, sem voru líklegir til að hafa mikil áhrif á kjósendur og að ég mundi geta haft einhver áhrif á þá (bræður mína) o.fl. Kom svo langt, að eitt skiftið, að hann bað mig að búa til eins konar dulmál, bókstafi og tóku², er nota mætti í símskeytum til þeirra og sem engir aðrir skildu. Ég taldi mig hafa of lítið vit á slíkum hlutum og mæltist undan því. Þá bað hann mig að fara austur og tala við þá og

² „Coda“

fleiri tiltekna menn, bæði í Árness- og Rangárvallasýslum, en ég hliðraði mér hjá því, með því að segja honum, að ég gæti ekki farið svo lengi frá starfi mínu, enda hlyti það að vitnast, í hvaða erindagjörðum ég væri, jafnvel þó ég tæki sumarfrí mitt til þess. Þetta mun hanna hafa séð, sem vitanlega var rétt, að voru undanfærslur einar og fór hann svo ofan af því, svo ekkert varð af ferðinni.

Enn hygg ég, að Birni Kristjánssyni hafi þótt ég ekki taka nægilegt tillit til hans og skoðana hans árið áður, er ég sem stórritari stórstúku Ísland (I.O.G.T.) sendi umburðarbréfið fræga til allra umboðsmanna stór-templara um það, að þeir skyldi stuðla að því að vínfangatollinum yrði náð inn með hundraðsgjaldi o.s.frv. en tillögur Björns Kristjánssonar gengu að vísu í sömu átt og þá sem endanlega varð og nú er enn að mestu leyti notað. Að ég hygg að honum hafi ekki líkað þessi afskipti mín, bæði sem undirmanns hans í bankanum og hans sem þingmanns, réði ég þá af því, að hann sagði einu sinni um mig, er við vorum einir niðri í kjallara bankans að leggja peninga inn á aðalsjóðinn: „Nú eruð þér að fást við nýjar toll-álögur, eða er ekki svo?“ Ég tók þetta sem spaug og sagði: „Já, að vísu er það svo, ef þér eigið við þær, því framkvæmdanefnd stórstúkunnar, er þeim öllum fylgjandi, hvort sem hún vill halda þeim til streitu eða ekki, en ég er hræddur um að hún sé eitthvað farin að linast á þeim, síðan bréfið var birt í Ingólfi“. „Það er líka skynsamast“ sagði hann og var það mál þar með úr sögunni milli mín og hans og ég hætti alveg við að skifta mér af því, en vegna þess, hvernig framkvæmdanefnd stórstúkunnar vékst við bréfinu; lét alla skömmina lenda á mér einum, hugsaði ég um það eitt, að koma aldri nærri stórstúkumálum framar, þegar ég væri laus við stórriddarastöðuna, sem mér var að ýmsu leyti erfið og armæðufull; en það fór að aðra leið á stórstúkupinginu 1912 á Seyðisfirði, sem kunnugt er: Ég varð Stór-Templar eftir allt saman! Og er þess getið, og með hvaða atburðum það varð, á öðrum stað hér að framan.

Af þessum ástæðum og e.t.v. fleirum enn lítilfjörlegri svo lítilmótlegum, að ég hefi eflaust ekki hugsað að þær gætu orðið að neinu ógagni eða til neinnar óvildar, uns Björn Kristjánsson hafa farið að svipast um eftir öðrum gjaldkera, til þess að geta bent á og mælt með, þegar að því komi að starfinu yrði „slegið upp“ og einhver skipaður í það og hann fann manninn: Jens B. Waage í Íslandsbanka, sem Björn Kristjánsson sagði „að væri allra manna heppilegastan vegna þess, að hann gæti gefið bankastjórn Landsbankans upplýsingar (um) og leiðbeiningar um ýmislegt fyrirkomulag í Íslandsbanka, viðskifti manna og skuldir þar o.s.frv!“. Þetta sagði B.kr. öllum meðstjórnendum sínum og tveir þeirra (Bj. Sig og Jón Gunnarssonar) sögðu mér það sinn í hvoru lagi. Við atkvæðagreiðslu og allar umræður um þetta, er fram fóru meðal bankastjórnarinnar, hélt Björn Kristjánsson fast við þessa skoðun sína og þar að einn þeirra (Vilhj. Briem) mælti fast með Guðmundi Loftssyni, en hinir B. Sig og J.G. (sá síðari þó fremur linlega, vegna Björns Kristjánssonar og til þess að styggja hann sem minnst) mæltu með mér, varð all mikil sundurþykkja milli þeirra út af þessu og kom svo langt, að Björn Kristjánsson brá Jóni Gunnarssyni um það, að meðhald hans með mér væri sprottið af því einu að við værum báðir Odd-Fellowar“(!) Sagði hann (J. Gunn) „væri ánetjaður Oddfellow klíku“(!) Þó að Jóni Gunnarssyni fyndist þetta grálega mælt, sem þ að og var, og hin herfilegustu ósannindik þá féll honum þetta svo illa, að hann var um eitt skeið fallinu frá því að fylgja

mínu máli fram og snérist á sveit með Vilhjálmi Briem um Guðmund Loftsson, en Birni Kristjánssyni þótti það ekki bót á máli og brá honum (Jóni Gunnarssyni) þá um bleyðiskap og jafnvel ótrúmennsku í stöðu sinni (!) Nú átti Jón Gunnarsson úr vöndu að ráða: Hann varð að vingast við Björn Kristjánsson og vildi hvorki sín né annarra vegna styggja hann. Hann vil ekki láta það ásannast að hann væri í „Oddfellow klíku“(!) og var því milli steins og sleggju í málinu.

Þó þess þurfi síst við, skal ég geta þess, að Jón Gunnarssonar talaði ekki eitt orð hvað þá fleiri við mig um þetta mál, alla þá tíð sem þeir voru að melta það með sér. Ég bað hann einskis fylgist og hann lofaði hvorki mér né öðrum fylgis við mig. Það var Björn Sigurðsson sem sagði mér við og við hvernig málið stóð á milli þeirra og það með, að því héldi hann mér fram sjálfur, að það væri sannfæring sín að ég ætti jafnvel heimtingu að fá stöðuna, þar sem ég hafi verið settur í hana í rúm 2 ár og að sínu álitu – og hinna enda einnig – staðið óaðfinnanlega í henni.

Ég ætlaði einu sinni að fara heim til Jóns Gunnarssonar, hann bjó þá í Þinholtsstræti 23, og leita hófanna hjá honum um þetta, en bar það áður undir Björn Sigurðsson, sem réði mér frá því og sagði: „Nei, þér skuluð ekki tala neitt við Jón Gunnarsson um þetta mál; ég veit í hvaða stríði hann á við sjálfan sig, vegna þess sem farið hefir milli hans og Björns Kristjánssonar. Það væri Jóni Gunnarssyni mesti óleikur, ef Björn Kristjánsson kæmist að því, að þið hefðuð talað saman. „Ég geri ráð fyrir, að Jón vilji engan annan en yður, hvað sem hann svo kanna að gera þegar til úrslitanna kemur og líklega verður það svo, að við ráðum engu um þetta, bankastjórnin, heldur stjórnarráðið“. Annars lét ég mér alls ekki ant um að sækjast eftir stöðunni eða „agitera“ í neinum. Mest áhrif á því máli hygg ég að hafi haft kona ein mikilsvirt í bænum, kona, sem ég talaði aldrei við og þekkti mjög lítið. Það var frú Þórunn Jonassen, hálf systir ráðherrans, sem þá var Hannes Hafstein. Nákominn maður þessari konu, sagði mér, að hún hefði sagt við bróður sinn (H.H.) þegar meðmælin hin fyrri voru komin frá bankastjórninni, þar sem hún (bankastj.) lagði það á vald stjórnarráðsins að velja einhvern okkar þriggja umsækjenda: „Mér þykir líklegt að þú notir þér sjálfðæmi, sem bankastjórnin gefur þér og veitir starfið þeim mannum sem sjálsagðastur er að hljóða það og ég heyri að allir vilji, Jóni Pálssyni“. Hafi þá Hannes Hafstein sagt: „Það get ég ekki! Þeir verða að mæla með einhverjum ákveðnum manni og þeir skulu verða að gera það“!

Af þessum tvíveðrungsskap kom bankastjórnin sér ekki saman um neinn: Gafst alveg upp og sagði að sér væri sama um þá alla, þeir væru allir góðir!

En Hannes Hafstein píndi þá svo, að þeir lokst mæltu með mér einum – nema Vilhjálmur Briem, sem enn sat við sinn keip. Hannes Hafstein veitti mér svo stöðuna 7. maí 1914.

En – Svo kom aðal ástæðan, sem ég vissi alltaf og veit enn, að það var sem öllu farginu kom af stað. Ég hefi ávalt pagað yfir henni og eins undir rekstri málann (kærumálanna), ekki vegna þess að ég finni neina sök hjá mér í því efni, heldur þessa:

1. Að málafærslumaður minn (m.a.) taldi óþarft að víkja í neinu í því efni: það væri klappað og klárt og síst bankastjórninni til neinnar gleði eða vegsauka, og
2. að ég trúði því aldrei, að Björn Kristjánsson væri svo heiftugur, að hann léti það mál bitna á mér eða neinum öðrum í bankanum eða utan hans.

Málið var þannig vaxið:

Með landpósti 16. nóv. 1914 komu 53 peningabréf og 10 ávísanir til bankans. Daginn eftir, 17. nóv. afgreiddi ég helminginn af þessu og var Jakob Möller með mér. Áður en við byrjuðum að afgreiða, töldum við bréfin og ávísanirnar og alla peningana sem í bréfunum voru. Að kvöldi töldum við það sem óafgreitt var og bar það heim uppá eyri við það sem við höfðum afgreitt um daginn. Næsta dag afgreiddum við svo afganginn og allt stóð nákvæmlega heima.

Svo leið og beið, að með janúarpóst 1915 kom bréf frá Jóni Proppé í Ólafsvík (eða Sandi) sem segir að Guðrún nokkur Guðmundsdóttir á Ósi (í Grundarfirði) vanti kvittun fyrir peningunum, sem hún hafi sent bankanum með nóvemberpósti – spyr hverju það sæti og biður að senda kvittunina sem fyrst.

Sú var venjan, þegar ábyrgðarbréf bárust bankanum, að Guðmundur Loftsson sótti þau í pósthúsið og kvittaði fyrir þau þar; að því búnu afhenti hann ávalt bankastjórninni bréfin, en hún skrifaði nöfn sendenda, númer bréfanna og upphæðina í smá kompu (bók) hjá sér og sendi þau svo til mín, án þess að hreyfa við neinu. Ég tók svo bréfin og afgreiddi strax, en þessi bréf komu til mín daginn eftir að bankastjórnin hafði tekið við þeim svo seint að dagi til, að afgreiðslutími var löngu liðinn þann dag.

Þegar þessi fregn kom inn um einhver vanskil á bréfi Guðrúnar Guðmundsdóttur í Ósi, brá Guðmundur Loftsson strax við, fór út á pósthús og aðgætti hvort hann hefði kvittað fyrir slíku bréfi. „Já, hann hafði kvittað fyrir því, og það því sannað að það var komið rétta boðleið til bankans. Því næst fór hann til bankastjórnarinnar, til þess að rannsaka hvort hún hefði haft þetta bréf með höndum. Jú, það var innfært í bókina þar með nafni Guðrúnar Guðmundsdóttur á Ósi, númer bréfins og upphæðin 40 – fjörutíu – krónur og síðan ekki söguna meir: Bréfið hefir ekki sést síðan.

Ég og Jakob Möller athuguðum nákvæmlega allt sem við þóttumst geta hugsað okkur, að hefði geta orðið af okkar hálfu og höfðum hvorugur neitt minni til að hafa sé slíkt bréf, nafn, númer né upphæð; fundum meira að segja öll þau blöð, sem við höfðum rekist á eða skrifað á þessa daga – því ég geymdi og geymi enn hvern einasta bréfsnepil er ég hafði með höndum, alla þá tíð sem ég var gjaldkeri – en þar var ekkert athugavert við, enda mundum við hve allt stóð vel heim bæði kvöldin. Hjá okkur var ekkert athugavert.

Í febrúar 1915, rétt áður en vestanpóstur átti að fara, kallar A. J. Johnson, sem þá afgreiddi ábyrgðarpóstinn, upp nafn Guðrúnar Guðmundsdóttur á Ósi og fær mér blað til að afgreiða 40 kr. afborgun og vexti fyrir hana. Ég tek við blaðinu og segi „Guðrún Guðmundsdóttir á Ósi! Hver er með peningana fyrir hana (og mundi satt að segja ekki

eftir því þá í bili, að neitt væri við þetta að athuga). Segir þá A. J. Johnson: „Ég veit það ekki, en bankastjórnin sagði mér að afgreiða þetta svona og sagði að þú vissir um peningana.“

„Ég? Sagði hún þetta?“

„Já“ sagði A. J. Johnson „Annars kemur mér það ekki við, þú getur sjálfur talað við bankastjórnina um það“. Ég beið ekki boðanna: gekk rakleitt inn til bankastjórnar og voru þeir þá aðeins tveir inni, Björn Kristjánsson og Vilhjálmur Briem og segi ég þá við á í all varlegum tóni: „Johnson segir, að bankastjórnin hafi lagt fyrir sig að afgreiða lán Guðrúnar Guðmundsdóttur á Ósi og sagt að ég viss um peningana, 40 krónur. Er það satt?“ „Já“ segir Björn Kristjánsson all-þungbúinn á svip, „hver annar ætti að vita um þá en þér, sjálfur gjaldkerinn, sem tekur við öllum peningum, sem til bankans koma, eins þessum sem öðrum!“ „Ég hefi ekki tekið við þessum peningum!“ sagði ég og stillti mig sem ég gat, að verða ekki reiður „og þeir hafa aldrei í mínar hendur komið, ég neita því að afgreiða þetta lán, fyrr en peningarnir koma“!

„Það getið þér ekki! sagði Björn Kristjánsson „og skuluð mega til með að borga þá!“ Var hann þá orðinn svo æstur og illur á svip, að ég óttaðist hann og sá, að ekki væri til neins að þjarka við hann um þetta heldur bíða og sjá hverju fram færi, en sagði um leið og ég gekk út: „Það er rangt, sem bankastjórnin segir og ég borga aldrei einn eyri af þessum peningum!“

Nokkru seinna kallar A. J. Johnson enn upp nafn Guðrúnar Guðmundsdóttur á Ósi og fær mér sama skjalið og áður og 40 krónur í seðlum um leið. Ég varð himinlifandi glaður við og sagði „Hefir bréfið þá fundist, eða hvaðan koma peningarnir?“

„Það veit ég ekki! sagð A. J. Johnson, en Björn Kristjánsson fékk mér þá“.

„Nú, jæja!“ sagði ég. „Það var ágætt, en hvernig ætli standi þá á því að bréfið hefir ekki fundist fyrri? Hva ætli það hafi fundist?“

„Það hefir víst alls ekki fundist“ sagði A. J. Johnson. „Ég hugsa, að bankastjórnin hafi borgað þetta sjálf“. „Nú! því þá það?“ sagði ég og afgreiddi kvittunina. Svipnum og augnaráði Björns Kristjánssonar get ég ekki lýst, er ég sá hann næstu daga.

Svo var það einn morgun, er ég kom inn til bankastjórnar til að lesa saman víxla-útorganir o.s.frv. við dagbók mína og bók þá er bankastjórnin færi inn þetta, að Björn Kristjánsson segir, með mikill þykkju:

„Eru þér hættur að hlýða fyrirskipunum bankastjórnarinnar, gjaldkeri, með því að færa ekki inn sjóð-upphæðir út og inn eins og fyrir yður hefur verið lagt?“

„Nei, ég er ekki hættur því, þó það sé alveg óþarft og ekki sjáanlegt að það geri neitt gagn, en eykur óþarfa skriftir“

„Hvað meinið þér? Það er auðséd á öllu að þér getið ekki hlýtt neinu. Það er yðar óhlýðni að kenna að bankastjórnin hefir neyðst til að borga peninga fyrir þá sem þér hafið dregið undir yður með röngu móti!“

Varð ég þá all-reiður og sagði:;

„Viljið þér, bankastjóri Björn Kristjánsson bendla mér við óráðvendni, eða við hvað eigið þér með þessum orðum?“

„Það er yðar óráðvendni að kenna, að bankastjórnin hefir orðið að borga peninga sem þér áttuð að borga!“ sagði B. Kr. „Viljið þér tala þessi orð svo fleiri en Vilhjálmur Briem heyri? Þér talið ósatt og ég krefst þess að þér sannið það sem þér segið“, sagði ég mjög alvarlega og gekk nær Birni Kristjánssyni, en hann sagði afarreiður: „Farið þér út! farið þér út til yðar vinnu og vinnið verk yðar með trúmennsku og án allra svika! Farið þér út segi ég!“ og stjakaði hann dálítið við mér um leið og ég hörfaði undan og sagði hálf-glettnistlega, því þá var ég svo hissa, að mér var öll reiði runnin: „Það eru svívirðileg ósannindi, sem þér berið fram – og þetta á að vera bankastjóri! Bankastjóri að tarna!“

Þarna held ég „að hundurinn liggi grafinn“. En eins og áður er sagt, gat ég ekki trúað því, að þetta gæti grafið svo um sig síðarmeir, sem mér nú – og stundum áður – virðist að það hafi gjört.

Ég ætla nú og aldrei, hvorki fyrr né síðar, að gera neina tilraun til að telja mönnum trú um, að ég sé saklaus eða sekur um það hafa á nokkurn hátt dregið mér þessa umræddu peninga eða ara: Læt hvern trúa því sem hann vill um það að það eitt nægja sem ég gjörði þá strax, að neita því harðlega að ég hafi sýnt neina óráðvendni í þessu eða neinu öðru.

Aðeins vil ég benda á:

1. Að ég taldi víst þá og tel enn, að þó að bankastjórnin borgaði þessar 40 kr., þá hafi hún alls ekki á neinn hátt dregið sér þá.
2. Að ég legg það undir dóm allra heiðvirðra manna, hvort þeim þyki líklegt, að ég, sem hafði svo hundruðum þúsunda og jafnvel miljöna króna með höndum daglega í bankanum, hafi gerst svo lítilþægur að draga að mér einar 40 kr. frá fátækri ekkju! Þetta er ég viss um að bankastjórnin hafi heldur ekki gert!
3. Og ég benti strax á, að þegar bréfsins var saknað að engum var hægt að kenna hvarf þess, að beinast lægi við, að upphæðin væri borguð frá bankanum sjálfum, hvorki bankastjórn né neinum, sem við bréfið voru riðnir, svo séð yrði, haft bréfið síðast með höndum, með því að færa það inn í kompuna sem bankastjórnin færði öll bréfin, þetta sem önnur, en sem aldrei sást.
4. Að ég hugði og hygg enn, að bréfið hafi lent í stórri bréfabrúgu sem ávalt lá á borði bankastjórnarinnar og Guðmundur Jónsson dyravörður hafi í ógáti fleygt því með bréfarusli – í eldinn.
5. Að ég hefði farið í mál við Björn Kristjánsson strax, ef ég hefði getað sannað orð þau sem voru megnastu aðdróttum um stuld er hann lét þetta falla í viðtalinu við mig í bæði skiftin, þegar Vilhjálmur Briem var einn viðstaddur. Hinsvegar er ég í efa um að Vilhjálmur Briem hefði vottað orðin þó aðeins annar maður hefði heyrt þau ásamt honum: Ég tel hann ekki meiri mann en svo, að ég tryði honum til að bera á móti því að hafa heyrt þau, nema sannanlega væri með tveim vottum öðrum, bæði það og annað, sem talað væri í hans áheyrn! Með þessari umsögn þykir mér honum réttilega lýst og vil sem minnst á hann minnast, þó ég hinsvegar með ánægju viðurkenni að hann einni virtist koma vel fram við „prófið“ 19. des 1915, hvort sem það hefur verið af því, að honum hafi þá þó ósvífni Björns Kristjánssonar keyra fram úr hófi eða séð það og heyrt af svörum mínum þá, að þau gætu e.t.v. orðið mér til

ógagns ef verkast vildi fremur en til gagns. Hvort ráðið hefir veit ég ekki; hygg hið fyrra sennilegra. En eitt er víst, að við höfðum víst aldrei neinar sérlegar mætur hvor á öðrum, þó samverustundir okkar væru að öllu jafnaði friðsamar og afskiftalitlar um flesta hluti, nema það sem hann virtist vilja reyna að koma sættum á 17. janúar 1916 milli mín og Björns Kristjánssonar af hvaða toga sem það var spunnið: Þar held ég að hann hafi komið fram sem sendimaður Björns Kristjánssonar en þeir sáu í hvert óefni komið var með kærurnar frá jólum næst á undan, og er þess getið áður.

Þegar fréttirnar bárust víðsvegar út um það, að bankastjórnin hefði kært mig til stjórnarráðsins, vissu menn eiginlega ekki hvaðan á sig stóð veðrið: Sumir héldu, að ég hefði e.t.v. misséð mig eitthvað í sjóði bankans, enda var það, um það leiti ekki óalgengt, að þeir, sem fé annarra höfðu undir hendi, gjörðust fingralangir og gátu ekki skilað réttum sjóði, t.d. gjaldkerar ýmissa stofnana, banka og sparisjóða, póstsjóða og jafnvel sýslumenn landsins henti slík skyssa. En ég held að fáir hafið trúað því um mig; samt sem áður krafðist ég þess að bankastjórnin tæki sjálf af allan efa um þetta, og gæfi út yfirlýsingu í blöðunum um það, að um ekkert slíkt væri að ræða heldur voru kærurnar byggðar á öðrum misklíðum.

Menn fengu nú fljótt að vita hver þau væru og fannst mörgum þau veigalítill. Að vísu vissu menn, að ég var stundum all harður í horn að taka, ef mér fannst ég órétti beittur, að ég var strangur við sjálfan mig og aðra, en aldrei óbilgjarn eða upphafsmaður að neinni misklíð.

Því var það, að fjöldi manna heimtaði að gefa mér vottorð um framkomu mína við sig; þessu þverneitaði ég, enda sá ég, að það sannaði lítið í málinu og gæti orðið til þess, að gefa grun um, að ég hefði sjálfur pantað slík vottorð. Eigi að síður voru mér send mörg skjöl af slíku tagi sem ég lét enga sjá né vita um, en á þó enn í fórum mínum.

Meðal annars af slíku tæi, barst mér eftirfylgjandi símskeyti frá nokkrum Eyrbekkingum dags. 1. janúar 1916.

Herra bankagjaldkeri Jón Pálsson, Reykavík
Meðtekið frá Eb. þann 1/1- kl. 5.50 síðd. af Ol.
Símskeyti frá Eyrarbakka nr. 2, ord. 51. þann 1/1-1916 kl. 3,30 síðd.

„Um leið og við sendum þér okkar bestu nýjarskveðju lýsum við undrun okkar yfir kærnu bankastjórnarinnar (samanber Morgunblað 30. des.) þar sem við þekkjum þig svo vel að því gangstæða sem þar er borið á þig.

G. Gumundsson
Andrés Jónsson
S. Guðmundsson
Guðm. Nielsen
Guðjón Ólafsson

Ennfremur barst mér eftirfylgjandi

„Ávarp til Jóns Pálssonar bankagjaldkera
Af þér heimta auðmýkt, flón,
sem öllu vilja ráða
það er rétt að þybbast Jón!
við þessa banka snáða.

Regingslegir ribbaldar,
ráða öllu vilja
þó þeir ekki þekki þar,
það sem aðrir skilja.

Yfirgang og asnastrik
ófært er að þola
af bankastjórum biksvart ryk
burtu þarftu að skola.

Þó að leikinn þú sért grátt
af þessum hnakkakertum
bera skaltu höfuð hátt,
hvergi smeikur vertu!

„Bjarndýranna“bölvuð svik
bér þér fyrirlíta
Ofan í þig asnaprik
aldrei látt sk....!

Austanvéri.”

Þetta er að vísu ekki mikill „skáldskapur“, en ég veit að hann var af einlægni og vináttu sendur mér frá kennaranum mínum gamla (1877–1878) og samverkamanni um mörg ár (1886–1902) Guðmundi Guðmundssyni bóksala, sem alla þá tíð, sem ég var á Eyrarbakka, var annar helsti húsbóndi minn þar og gekk næstum Nielsen gamla með öll yfirráð við Lefoliisverslun, en þeir voru hvorum um sig menn sem kunnu að stjórna og gerðu það með reglu og réttsýni í öllu. En því get ég beggja þessara plagga hér, að ég vil ekk láta efni þeirra glatast, þó blöðin sjálf kunni að tynast.

Læt ég nú her með lokið „endurminningum“ mína frá bankaveru minni lokið að sinni; þær er hvorki mér til mikillar gleði, né öðrum til uppbyggingar. Það kanna að sýnast, af framanrituðu að ég hefi dregið dökkari hliðina fram í ljósið, en ég átti einn kost á að sjá bjartari hliðar þar, og skal ég nú með fáum orðum minnst aðeins fárra atriða, sem ég tel að hafi orðið mér til góðs, ásamt því, sem ég með sanni get sagt um samverkamenn mína þar, konur sem karla.

Um það leyti, sem ég fór í bankann (um nýár 1910) var ég í ábyrgðum fyrir ýmsa menn og félög, sem mundu um 180 þús. krónur! Þessar ábyrgðir losnaði ég við, því ella hefði ég ekki fengið stöðuna 1914. Ýmsir vinir mínir tóku að sér ábyrgðirnar, t.d. Oddur Gíslason bæjarfógeti á Ísafirði, við „Gufubátafélag Faxafóla“fullar 40 þús. kr. Þá tóku ýmsir Goodtemplarar að sér ýmsar ábyrgðir (nær 50 þús.) er ég var vegna Hótel Ísland ofl. ofl.

Fæ ég aldrei þakkað Hannesi Hafstein fyrir það að hann veitt mér stöðuna, þó ekki væri vegna annars en þessa. Þá má ég og þakka Einari Arnórssyni fyrir það, hversu óhlutdrægt hann leit á bæði bankamálinu og úrskurðaði – að allra réttisýnna manna dómi – í þeim; svo og Magnúsi Arinbjarnarsyni lögfræðingi, fyrir ágæta aðstoð í þeim málum.

Bestu samverkamenn mína tel ég þess:

Fröken Ágústu Björnsdóttur, Jenssonar, nú frú Thors
Fröken Vigdís Steingrímsdóttur, nú lögreglustjórafrú
Fröken Sigríði Brynjólfsdóttur, sem eru enn í bankanum
Jón Halldórsson, nú ríkisféhirðir
Jakob Möller, alþ.m. og ritstjóra
Þorsteinn Jónsson, bróðir Magnúsar prófessors
Guðmund Loftsson, nú skrifstofustjóra
Hannes S. Blöndal, sem enn er í bankanum
Brynjólf Þorsteinsson, SömuLeiðis og síðast en ekki síst
Valgarð gamla Claessen, landsféhirði og Björn Sigurðsson bankastjóra, Hilmarí Stefánssyni o.fl.

Allt þetta fólk sýndi mér góða samvinnu og vináttu og ber ekki að gleyma því.

Þá vil ég minnast á það, að þó staða mín væri erfið og ábyrgðarmikil, lærði ég margt í bankanum.

Að þekkja góða menn – og miður góða. Ég lærði að þekkja lífið; ég lærði, hve undursamlegt það er nauðsynlegt hverjum manni, að vera sjálfstæður, reglusamur og fastur fyrir, ef einhver vill afvegaleiða, en þó umfram allt, að bera virðingu fyrir stöðu sinni og láta aldrei leiðast til, að grípa til fjár þess, sem manni er trúað fyrir, heldur vera ávalt við því búinn að standa skil á því ef gjöra grein fyrir ráðsmennsku sinni. Þetta kalla ég þó enga dyggð. Það er lífsnauðsyn manni sjálfum og hafði ég séð það og reynt, löngu áður en ég kom í bankann; ég hafi alist upp við það, því reglusamari og ráðvandari foreldra gat ég ekki átt, en föður minn og móður, enda var þeim viðbrugðið í því sem fleiru góðu. Þeim á ég því mest allra manna lán mitt og gæfu að þakka, en þó mest eiginkonu minni, sem svo lengi hefir verið sannkallaður verndarengill minn. Henni get ég ekki lýst, sem ég vildi og vera bæri. –

Ég fæddist í þennan heim fimmtudaginn 3. ágúst 1865, kl. 9 að kveldi. Hafði móðir mín verið þann dag allan að slá og taka fergin upp úr svonefndu Markholtsflóði á Selsengjum, í sólbjörtu veðri og hita, en varð að fara heim klukkutíma áður (kl. 8) til að skila af sér króganum. Heim að bænum er 1/4 tíma gangur eða vel það fyrir frískan mann, en hún var 1/2 tíma á leiðinni og sendi strax að Efraseli (túnin liggja saman) og bað Helgu gömlu Gunnlaugsdóttur að vera hjá sér. Hún var því ljósmóir mín.

Næsta sunnudag, 6. ágúst, var farið með mig út í Prestshús á Eyrarbakka, til að láta séra Björn sál. Jónsson skíra mig; hann hafði veikt í kirkjunni um sumarið og hafði ekki fótavist. Hann dó árið eftir, 1866. – Ég átti að heita einhverju öðru nefni en Jón, því elsti bróðir minn hét Jón, eftir afa okkar (eða í „höfuðið“ á honum) Jóni Sturlaugssyni. Hafði þá komið til mála að ég hétí eftir afa mínum, en því fylgdi einhver hjátrú. Það átti að vera eitthvert „ólánsmerki“ að láta 2 börn heita eftir sama manningum! Var því stungið upp á því, að ég yrði látinn heita Guðjón, en móðir mín vildi hitt nafnið, og var því „kastað um“ þessi tvö nöfn, Jón og Guðjón, og kom Jóns nafnið upp á seðlinum. Sagt var mér, að móðir mín hafi verið komin á fætur og tekin til vinnu sinnar við heyskapinn næsta þriðjudag! „Sængurlegur“ hennar höfðu ekki verið lengri en 4–5 dagar. Svo var hreystin mikil og var hún þó smávaxin og oft heilsulin, a.m.k. á síðari árum.

Svo man ég ekki eftir neinu, fyrr en ég var rúmra 2ja ára. Þá kom það fyrir, sem nú skal greina og ég hefi borið menjar af fram á þennan dag.

Á Seli var gömul kona, Kristín Gísladóttir, kölluð Stutta-Kristín því hun var dvergur að stærð, en ekki manngæðum. Hún var langaömmusystir mín, systir langömmu minnar Margrétar Gísladóttur, ömmu móður minnar og systir Guðríðar Gísladóttur í Móhúsum, konu Jóns Þórðarsonar ríka, langafa konu minnar. Þessi gamla kona var mér svo góð, að ég mátti aldrei af henni sjá.

Á Efraseli var bóndi nokkur, er Vigfús Ásbjörnsson hét, allra besti maður og vinur foreldra minna; hann var dálítið ertinn og talsvert drykkfelldur og hafði það til, að láta mönnum bregða við það að hrópa upp úr eins manns hljóð: Ak! eða Akk!

Kvöld eitt kom hann að Syðraseli talsvert kendur og sá mig ganga með rúmstokknum, þar sem ég hélt í pilsfald Kristínar gömlu. Vigfús finnur því upp á því, að skriða með rúmstokknum líka og segja: Nú skál ég taka hann Stínu frá þér! Ak!. Við þetta hafði orðið svo hræddur, að ég slepti mér alveg og varð óhuggandi alla nóttina og bý sennilega að þessu enn, því ég er mjög gjarn á að láta mér bregða við.

Vigfús lifði lengi eftir þetta og var ég lengi hræddur við hann og sérstaklega þegar hann hrópaði „Akk“. Þetta vissi hann og sagði sjaldan „Akk“ ef ég heyrði eða var nálægt, því hann hafði fengið miklar ákúrir fyrir tiltæki sitt, kvöldið góða.

Næst man ég eftir mér á 5. ári, því þá (1870) dó elsku vinurinn minn gamli „Stutta Kristín“. Hún var borin sem lík út í skemmu og þar hafði ég endilega viljað vera hjá henni, en fékk vitanlega ekki. Þegar hún var kistulögð hafði ég friðlaust viljað komast í kistuna til að sofa

hjá henni og þegar hún var jörðuð var að fara mig að Efraseli, svo ég yrði þess ekki var, að hún væri flutt af heimilinu. Mér var sagt að ég hafi „orgað ósköpin öll“– og lengi spurt um „Dínu mína“– en hún var horfin!

Ég man eftir einstöku góðviðrisdögum frá 1871–1873 og sérstaklega þá hvernig veðrið var á afmælisdegi mínu: Hvass á norðan (71–) gott veður (72) og hvass á landsunnan með rigningu (73). – 1874 var hvassviðrið á norðan 2. ág. (og líkt, en lygnara daginn eftir); var ég þá (2. ág.) við Stokkseyrarkirkju og man hve vel þeir sungu frændurnir, Bjarni sál. bróðir minn, faðir minn, Jón bróðir hans, sem þá var í Óseyrarnesi, Gísli á Hrauni, móðurbróðir minn, Jón Þorkelsson og Guðmundur bróðir hans, þá báðir í Óseyrarnesi. Lögin man ég ekki, nema „Lofið vorn drottinn hinn líknsama föður á hæðum“. Presturinn var var séra Gísli sál. Thorarensen og þótti mér hann tóna vel.

Næsta ári man ég ekki eftir, nema því, að þá (22. febr.) dó Sesselja Gímsdóttir amma mín, og æskuvínurinn Finnbogi Stefánsson í Bugum, dó 9. des.

Það ár (í jan.) kom Þórdís Bjarnadóttir (bróður míns) til okkar og ólst upp með okkur upp frá því. Varð það hlutskipti mitt, að vera nokkurs konar fóstri hennar og bræðra minna, Gísla og Ísólfs, t.d. á vertíðum (í mörg ár), þegar karlmenn allir voru í verinu (á Stokkseyri) og móðir mín, með einni vinnukonu, Guðrúnu Sæmundsdóttur, gegndi öllum fénaðinum. Fóru þær þá, ef byljir voru, í karlmannaföt til gegninganna og sáu við þær ekki allan daginn; gætti ég þá barnanna, bjó um rúmin, sópaði gólfín (moldargólf, með lótorfum) og eldaði mat til miðdegisverðar, sem þá var kl. 3–4 og komu þær þá inn í bili. Fékk ég mikið hrós fyrir snyrtimennslu alla og jók það mér mikillar gleði. Við sjó voru þá faðir minn, bræður mínir, Pálmar og Jón eldri og Júníus og svo Pési gamli, sem þá var um 30–35 ára og hinn röskasti maður. Síðan komu Ólafur gamli Jónsson smiður, frá Hafliðakoti, indæll karl og mesti barnavinur.; hann dó á Seli 2. okt. Nokkru fyr var Þórdís Hansdóttir (d. 1. des. 1877) og Guðrún Jónsdóttur frá Seljatungu (dó á Tóftum).

1876 var safnað fé til orgelsins í Stokkseyrarkirkju, 400 kr. þurfti að safna en inn komu 399,98 aur!. Á ég enn til söfnunarlistana frá 27. jan. '76. Orgelið var vígt á hvítasunnu dag það ár, 4. júní; var sr. Jón sál. Björnsson þá orðinn prestur þar, en Bjarni sál. bróðir minn organisti. Ég átti að syngja millirödd, kunni þær vel, en komst aldrei undir, eða náði réttu lagi svo var ég „músíkalskur“ þá!

Það ár (16. júlí) dó Ingveldur Ásgrímsdóttur, móðir konu minnar og man ég hve almennur söknuður var við fráfall hennar. Hún þótti afbragðskona, og man ég að Pési kallaði hana Ingveldi „fagurkinn“–

Næsta ár, 1877, var ég látinn í barnaskólann á Eyrarbakka og var við vígslu hans um haustið. Kennari var Guðmundur Guðmundsson bókbindari (síðar bóksali) og var ég til vistar í Garðbæ, hjá Bárði

Nikulássyni og konu hans, Hallfríði Oddsdóttur frá Smádalakoti. Hjá þeim ólst upp Ásgrímur Adólfsson, bróðir Önnu og fóru þau öll til Ameríku 1866. Skólinn stóð í 4

mánuði. Mér leiddist og ég lærði lítið, en gat þó lært: „Í kveri“ fékk ég t.d. 2 daga vikunnar hæstu einkunn eða 6, en hina 4 lægstu einkunn eða 0!

1878 var Einar sál. Einarsson frá Laxárdal (faðir Sigurðar Hlíðar dýralæknis, hjá okkur, með lítið orgel og var að læra á það hjá Bjarna sál. bróður mínum. Hefi ég aldrei séð klunnalegri hendur en Einars, en hann lærði þó vel á hljóðfærið og var lengi organisti í Hafnarfirði

Þetta ár (25. okt.) dó föðurafa-systir mín, Þórdís Sturlaugsdóttir í Götu; var hún fóstur Bjarna bróður míns og kona Bjarna Björnsson bókbindara, eins hins mesta ágætis manns. Það ár (26. maí) dó Guðríður Þorsteinsdóttir móðir Pésa. Ólafur Jónsson frá Nabba, dó 4. apríl á Tóftum; hann var faðir Samúels söðlasmiðs í Reykjavík.

1879 (14. sept) var ég fermdur og hafði „ekki lært út“! Með mér voru fermd þessi börn: Sigurður Hinriksson í Ranakoti, Eyjólfur Eyjólfsson frá Hrauni og Framnesi (drukknaðir 15. maí. 1891) Guðjón Vífugússon frá Valdakoti og Ágústa Gísladóttir frá Framnesi.

Á vetravertíðinni varð ég „beitustrákur“upp á 1/2 hlut hjá Páli sál. Gíslasyni Thorarensen (drukknaði á Seyðisfirði 10. sept 1894?) og kom tvisvar á sjó þá vertíð og var sjóveikur mjög. Leið mér hálf illa og var þó formaðurinn hinn ágætasti maður, en hettusókk gekk á vertíðinni og varð ég alveg heynarlaus á báðum eyrum langan tíma, en Sig. sál. Thorarensen, bróðir Páls, læknaði mig á viku með homopata meðölum.

bls. 104.

Um vorið (1879) og næstu vor, var ég til róðra hjá Sigurði Eyjólfssyni á Kaðlastöðum, mesta ágætismanni og annáluðum formanni. Þar leið mér svo illa, að faðir minn ætlaði að taka mig þaðan hvað eftir annað. Ég var vitanlega handónýtur sjómaður og það vann Vernharður gamli Jónsson á Efraseli og þótti honum, sem var, ég bara meira frá en mér bar, þar sem við vorum gerðir jafnir, enda vanrækti hann ekki að reyna að gera mér lífið þungbært, en formaðurinn, Hinrik sál. í Ranakoti tóku allan ónytjungsskap á sig, svo ég var kyrr.

Sýndu þessir 3 menn, hver munur er á því að vera barngóður eða illur í garð unglunga og gleymi ég þeim aldrei, hverjum fyrir sig. Vernharður var daglegur gestur hjá foreldrum mínum og vann þar mikið við byggingar, því betri byggingarmann og vinnusamari og verk lagnari, gat ekki þar um slóðir, en Vernharður var og í raun og veru allgóður karl, en hann var fátækur og öfundaði föður minn af því, að hafa svo mikil not af öðrum eins snáða og ég var og láí ég honum það ekki svo mjög, heldur hitt, að hann lét það koma niður á mér saklausum og grét ég oft unda klögumálum hans, því ég var mjög viljugur til vinnu og gerði allt eins og ég gat best, en vitanlega mannleysa hin mesta. Verst gekk mér að grafa maðk og finna nóga beit á stokkinn minn (200 öngla), þreyttur og syfjaður; það var því sannkölluð Kanassaganga fyrir mig að verða að fara til annarra, jafnvel stundum til Vernharðar, til að sníkja beitu á nokkra öngla, sem mig vantaði beitu á til að geta beitt lóð mína.

Oft svaf ég þá í sjóbúðinni á Kalastöðum aleinn á berum torfbálkinum, með strigapoka ofan yfir mér og torfukjúkling einn undir höfðinu. En allt þetta kom í mig seiglu, þrek og þráa við að gefa aldrei eftir, hvað sem á bjátaði. Ég átt langt heim til að ná í mat og var því oft glórhungraður eftir að hafa ælt öllu upp, vegna sjóveikinnar, sem ætlaði alveg að klára mig, en þá gaf Þóra gamla á Kaðlastöðum, kona formannsins og maddama Sigríður, ekkja Brynjólfs sál. á Borg mér oft góðan bita og sopa, því þeim þótti báðum undurvænt um „hann litla Jón frá Seli“, enda voru þær hvor annarri meiri að manngæðum.

Veturinn 1879–1880, var Páll sál. Thorarensen formaður minn, eins og áður er sagt, en því tók hann mig, fremur en aðra, að ég hafði notið kennslu Sigurðar sál. bróður hans og Gísla prests föður þeirra, haustið 1874, eða fram undir jólin, þangað til sr. Gísli dó. Lærði ég þá ofurlítið að skrifa og reikna og man sérstaklega eftir því, að þá er Sigurður hafði brugðið sér út á Bakka, setti hann mér fyrir að reikna dæmi í Bríensbók þar sem ég átti að deila (að mig minnir) 402201 með 201, en er hann kom aftur, hafði ég setið nærri allan tímann við það að deila síðustu tölunni 201 með 201 án þess að „finna út“ hve oft ég gæti skift þessu eða hvaða tölu ég ætti að setja í kvótann. Þetta sýnir að ég hafi þó verið kominn í deilingu og eins hitt, hve mikill stærðfræðingur ég hafi verið þá.

Við lát sr. Gísla féll svo skólalærdómur minn niður, þangað til ég fór í barnaskólann á Eyrabakka, 1877–78. Heimili sr. Gísla og allt hans fólk var hið elskulegasta; sjálfur var hann sí-fjörugur og kátur, kona hans og börn ágætustu manneskjur.

Veturna 1880–1884 réri ég með föður mínum sáluga, hjá Bjarna sál. bróður mínum, sem óhætt má segja, að væri ágætis formaður. Síðan réri ég í Þorlákshöfn hjá Jón sál Þorkelssyni í Móhúsum veturna 1885–1886. Var ég þá vinnumaður hjá Bjarna og hafði Eirík Jónsson frá Bjóluhjáleigu, nú bónda í Ási, sem lagsmann.

Veturinn 1887 rerir ég hjá Adolf, sem síðar varð tengdafaðir minn og sðían hjá Jóni syni hans, nú kaupmanni á Stokkseyri. Er þetta tímabil eitt hið indælasta og atvinnan (sjómennskan) hin ákjósanlegasta. Félagsskapurinn, samvinnan og vinnubrögðin svo skemmtilegt, að ég gleymi því aldrei. Svo var og um dvöl mína í versluninni á Eyrarbakka og meðal barnanna þar og á Stokkseyri, enda sé ég aldrei neinn af þessum mönnum, yngri sem eldri, að þeir ekki brosi við mér og bregði tali sínu að ýmsu því, er fyrir kom meðan við vorum saman.

Vorin 1882–1884 réri ég í Bollagörðum; tvö fyrri árin hjá ágætismanninum Bjarna Þorsteinssyni, allra besta manni, en drykkfelldum mjög.

Á meðan ég var á Seli, og í Götu (1880–1888) réri ég einnig á haustum og þá oftast hjá Jóni Þorkelssyni, Pálmari bróður mínum, Adolf og Júníusi bróður mínum. Af þessu sést að ég hef ekki valið mér formennina af lakari endanum, því fleiri voru, eins og reyndar flestir formenn á Stokkseyri um þær mundir og jafnan áður og eftir, hinir ágætustu.

Á sumrum stundaði ég heyskapinn og var í kaupvinnu – enda þá sjálfs mín maður – 1889–1890 í Vatnsleysu, hjá Halldóri ríka; 1891 í Skarði á Landi, hjá Sr. Einar Thorlasius; 1892 í Laugardælum hjá Guðmyndi lækni („kýrrass“ – og var þar ekki gott að vera; 1893 á Vestari Loftsstöðum, hjá Jóni gamla, indælasta heimili og 1894 var í í vegavinnu í Kömbum, undir stjórn hins ágæta manns, Erlends sál. Zakaríassonar og verkstjórn Ásgríms Jónssonar. Þar var ég með gömlum skipverja mínum (og í hans tjaldi) Einar Guðmundssonar á Bakkastíg 4, fræðimanni hinum mesta og hafi ég ekki fyrir hitt skemtilegri mann og betri, því hann mundi alla skapaða hluti og ræddi um þá með mikill fræðslu og skemtun.

1895, 19. okt. giftist ég verndarenglinum mínum. Séra Ólafur Helgason vinur minn og mesti ágætis maður gaf okkur saman og hafði að inntaki ræðu sinnar, þessi orð Jósua: „Ég og mitt hús munum drottni þjóna“. Ísólfur lék á orgelið, vel að vanda og valdi ég þessa sálma við það tækifæri:

Nr. 342, 26, og 230. – Engin veisla var haldin, en Nielsens hjónin buðu okkur heim til sín um kveldið. Nielsen var svaramaður minn og Jóns sál. Sveinbjörnsson í Bíldsfelli. Daginn eftir komu margir vinir okkar heim til okkar, en þá var sunnudagur, og veittu okkur gjafir og mikla ánægju. Bjuggum við þá í svonnefndnu „Hjörtpórshúsi“ sem stendur vestan vert við bakaríið og hafði ég keypt það af Lefoliis verslun þá um sumarið. Á sumrum var ég jafnan síðan við verslunina þangað til ég fór þaðan 6. júlí 1902, til Reykjavíkur.

Öll þau ár, er ég var á Eyrarbakka, hafði ég mikla orgelkennslu á hendi, en því að ég var bæði barnakennari þar – kenndi frá kl. 10–3 – og hafði skrifstofustörf við verslunina, frá kl. 8 að morgni til 9 1/2 og síðan frá kl. 3–7 að kvöldi – en á þeim tíma hafði ég einnig kennslu á hendi heima hjá Nielsen 1–2 tíma á dag við að kenna dætrum hans, Guðmundu og Karen – þá varð orgelkennsla að byrja kl. 7 og fram eftir kvöldinu, til 10–11.

Á sunnudögum spilaði ég í kirkjunni og hélt uppi söngfélögum og gegndi störfum í Sparisjóði Árnessýslu, með þeim Kristjáni Jóhannssyni og Guðjóni Ólafssyni. – Við vorum saman í stjórn sjóðsins í 10 ár – og auk þess hélt ég úti og skrifaði að mestu einum 3 skrifuðum blöðum sem ég kallaði Ganglera, Kveldúlf og Bergmálið. Ég skrifaði þau í tvöföldum eintökum á fólioörk og sendi annað eintakið upp um sveitir, hitt um Bakkann og las að upp á stúkufundum.

Til þess að vænta frekari styrks frá Eyrbekkingum með að skrifa í þessi blöð, lét ég það heita svo, að ég væri ekki einn um ritstjórnina. Þeir voru stundum 3 ritstjórnarnir eða 2, auk mín, en lítill styrkur var mér að þessu, því þeir skrifuðu mjög lítið í blöðin. Mestur styrkur varð mér í því efni að þeim prestunum, sr. Valdemar Briem, sr. Steindóri Briem, sr. Magnúsi Helgasyni, sr. Jóni Steingrímssyni í Gaulverjabæ og Brynjólfi Jónssyni frá Minnanúpi. Skrifuðu þeir oft í þessi blöð um ýmis mál, er síðan hafa komist í framkvæmd og ég mest um sjómennsku. Meðal annarra mála má nefna: Flóaáveituna, Prentsmiðju á Eyrarbakka, Kaup Eyrbekkinga á Óseyrarnesi og Flóagafls-torfunni, lendingabætur á Stokkseyri. Var þessu málum víst hreift þar fyr en nokkursstaðar annarsstaðar, svo og skiftingu Stokkseyrarhrepps í tvö hreppsfélög og fóru þau skifti fram það eina ár, sem ég

var í hreppsnefnd og oddviti hennar 1897–98 og út af þeim málum linnti ég ekki látum með að losna úr hreppsnefndinni og tókst mér það með „brögðum“ einum: Að fá samnefndarmenn mína, alla, nema einn til að skrifa undir þá yfirlýsingu um að þeir gæfu mig lausan, jafnvel þó sýslumaður (Sigurður Ólafsson) teldi hæpið, að það var lögleg lausn á málinu. Því miður á ég ekki nú nærri öll þessi skrifuðu blöð: þau týndust eða komu aldrei aftur í mínar höndur. Þó á ég nokkur þeirra. [Blöðin eru til í Handritasafni Landsbókasafns. Bj. Sv.]

Margt gæti ég, ef tíminn leyfði, skrifað um ýmislegt við oddvitastörf mín, þó stutt væru og gengu þau alls ekki friðsamlega til. Ég, af um 70 Eyrbekkingum, kærður fyrir sýslunefnd, fyrir það að ég fékk það samþykkt á almennum fundi, að Þorsteinn Þorgilsson, sem var gjaldkeri hreppsins, fengi þóknun fyrir starf sitt, en hefði þá ábyrgð á hreppssjóðnum. Ég lenti á mót Jörgen Hansen kaupmanni, út af börnum hans, Regínu, Ferdinan og Jörgen (vini mínum og nágranna nú). Bæði þessi mál vann ég með fyllsta réttlæti. Sýslunefndin úrskurðaði, að ekkert væri að því að finn, þó gjaldkerinn fengi þóknun og Hansen væri dæmdur í 20 kr. sekt og orð hans „dauð og ómerk“.

Aldamótanóttina 31. des. 1900, gleymi ég aldrei; Veðrabrigðin voru svo fögur og einkennileg: Hvínandi rok, svarta myrkur og ofsarigning til kl. 11 1/2 en þá birti svo upp og lygndi með glansbjörtu skini grúmlega hálf-stækkaðs tungls um loft, hauður og haf, enda var þá sungið glatt af svölum G.P. hússins langt fram á nótt, allir glaðir og fagnandi nýju öldinni, en enginn einasti maður við vín, enda var G. T. félagið þá í mestum blóma, sérstaklega eftir að ég o.fl. stofnuðum Nýjárðsdaginn 1. jan. 1899, sem var og Eyrarrósinn og barnastúkan einnig í miklum blóma.

Ó, hve margar indælar stundir frá þeim tímum rifjast nú – og oft upp fyrir mér. Þá var stafað, glaðst og sungið og getur skeð, að ég fái tíma til, áður en ég hverf héðan að minnast frekar á það. Nú er ég að róa undan ellinni og minnast á það allra helsta sem fyrir mig bar á minni gæfusömu æfibraut, til þess eins að menn sjái, að það er sæluríkast af öllu að vinna að hverju því, sem orðið getur öðrum mönnum til góðs: Það „borgar“ sig best! Hitt vil ég ekki, að menn dáið neitt að afreksverkum mínum, þau hafa ekki nein verið; ég hef ekki enn gert neitt annað eða meira, en skyldur buðu mér og ekki það.

Árið 1901 fór að skyggja í lofti. Þá, eins og reyndar áður, var Guðmundur Ísleifsson í vegi mínum og annarra, sérstaklega Kristjáns sál. Jóhannssonar og ætlað að gera mér illt (og okkur báðum) en guð snéri því til góðs. Án þess að rekja þá ljótu sögu hér, vil ég aðeins geta þess, að síðan ég komst í kynni við Björn Kristjánsson á eftir Guðmundi Ísleifssyni, hefi ég oft hugsað og sagt: „Hvernig hefði heimurinn orðið ef Guðmundur hefði verið uppi á dögum Kaligúla eða Nerós og haft sömu völd og þeir, eða Björn Kristjánsson verið páfi, t.d. eins og Jóhanns 23, eða annar slíkur og haft sömu völd og yfirráð?“

Ekki svo að skilja að þeir hafi verið jafn miklir menn og þessir keisarar eða páfar voru, heldur hitt að þeir hefðu þá getað fullnægt eðli sínu og skapsmunum svo, að ég hefði ekki viljað lifa á slíkri öld. Annars vil ég benda mönnum á, að sjá mynd of æviferil Filipusar 2. Spánarkonungs og líta svo á mynd og æfi Björns Kristjánssonar. Er það ekki

svipað? – En þessu er best að gleyma og afsaka svo sem unnt er. Ég vona að mönnum þyki ég ekki sýna neina hefnigirni þó ég bendi á, að þetta eru þau einu sönnu „eftirmæli“ sem ég get gefið þessum samferðamönnum á lífsleið minni, en ég þarf ekki að kvarta, því ég stóð alls staðar með pálmann í höndunum, eftir viðureign mína við þá, en það er ekki vitsmunum mínum að þakka eða manngæðum, heldur góðum málstað og hann hefir mér, með guðs og góðra manna aðstoð, tekist að verja.

Eins og áður er sagt fluttist ég frá Eyrarbakka til Reykjavíkur 6. júlí og með hverjum efnum það varð, er getið um í Reykjavíkurbloðum frá þeim tíma.

Var ég þá atvinnulaus um tíma til húsa hjá fornvini mínum, Sigurgeir Torfasyni og konu hans Helgu Vigfúsdóttur. Um haustið þegar kona mín var komin suður, fluttumst við í hús Óla norska Laugavegi 21 og fór um haustið til Th. Thorsteinsson og Geirs gamla Zoéga. Hjá þeim var ég til nýárs, en í febrúar 1903 komst ég, sem bókarí að Brydesverslun; þar var ég til júlíkoka 1909. Vorið 1903 fluttumst við í hús Arinbjarnar bókbindara og varð þá organisti við Fríkirkjuna. Vorið eftir fluttum við í Laufásveg 27 og voru þar til vorsins 1907, en þaðan í eigið hús, Traðakortssund 6 til 1921, þaðan á Frakkastíg 12 til 1924 að við fluttumst í hið mikla hús okkar á Laufásveg 59.

Nú ætla ég að slíta viðburðarsöguna í sundur og taka svo við við, til þess að skýra frá ýmsum sundurlausum köflum, enda er æfi mín hér í Reykjavík svo kunn, að óþarft er að skýra frá þeim, nema þá helst til endurminninga fyrir mig og máské til gamans fyrir aðra.

BLS 113

Í stjórn Sparisjóðs Árnassýslu komst ég 1892; þá með Ólafi Árnasyni, sem var verslunastjóri Guðmundar Ísleifssonar á Háeyri og minnir mig, að Guðjón sál. Ólafsson hafi verið sá þriðji. Árið eftir eða svo komst Krisjtán sál. Jóhannesson í stjórnina í stað Ólafs Árnasonar. Endurskoðunamenn (þ.e.a.s. yfirendurskoðunarmenn) voru þeir lengstum sra. Ólafur sál. Helgason og Sigurður sál. Ólafsson sýslumaður, í þau 10 ár sem ég var við stjórn sjóðsins.

Samvinna okkar stjórnenda sjóðsins, var hin ákjósanlegasta. Kristján Jóhannesson var formaður stjórnar, en Guðjón Ólafsson gjaldkeri. Störum sjóðsins gegndum við aðallega á sunnudögum kl. 8–10, en einnig alla daga vikunnar þannig, að við hver um sig tókum á móti innlögnum og afborgunum skulda og vaxta, hvar sem í okkur náðist og skrifuðum við það í vasabækur okkar, þangað til við gátum afgeitt það að sunnudags kvöldinu til. Viðskiftabækur manna tókum við hjá þeim og geymdum til frekari afgreiðslu þá, en gáfum lausakvittanir fyrir öllu öðru fé í bili. Bækurnar og kvittanirnar sendum við svo viðtakendum síðar, eða létum þetta bíða þangað til þeir sóttu þær, næst er þeir voru á ferð. Aldrei varð nein óánægja út af slíkri afgreiðslu. Menn voru mjög ánægðir með hana, því þeir þurftu aldrei að bíða eftir henni, með þessu móti. Lán veittum við sjaldnast

nema á sunnudögum, og oft var það þá, að við höfðum margar þúsundir meðferðist. Þegar afgangsla byrjaði, því miklu meira var þá lagt inn í sjóðinn en út var tekið.

Kristján Jóhannesson var mjög glöggur reikningsmaður og reiknaði oft flóknustu dæmi í huganum. Hann var og mjög gætinn og áreiðanlegur og hárviss í öllu, og svo vara Guðjón samviskusamur og strangur við sjálfan sig sem gjaldkeri, að einu sinni við uppgjör ávísanareiknings, þegar hann vantaði einn eyri í sjóðinn, leitaði hann að honum í marga daga, uns hann fann hann. Af samvinnu minni við þessa ágætismenn lærði ég því margt og mikið gott, sem kom mér að haldi síðar, ekki síst þá, er ég var orðinn gjaldkeri Landsbankans. Það var máské meira þeim að þakka en mér, hve strangur ég var við sjálfan mig með það, að sofna aldrei svo að kveldi, að ég vissi eigi upp á eyri hve mikið átti að vera í sjóði, og ef á vantaði, þá að bæta því í sjóðinn. Þess gætti ég einnig alla þá tíð, sem ég var gjaldkeri og sé ég ekki eftir því nú, því annars hefði farið illa fyrir mér, ekki síst á ofsóknarárunum 1914–1916.

Nálægt aldamótunum (1898?) stóð svo á, að við Goodtemplarar fengum lóð leigða hjá Lefoliisverlsun á Garðbæ til þess að byggja þar samkomuhús (nú Fjölhir) í stað þess sem við áttum á Háeyrarlóð, en það var veðsett sparisjóðnum með fyrsta veðrétti fyrir eftirstöðvum (þá nál. 1200 kr).

Nú vissum við og a.m.k. ég ekki síst, hve Guðmundur Ísleifsson var okkur andvígur og illur í öllu og að hann mundi ekki hlífast við að gera okkur allt það illt er hann gæti.

Sunnudagskvöld eitt, er við vorum á sparisjóðsstjórnarfundum sagði ég við þá Kristján og Guðjón: „Nú er ákveðið að byrja ða rífa húsið (G.T.) á Háeyri en það er hér að veði og hitt húsið, eða hið nýja, ekki svo langt komið að við getum veðsett það. Hvernig eigum við að bjarga þessi í bili, svo Guðmundur Ísleifsson geri okkur nú ekki allt ómögulegt!“ „Við látum það vara vera svona“ sagði Kristján, því eftir svo sem 8–9 daga, er nýja húsið svo langt komið að við getum skift um veð, enda er nóg veð fyrir þessu í öllu því efni, sem komið er á staðinn, að við getum verið rólegir og forsvarað það. Hættan er engin og það fer enginn að gera neitt í þessu þennan viku tíma. Þegar er meira en nóg veð er til fyrir því, þó ekki sé formlega frá því gengið á meðan!“

„Já, en gamla húsið verður rífið, hitt er ekki veðhæft og þá er í raun og veru skuldin fallin og má þá gera okkur ábyrga fyrir þessu, meira að segja setja okkur af“ sagði ég. „Hvaða vitleysa!“ sagði Kristján. Við þurfum ekki að vera svona viðkvæmir fyrir þessu: við bara þegjum um það og það getur enginn fengið að vita um þetta, enda tökum við nýja húsið í veð eftir viku eða svo.“

Guðjón var á sama máli og taldi enga hættu á þessu. Ég var því nærri horfinn frá því að vilja gera neitt í þessu þegar annar eins maður, sem Kristján var, var svona öruggur, en sagði þó:

„En ef Guðmundur Ísleifsson skyldi muna eitthvað eftir því, að húsið er í veði og hitt ekki veðhæft, hvað þá?“

„Vertu nú ekki að þessu barnskap, Jón, sögðu þeir báðir. Hann man þaði ekkert og nauðar ekkert um það; við skulum eiga það á hættu.“

Var þá eins og því væri hvíslað að mér: „Jú, Guðmundur Ísleifsson man það og trúðu honum aldrei til neins góðs.“

Ég sagði því við þá: „Bíðið hér, á meðan ég fer heim og sæki sparisjóðsbókina mína. „Ég á víst nægilegt fé í henni og skal lána það þessa daga.“

„Jæja, þú um það, en það er alveg óþarft“, sögðu þeir. Fór ég svo heim og sótti bókina og borgaði lánið að fullu.

Húsið var svo rífið á þriðjudaginn 2. október 1898 og efnið flutt vestur eftir; engin skifti sér af því og Guðmundur Ísleifsson sást þar aldrei nálægt. Ég var því farinn að hugsa sem svo: „Óhætt hefði nú verið að láta skuldina standa. Það hefir verið of mikil tortryggni í garð Guðmundar Ísleifssonar, sem ég lét mér til hugar koma á sunnudaginn. Hann er ekki svo slæmur karlinn!“.

Næsta fimmtudagskvöld var ég á gangi um göturnar, með vinum mínum, Guðmundi sál. Oddgeirssyni og Gísli Jónssyni. Veðrið var dimt og hráslagalegt, engin ljós og fátt á ferð, eins og vant er.

Segir þá Guðmundur sál. Oddgeirsson.

„Hvað, stendur nokkuð til hér í kvöl? Ég hefi séð svo mikið af ferðamönnum – óvenjulega mikið – ég skil ekki hvað því veldur og herna koma tveir; áðan sá ég þrjá aðra; hvað á að fara hér fram? Er nokkur fundur í kvöld? Við komum eins og af fjöllum, ég og Gísli og skildum ekkert í þessu; jafnvel ekki það sem Guðmundur Oddgeirsson var að tala um. Nokkru síðar mætum við Þorvarði sál. í Sandvík, vel kenndum. Heilsum honum og spurðum um ferðalag hans. „Það er nú ekki mikið í það varið sagði Þorvarður, ég veit það varla; en hvar er Merkigarður?“

Við bendum honum á bæinn og hann slangraði þangað. Svo féll talið niður og við komum okkur saman um, að þetta vær ekkert óvenjulegt. Þetta voru einhverjar sveitakallakindur að leita sér að náttstað. Hugur okkar hvarf því algjörlega frá þessu og við verðum engra slíkra karla varir um kvöldið.

Ég fór heim að kenna (á orgel) og lauk því kl. um 10; síðan settist ég við hljóðfærið til að spila nokkur lög áður en ég færi að háttu. Konan mín var inni í svefnherbergi og var að búa sig til að háttu, en ég sat við orgelið í stofunni fram við dyrnar og spilaði og söng eins og mér lá rómur til. Heyri ég þá að barið er allhastarlega að dyrum og eftir að ég bauð þeim er úti fyrir var að koma inn, gægist höfuðið á Sigurði sál. regluboða inn úr dyrunum, náfölt, með flóttalegu augnaráði. Mér varð hálf bylt við. Hann býður gott kvöld og segir:

„Ég var sendur hingað til þín, Jón minn, að segja þér, að þú eigir að koma strax upp í barnaskóla!“ Hver sendi þig? Og hvað á ég að vilja þangað? Er nokkuð að í skólanum?

„Nei, ég held að ekkert sé að, en ég veit ekkert hvað þú átt að vilja þangað“

„Nú, – en hver sendi þig?“ „Ja – ég var beðinn að segja ekki frá því“ „Hver fj.... er þetta! Ég fer ekkert fet nema ég fái að vita hver sendi þig“

„Jæja, – en blessaður láttu ekki vita um það: – það var hann séra Ólafur Helgason, sem bað mig að fara og segja þér að koma strax“!

„Nú – hann séra Ólafur? Var hann fullur? Sástu fleiri?. „Nei, hann var alveg ókenndur –. Já ég sá einhverja fleiri, nokkuð marga, en þekkti engan.“

„Nú, jæja, það er líklega eitthvað út af skólanum, sem um er að ræða“ hugsaði ég. „En hvað getur það verið svona seint; komin nótt. Það er annars rétt að ég fari, og sjái, hvað um er að vera, en hvað er þetta, ætlaðu ekki að bíða eftir mér, Sigurður? Hvað liggur þér á?“

„Ja, ég held að ég hafi þangað ekkert að gera“, sagði Sigurður og var sýnilega hræddur mjög- við eitthvað.

Við verðum samferða upp í skóla. Þar skildum við; hann hvarf út í myrkrið, en ég gekk inn.

Þegar ég opnaði dyrnar, sá ég mjög dauft ljós loga á innsta borðinu í skólanum og lagði mjög daufa birtu af því út um skólann. Tveir eða þrír menn stóðu við dyrnar og upp á milli skólabekkjanna sá ég glóra í mannahöfuð hér og þar, alls eitthvað 12 eða 13. Innfrá, hjá ljósinu, sat Sigurður sýslumaður Ólafsson og séra Ólafur Helgason við hlið hans og þeir Kristján Jóhannesson og Guðjón Ólafsson einir á fremsta bekk næst ljósinu. Hina sá ég ekki svo vel að ég þekkti neinn þeirra. Ekkert orð heyrðist talað, en smá þraskur milli einhverra bekkjanna utar frá og þóttist ég þar þekkja hið allþekkta pískur Guðmundar læknis Guðmundssonar frá Laugardælum og var það hvorki til þess að sefa grun minn né jafnvel reiði, sem í mig var komin, því nú sá ég, að samkoma þessi var ekki vegna skólans heldur einhvers annars. Það var hvorki meira né minna en öll Sýslunefnd Árnessýslu, sem hafði lagt það á sig, að ferðast ofan úr sveitum niður á Eyrarbakka í verstu færð, roki og rigningu, til þess að halda nokkurs konar sýslufund um hánótt, í svartasta skammdeginu. Eitthvað var nú um að vera; eitthvað lá við og það eigi lítið. En hvar var það?

Með sjálfum mér renndi ég grun í það að afgreiðsla okkar á sparisjóðnum síðasta sunndagskvöld gaf mér tilefni til á álykta sem svo: Guðmundur Ísleifsson hefir munað eftir okkur Templurunum, nú, eins og oft áður. Ég bauð „gott kvöld“ á þann hátt, að ég þættist viss um að þeir, sem fyrir voru, hugsuðu sem svo: Sá er nú ekki billegur! líklega er hann reiður eða hræddur eða hvorttveggja og væri þá vel, ef í honum lækkaði drambið áður en lýkur.“

Hvort þeir hafa hugsað nokkuð í þessa átt eða annað, veit ég ekki, en fáa heyrði ég taka undir kveðjuna. Ég gekk raleiðis inn að borðinu og sagði:

„Hvað ég að að vilja hingað? Hvað er um að vera? Er hér eitthvað það að, sem gjöra þarf svo bráðlega við, að menn séu kallaðir hingað um hánótt?“

Sigurður sýslumaður svaraði með mikilli stillingu ein og hans var vandi.

„Við erum komnir hingað til þess að athuga sparisjóð Árnessýslu og viljum biðja sparisjóðsstjórnina að gefa okkur nokkrar upplýsingar um sjóðinn. Það er aðallega veðlánabókin, sem við vildum athuga.“

„Það er sjálfsagt og velkomið“ sagði ég, en ég fyrir mitt leyti krefst þess, að enginn yðar fari héðan fyrr en þér hafið athugað allar bækur sjóðsins, talið sjóðinn og endurskoðað allt svo rækilega að þér, sérstaklega yfirendurskoðunarmenn geti gefið yfirlýsingu yðar um að allt ástand og stjórn sjóðsins, sem birta megir opinberlega með undirskriftum yðar að þessu loknu. Eða er þetta ekki einnig vilji ykkar meðstjórnenda minna og ykkar krafa? “ Þeir kváðu jú, við því.

Voru síðan allar bækur, skjöl og sjóður sótt upp í Hólmsbæ og varð nú þögn mikil og spennandi augnablik um hríð, meðal fundarmanna

Þegar bækurnar voru komnar, sagði Sigurður sýslumaður við mig: „Hvar er lán það er hvíli á Goodtemplarahúsinu? „Við skulum finna það í þessari bók, og sjá hvernig það lán var á sínum tíma“ sagði ég. Fletti ég svo upp bókinni og sýndi sýslumanni. Hann leit á það og sagði, eins og við sjálfan sig: „...á sínum tíma?“ Svo las hann og las, leit svo upp við og við og sagði við mig: „En er það þetta lán“ Hefir ekkert annað lán hvílt á húsinu? Sagði ég þá það, sem mörgum hefir síðan þótt freklega sagt:

„Hvað er þetta? Getur ekki sýslumaðurinn lesið?“ „Ó jú, læs hefi ég nú þótt hingað til“ sagði hann með mikilli stillingu og hélt áfram að athuga bókina. Loks lítur sýslumaður yfir mannsöfnuðinn og segir: „Þetta lán, tilheyrandi Goodtemplarahúsinu, og sem við höfum verið kvaddir hingað til að athuga, það er fyrir tveimur dögum borgað að fulli!“

Kvað þá við úr öllum áttum og í einu hljóði: „Borgað? – Borgað – Er lánið borgað?“ „Já, það er sem ég segi, það er borgað“ segir sýslumaður.

Fóru þá að heyrast raddir frá bekkjunum á þessa leið: „Hvað á það að þýða, að vera að kalla okkur hingað á fund, í versta veðri, ófærð og myrkri og svo er allt í lagi? – það er bara skömm að þessu!“

Ég sagði þá við sýslumanninn: „Þér hafið nú lýst yfir því, að þetta lán sé borgað og er það rétt, en ég endurtek kröfu okkar stjórnandanna að þér athugið nú allt viðvíkjandi sjóðnum sem yður finnst ástæða til og telja peninga og að því búnu látið stjórn sjóðsins í té yfirlýsingu yður endurskoðenda, sem sýnir að hér hefir verið gerð ómakleg og óvenjuleg ofsókn á hendur sparisjóðsins og stjórn hans, ella berið þér og aðrir fundarmenn ábyrgð á því, hvað af kann að hljóta, ef þessi árás berst út því annars fáir menn ekki að vita, hve ómakleg hún var og ástæðulaus og síðan sé sú yfirlýsing yðar birt í Ísafold eða Þjóðólfi næstu daga.“

„Við þurfum ekki að athuga neitt annað“ kvað sýslumaður „enda voru við ekki um annað beðnir, en hitt er sjálfsagt, að telja sjóðsbirgðirnar og gefa stjórninni þá yfirlýsingu sem henni þykir nægja og hún má svo birta“.

Síðan var sjóðurinn talinn og yfirlýsingin samin og birt í Ísafoldu nokkrum dögum síðar. Það sem hér að framan er svo til orða tekið, að á fundinum hafi verið mætt „öll sýslunefnd (Árnesinga), það er ekki rétt. Sýslunefndin var vitanlega fulltrúar úr öllum hreppum sýslunnar og þeir úr henni, sem voru úr hreppum þeim er neðar liggja voru einnig ábyrgðarmenn sparisjóðsins og ýmsir helstu bændur einnig úr þeim hreppum alls um 20 eða þar yfir.

Þarna voru þá mætti allir Selfossbændur, þrír að tölu: Guðmundur læknir í Laugardælum o.fl, sem ábyrgðarmenn, en ekki sýslunefndarmenn og fjöldi annara af Eyrarbakka og frá Stokkseyri. Þá voru engir vegir yfir ár í Flóanum, nema Nesbrúin, venjulega alssendis ófær, sérstaklega á haustum og vetrum, þegar rigningar og bleytur voru. Frá Selfossi og niður á Bakka, var þá eigi farið á skemmri tíma en þrem klukkustundum, hvora leið, og oft lengur, ef myrkur var á, því þótt sú leið væri venjulega farin ríðandi á hesti, varð maður oftast að ganga fyrir hestinum all leið yfir brúna og oft að draga hest sinn upp úr feninu; brýrnar, sem á brúnni voru eða áttu að vera voru ýmist engar eða ófærastar af öllu. Sjálf var brúin löng mjög, án alls ofaniburðar, nema moldarleðju, sem óðst út og varð að feni einu og ófær, vegna mikillar yfirferðar. Þeir voru því ekki neitt hrifnir af því, karlarnir þarna að ofan, að hafa látið Guðmund Ísleifsson narra sig niður eftir í slíkri færð og veðri.

Nú var gamla Templarahúsið rífið og annað byggt í staðinn. Það var allstórt og veglegt hús, en til þess að koma í veg fyrir byggingu þess, kærði Guðmundur Ísleifsson til hreppsnefndar og verslunarstjóra Lefoliis yfir því, að húsið yrði til þess að skyggja á sundmerki veiðistöðvarinnar (!!)) og krafðist þess, að húsið yrði ekki byggt á þessum stað eða ef lengra væri haldið byggingunni, þá yrðu hún bönnuð eða húsið rífið niður án allra skaðabóta. Einhverja formenn eða flesta þá er réru frá Háeyrarlandi, fékk hann til þess að styðja kröfu sína, þrátt fyrir það þó að hér væri aðallega um að ræða sundmerki þau er voru á Lefoliis lóð. Málið var vandlega athugað af formönnum og öðrum og leiddi sú athugun í ljós, að hér var ekki um neina hættu að ræða. Húsið skyggði hvergi á; það kom aftur á móti í ljós, að það gat verið hið besta sjómerki á einstökum stöðum í fjörunni eða á leiðum mann um þær. Svo fór um sjóferð þá.

En nú vildu Templarar ekki skilja við Guðmund Ísleifsson svo, að hann héldi eftir húsgrunninum undan gamla húsinu, því þeir töldu sig eiga hann en engan annan. Ný atrenna lá því fyrir hendi að Guðmundi um þetta efni. Við vorum aðallega þrír, Kristján Jóhannesson, Hjörleifur Hákonarson og ég, sem menn vildu ota fram gegn þessum höfuðfjanda templara og einnig allra nýtsama og frjálslega framkvæmd þar í þorpinu og við voru alveg ódeigir til að taka það á hendur.

Þótt sjálfur segi ég frá varð það ávalt hlutskifti mitt, að ríða á vaðið í þessu efni og mörgu fleirum og mátti um það e.t.v. seiga, að „fíflinu skal á foræðið etja.“ Með þessu vil ég þó

eigi segja, að ég hafi verið mera „fífl“ en aðrir menn, né heimskari. Hinu vil ég heldur ekki halda fram, að ég hafi verið hyggjari, gætnari eða athugulli, en ég hefi ávalt verið með því merki brendur, að vilja ekki líða öðrum að troða mér um tær, með ofstopa og yfirgangi, rangindum og ruddaskap. Ég hefi aldrei viljað gjöra öðrum órétt og heldur ekki viljað þola, að aðrir gerðu mér rangt til. Þessvegna var það oft óhjákvæmilegt fyrir mig að steyta við steinunum sem í götu minni lágu og reyna til að ryðja þeim úr vegi í stað þess, að byggja mig í auðmýkt og segja: „Verði þinn vilji“. Ég þóttist einnig hafa vilja, sem rétt ætti á sér, ef ég færi með rétt og satt mál.

Nú stóð svo á, að templarar höfðu á sínum tíma, fengið grjót það er í grunninum var að gjöf úr Litlahraunslandi, en ekki úr Háeyrarlandi. Ég byrjaði því herferð mína á því, að finna Sigurð sýslumann Ólafsson og spyrja hann hvort við mættum flytja grjótið úr grunninum eða ekki og þá án endurgjalds³ eða nokkurar greiðslur til Guðmundar Ísleifssonar. Sýslumaður vildi engan úrskurð á það leggja –, hefir sennilega búist við það þetta félli e.t.v. án úrskurð hans á öðrum vettvangi – hann sagði þá aðeins: „Þið getið boðið Guðmundi Ísleifssyni grjótið til kaups.“ „en vilji hann ekki kaupa því verði er við setjum upp er okkur þá óhætt að flytja grjótið?“

„Það verðið þið að eiga við ykkur sjálfa“ kvað sýslumaður, „en ef þið flytjið í forboði Guðmundar, getið þið búist við málssókn af hans hendi, en hvernig það mál félli, get ég vitanlega ekki sagt til um. Best væri að þið reynduð að sættast á þetta.“

„Sættast? nei aldrei, nema Guðmundur kaupi grjótið því verði, er við setjum upp“ sagði ég. „Hvaða verð er það?“ spurði sýslumaður. „25 krónur þar sem það er og eins og það er í grunninum.“ „Ójá. Það er nú líklega ekki ósanngjarnt og er líklegt að Guðmundur gangi að því. Þið skuluð reyna að sættast við hann og slá þá heldur af, en hafna sættum.“ „Slá af?“ sagði ég „engum eyri!“

Næsta atrenna var að Guðmundi sjálfum. Ég sætti lagi, og hafði tvo menn men mér að hitta Guðmundi úti og nálægt grunninum, enda var hann þar oft á gangi – og verður sennilega lengstum lifandi og dauður. – Jú við hittum hann þarna strax sem við komum þangað, heilsuðum honum kumpánlega, töluðum um veðrið, sjóveðrið og fiskiveiðarnar. Hann var hinn „artlegasti“ En áður en við skildum við hann sagði ég við hann:

„Já, það er það grjótið í grunninum þarna, Guðmundur, sem við teljum okkur eiga. Viltu kaupa það á 25 krónur?“ Guðmundur sótroðnaði, augun urðu eins og nálaugu og hann sagði byrstur: „Kaupa grjótið? Grjótið á ég, það er á minni lóð og ég fyrirbýð ykkur að hreyfa einn stein í því.“ „Ég bið þessa menn sem með mér eru, þá Guðmund Oddgeirsson og Guðna Jónsson, að minnast þess, að ég hefi boðið þér, Guðmundur Ísleifsson, grjótið undir Goodtemplarhúsinu hérna sem var, til kaups fyrir 25 krónur og að þú hafir neitað því tilboði! Vertu sæll!“

³ Hér er bréf í handritinu, óviðkomandi þessari frfásögn.

Svo fórum við, en Guðmundur öskraði upp og sagði: „Þið skuluð aldrei fá einn stein af þessu grjóti né einn eyrir fyrir það og ef þið snertið við því, skal ég kæra ykkur sem þjófá fyrir það farið svo til fjandans með þetta bölvuð greyin ykkar!“ Meira heyrðum við ekki.

Næsta dag sendi ég Guðmundi skriflegt tilboð um að kaupa grjótið fyrir 25 krónur innna 4ra daga, ella líti ég svo á, að okkur væri frjálst að flytja það af lóðinni án nokkurrar borgunar til hans. Bréfið bað ég stefnuvottana að birta honum. Þeir gjörðu það. Sama dag komu þeir til mín og birtu mér einhvern vaðal frá Guðmundi um það, að hann fyrirbyði mér eða öðrum templurum að hreyfa við grjótinu eða flytja það, því það væri hans eign.

Svo liðu tveir dagar. Á þriðja degi endurtók ég tilboð mitt og tveim tímum síðar fékk ég forboð Guðmundar. Enn skrifaði ég sama dag og ákvað, að ef Guðmundur ekki greiddi mér 25 kr. fyrir grjótið fyrir kl. 12 á hádegi næsta dag, léti ég rífa grunninn og flytja grjótið strax að morgni næsta dag þar á eftir.

Vitanlega sendi Guðmundur mér enn algjört bann sitt gegn þessu. Öll þessi bréf, er milli okkar fóru, birtu stefnuvottarnir okkur hvorum fyrir sig.

Verslunastjóri Lefoliiverslunar, P. Nielsen, hvaðst fús að kaupa grjótið fyrir 25 krónu og greið flutningskostnaðinn, því hann þyrfti að nota það í grunn undir stækkun á brauðgerðarhúsinu sínu, aðeins yrðum við að sjá um flutninginn og eiga alla samninga(!) við Guðmund Ísleifsson. Hann (P.N.) sagði, að við mættum kveðja svo marga menn úr vinnu hjá sér sem við vildum og ráða valinu á mönnunum; hann skildi einnig lána okkur vagn og hest til flutningsins. Við fengum þrjá hesta og þrjá vagna. En svo var að fá mennina: Þá allra duglegustu og huguðustu sem völ var á. Við völdum þrjá menn, engan lægri en þrjár álnir á hæð og hina herðabreiðustu, því Guðna Jónsson (sterka eða Stóra-Guðna), en hann var alþekktur fyrir þá sök, að hann hefði oft lyft fullri bernnivistunnu á brjóst sér, sem væri það hálfanker; til fylgdar honum völdum við „Stóra Leifa“ (Hjörleif) og Jón litla sterka“ Liðið var að vísu ekki mannmargt, en styrkt vel og lögðu þeir þrír af stað, með þrjá vagnhesta, gjórhaka, skóflur og járnkarla og sína sleggjuna hver, í birtingu um morguninn austur að Háeyri, til að vinna verkið, með þeim „passa“ frá okkur, að þeir ætluðu að rífa templarahúsgrunninn, vinna vel og láta hvorki bann né bölvunarorð Guðmundar neitt á sig fá. Þeir kváðust skyldu standa fast fyrir öllum árásum hans, svo lengi sem þeir fengju lífi haldið.

Þegar ég kom á fætur um morguninn og gekk hjá brauðgerðarhúsinu, sá ég að nokkrir vagnar af grjóti voru komnir þar á staðinn og að verkið mundi ganga vel. Fór ég svo til vinnu minnar á skrifstofu verslunarinnar.

Um dagmálabilið varð mér litið út um glulggann; sá ég það að herlið okkar allt kemur austan götunar, þrír menn með verkfæri sín reidd um axlir og teymdu þeir sinn vagninn hver. Mér varð að orði: „Hvað er þetta? Eru þeir búnir? Það getur ekki verið! En hví koma þeir?“ Í þessu bar þá að, og sé sagði við þá: „Eruð þið búnir?“ „Nei!“ sögðu þeir, „aðeins byrjaðir, en við förum þangað ekki aftur!“ „Hví þá það? Hvað hefir komið fyrir ykkur?

„Guðmundur Ísleifsson kom til okkar og hótaði því, að ef við ekki hættum strax, skyldi hann drepa okkur! Hann lét svo illa og óðslega, að við förum þangað ekki aftur, nema þið gefið okkur það skriflegt, að þið takið á ykkur alla þá ábyrgð, sem af því getur hlotist, að vinna þetta verk!“

„Nægir það ykkur? sagði ég“. „Já!“kváðu þeir. „Þið skuluð fá þetta skriflegt“ sagði ég, en gekk frá þeim og sagði: „Aumingja vesalingarnir! Svona miklar raggeitur hélt ég ekki að væru til hér á Bakkanum, að hræðast einn vitlausan karl; Þið ættuð að vera stærri og sterkar en þið eruð!“ Fór ég svo inn á skrifstofuna, sagði Kristjáni Jóhannessyni og Hjörleifi Hákonarsyni frá því hvaða herföngja við ættum og skrifuðu svo ábyrgðarskjalið og tókum skýrt fram, að við ábyrgðumst líf þeirra og limi! Ekki var nú verið „að súta út í smáræðin!“

Mennirnir tóku við skjalinu, lásu það og sýndu á sér svo mikla ánægju, að hún hefði tæplega verið meiri, þó ég hefði skrifað lykilinn af Sankti Péttri og hleypt þeim í forboði hans inn í himnjaríki!“ En áður en þeir fóru sagði ég: „Þið fárið nú aftur og vinnið allt hvað þið getið hvað sem á gengur, aðeins skulið þið verjast meiðslum af hendi Guðmundar eða manna hans ef nokkrir veita honum lið og þið skulið ekki hætta fyrri en sýslumaðurinn kemur til ykkar og hefir lesið yfir ykkur úrskurð; því nú hefir Guðmundur sent Þorleif son sinn flugríðandi eftir sýslumanninum. En munið að hætta, ef sýslumaður birtir ykkur einhvern úrskurð frá sér, enda skal ég þá reyna að vera við!“ Sýnið þið nú að þið séuð menn en engar bleyður!“Og svo lagði herliðið af stað, út í þessa ógurlegu orrustu sem í vændum var.

Sýslumaðurinn reið hjá kl. 1 um daginn. Engar fregnir höfðu borist af bardaganum, ég hafði fengið tvo stráka, Sigurjón V. Jónsson og Sigurð Einarsson til þess að vera á verði og hlaupa sem skjótast til mín ef þeir sæju sýslumann koma út á Háeyri og fara að fást við mennina við grjótlutninginn.

Kl. 4 kom sýslumaður út; hljóð þá Sigurjón af stað til mín, en er hann sá, að sýslumaður sté á bak hesti sínum og lagði leið sína austur að Stokkseyri, hætti hann við að gera mér aðvart. Hvað fram fór inni á Háeyri veit enginn.

Mennirnir luku við vinnu sína kl. 5 1/2, allt grjótið komið á sinn stað, en það sem fram fór milli vinnumanna og Guðmundar, meðan sýslumaður var enn ekki kominn og þeir sögðu okkur hvað verið hefði, en svo ótrúlegt og ófagur, að það vil ég ekki birt.

Þeir sem þekktu Guðmund Ísleifsson gátu sér nærri um hvern hug hann bæri til okkar og þá ekki síst til mín, enda kom það fram í ársbyrjun 1901 og getur skeð að ég víki að því, þótt ófagurt sé, og í raun og veru ekki í frásögu færandi

1889

Ég var nýlega fluttur til Eyrarbakka þegar heyrði það af munni margra manna þar, að ekki mundi ég dvelja þar til langframa, áður en Guðmundur Ísleifsson kallaði mig fyrir sig, til þess að hann fengi að vita afstöðu mína til hans sjálfs og málefna þeirra, er hann kynni

að hafa áhuga fyrir. Meðal þessara manna voru þeir Haraldur Möller gestgjafi, Kristján Jóhannesson. N.C. Bach bakari og margir fleiri.

Ég spurði þá, hvers ég ætti af vænta af slíkum samfundum við Guðmund og sögðu þeir, að það væri síst gott og yrði sennilega allhörð reynslustund, meðan á því stæði. Þó komi það mjög undir því, hversu auðsveipur ég yrði við hann. Sögðust þeir, hver um sig, hafa gengið í gegnum slíkan hreinsunareld og sloppið óbrenndir að öðru leyti en því, að þeir hefðu orðið svarnir óvinir hans og léti hann þá kenna á því eftir mætti, hvenær sem hann sæi sér færi á. Ég

sagð þeim, að mér væri meinlaust til Guðmundar. Þekkti hann að vísu lítið, en engu nema góðu og ótrúlegt þætti mér að honum fyndist sá slægur í mér, að hann hefði svo mikið við mig, að ekki stæði honum á sama hvorum megin hryggjar ég lægi; ég væri ungur, tæplega hálfþrítugur og hefði enn ekki gefið mig á málefnum almennings og mundi hliðra mér hjá því í lengstu lög.

Þeir bentu mér á að Guðmundur liti öðruvísi á þetta mál: Ég væri t.d. barnakennari, organisti og verslunarmaður við Lefoliisverslun og að þetta síðasta mundi honum þykja mest um vert; annars skyldi ég bíða átekta og sjá til, hvort hann mundi ekki leita á mig innan skamms. Þetta sagði m.a. Haraldur Möller og enda Kristján Jóhannsson líka með kankvíslegu brosi á vörum. Ég tók þetta því ekki alvarlega og hlakkaði jafnvel til að eiga von á viðtali við Guðmund.

Nú bar svo við, að Guðmundur Ísleifsson varð fyrir því slysi að hann féll af baki hesti sínum milli Eyrarbakka og Stokkseyrar og viðbeinsbrotnaði á vinstri öxl. Lá hann rúmfastur um mánaðartíma eða svo og batnaði síðan en varlega þurfti hann að fara með sig, sem von var nokkuð lengur.

Nálægt 6-7 vikum eftir að Guðmundur viðbeinsbrotnaði, sendi hann verslunarþjón sinn, Jón Vigfússon (nú í Seattle) til mín, með orðum um að finna sig kl. 8 1/2 næsta sunnudagskvöld. Jón Vigfússon var dálítið kýmileitur þegar hann skilaði þessu til mín og spurði: „Hefur Guðmundur aldrei boðið þér til sín fyrri, eða þið átt einkatal saman, síðan þú komst á Bakkann?“ Ég kvað nei við því og sagðist ekki þekkja hann svo, að ég ætti von á slíkum heiðri. „Jæja“ sagði Jón. „Þér gefst þá tækifæri til að kynnast honum á sunnudaginn, ef þú kemur“. „Ef ég kem! Heldurðu að ég komi ekki“ „Nei, ég er ekki hræddur um að þú komir ekki, en þú skalt gæta þín, að hann ekki komi í þig víni – já það er satt, þú ert víst templar, hvernig læt ég?“ „Þú gerir mig hræddan!“ sagði ég. Hvað stendur til? Er nokkur hætta á að hitta karlinn?“ En það skemmir ekki að þú sjáir við honum“. Svo fór Jón Vigfússon og ég hugsaði ekkert um þetta fyr en sunnudaginn kom og fór ég þá austur að Háeyri kl. 8 1/2. Hitti ég þar Jón Vigfússon og sagði við hann: „Ég veit, að Guðmundur reynir að koma í mig víni og ef hann sér að ég sýni honum mótþróa með því að þiggja það ekki, þá verður hann reiður og er þá öll ánægja mín af viðtali við hann, farin út um þúfur. Nú hefi ég hugsað málið. Þú getur hjálpað mér, ef þú ert nærri og skaltu þá setja flösku á borðið. Ég segi Guðmundi að ég drekki ekki annað en Portvín og í flöskunni skaltu hafa hreint vatn litað með hæfilega miklu kaffi. Viltu lofa þessu?“ „Já, ef ég verð tilkvaddur“ sagði Jón.

Þegar að Háeyri kom, fylgdi Jón Vigfússon mér inn á skrifstofu Guðmundar í suður-enda verslunarhússins og var Guðmundur þar fyrir. Tók hann á móti mér, sem væri ég sonur hans eða bróðir og sagði: „Ég nú ofurllítið hýr og get ekki talað við almennilega menn, nema þeir geti glaðst með mér. Þú þiggur nú eitt staup af víni með mér?“

„Áttu protvín handa mér?“ „Já, já, hvaða vín sem þú vilt! Farðu Jón minn (Vigfússon) og náðu Whisky flösku, vatn og glas handa mér og Portvínshöfðu og glas handa honum Jóni!“ Jón Vigfússon fór, en dvaldist ótrúlega lengi, svo að Guðmundur fór fram og kallaði til hans: „Hvern fj. ertu að gaufa Jón? Komdu með flöskuna“. Jón kallaði á móti og sagði: „Það er von að ég sé lengi, ég varð að fara inn í bæ til að ná í kjallaralyklana, en nú er ég að koma“ „Já, flýttur þér pá!“

Jón Vigfússon kom loks með tvær flöskur og hafði tekið tappa úr þeim hvorri fyrir sig. Aðra lét hann hjá Guðmundi, en hina hjá mér og sagði: „Að þú skulir ekki heldur viðja Wiskey, Jón; maður finnur ekkiert á sér af Portvíni! „Jú, ég finn á mér af öllu, jafnvel hreinu vatni, því það er svoddan hænuhaus á mér“. Svo hellti Jón í glösin og sagði Guðmundi honum að fá sér glas líka og sátum við nú þarna stundarkorn og röbbuðum saman.

Meðal annars sagði Guðmundur: „Mér líkar vel við þig Jón (C: mig) að þú ert ekki lengur bundinn við þá vitleysu, að vilja ekki smakka vín. Svona var hann faðir þinn sálugi líka, og þótt okkur kæmi nú ekki alltaf vel saman – hann var svo þver –, þá líkaði mér þetta vel við hann, en hann Bjarni bróðir þinn, að var maður, sem ég aldrei gat liðið“. Ég holti á glas mitt og sagði: „Þú hefir sennilega ekki þekkt þá nógu vel; þeir eru nú báðir dánir og ég vil ekkert misjafnt um þá heyra“.

„Jæja, jæja! Taktu nú þetta allt héðan, Jón Vigfússon og berðu það inn í stofuna mína. Ég þarf að tala einslega við hann Jón Pálsson! Við skulum flytja okkur þangað“.

Var nú Guðmundur orðinn alldrukkinn, farinn að depla augum mjög títt og fitja upp á nafið, ræskja sig og reigja.

Þegar inn í stofuna kom, aflæsti Guðmundur hennu, tók lykilinn og stakk honum í vasa sinn, tók Whiskyflöskuna og ætlað að skenka í glas mitt, en ég varð fyrri til og fyllti það með þessu sem í minni flösku var. Sýndi hann þá á sér allmikla reisn og sagði: „Hvað er þetta! Viltu vera að drekka þetta Portvín? Þér verðu illt af því. Smakkaðu heldur á þessu; það er hollt“. „Né, ég drekk nú úr glasinu fyrst; hitt getur verið gott á eftir“. „Já, Jón minn! Ég bað þig að koma hingað í mjög áríðandi erindi en það er áríðandi fyrir þig og ég vil þér vel. Nú ætla ég að leggja fyrir þig eina spurningu, sem allt veltur á fyrir þig. Þú er nú kominn hingað á Bakkann og ætlar m.a. að verða barnakennari, og ert þegar orðinn það, organisti o.s.frv: Þú komst því ekki hjá að hafa einhver afskipti af ýmsum málefnum okkar Bakkamann. Þú ert ungur og upprennandi maður. Nú er því spurningin þessi: „Viltu vera með mér eða á móti mér“ Ég held, að það sé alveg óþarfi fyrir þig eða aðra, að hafa mikla áhyggjur af afskiptum mínum af málefnum ykkar, en ef ég að svara spurningu þinni, get ég sagt þér það eitt skifti fyrr öll, að ég vil vera með hverju góðu málefni og styðja

það eftir megni og þá menn sem að þeim vinna, en á móti öllu því sem ég tel miður fara og reyna að aftra mönnum frá því að vinna að þeim!”

Varð Guðmundur þá reiður, en stillti sig þó vel, þú fullur væri orðinn og sagði: „Þetta er ekki nóg! Þú verður annaðhvort að lýsa því yfir að þú sért með mér í öllu, eða á móti mér. Því, ef þú kýst þann kostinn, að vera með mér, þá skaltu mega reiða þig á, að ég er með þér, hvað svo sem þú gerir eða vilt láta gera, en verði þú á móti mér, þó ekki sé nema í smávægilegum atriðum, skaltu eiga von á því að ég beinlínis ofsæki þig allt af og í öllu, hversu gott málefni sem þú þykist vera að vinna fyrir. Annaðhvort ertu með mér eða móti mér!“ „Þá skilur okkur“, sagði ég, og ég ætla mér að standi við það sem ég sagði: „Með þér í öllu góðu en móti þér í öllu illu“.

Tók hann nú til að særa mig og erta með því að telja upp allt satt og ósatt sem hann þóttist vita um föður minn og bræður og aðra nánustu ættingja. En þegar ég lét þetta engin áhrif á mig fá, stóð Guðmundur upp, óð að mér og tókst að berja mig framan í andlitið, en ég varð mig fyrir meiðslum af barsmíðum hans. Þessi ólæti hans endurtók Guðmundur nokkru síðar og sparkaði þá með fótunum og barði með höndunum. En svo kom eitthvað það fyrir, að Guðmundur varð að ganga út. Hann lauk því upp og gleymdi að aflæsa og taka lykilinn úr skránni. Næst er hann óð að mér tók ég í hægri hendi í vangaskegg hans vinstra megin og skellti honum á vinstri hlið niður á gólfín, en þeim megin hafði viðbein hans brotnað. Þegar Guðmundur lá þannig á gólfínu sætti ég lagi og leitaði dyra, en heyrði um leið og ég fór út ógurleg og ámátleg hljóð og veinl „Brotinn! Brotinn! Brotinn!“

Hljóp ég síðan sem fætur toguðu heim til mín, læsti húsinu og háttaði niður í rúm. Næsta dag hitti ég Guðmund á götu sagði hann þá: „Góðan daginn Jón! Þakka þér fyrir síðast!“ Sem betur fer hafði fall Guðmundar ekki orðið honum að meini.

Árið 1897 vann Guðmundur Ísleifsson mjög ötullega að því, að ég yrði kosinn í hreppsnefnd, ásamt þeim Jóni Hannessyni, Þorkeli Hreinssyni, Þorkeli Þorkelssyni frá Óseyrarnesi og Þorsteini Þorgilssyni. Voru þetta allt mæti menn og hinir bestu til allrar samvinnu. Þá lá fyrir að skifta Stokkseyrarhreppi í tvö hreppsfélög, en hreppsnefndaroddvitar höfðu þeir verið hvor eftir annan, Einar gamli Jónsson („borgari“) og séra Ólafur Helgason og þótt þeir, hvor um sig, væru hinir mætustu menn, sem ekki vildu vamm sitt vita, var fjárreiða þeirra í megnu ólagi, meðfram vegna gæflyndis þeirra og góðmennsku. Hreppnum var skift þannig, að 2/3 hlutar lentu á Stokkseyrarhreppi, en 1/3 á Eyrarbakka. Takmörkin voru Hraunsá. Nú var það á hreppsfundi haustið 1897 bar ég fram tillögu um það, að gjaldkeri hreppsins, sem þá var Þorsteinn Þorgilsson fengi borgun fyrir störf sín, gegn því að bera ábyrgð á hreppssjóðnum, þ.á.m. greiðsum frá öðrum hreppum, tilkynna fjárveitingar úr hreppssjóði, viðkomandi hreppnum, o.s.frv. Þetta var samþykkt með miklum meirihluta. Samt sem áður fann Guðmundur Ísleifsson tilefni til þess að vekja megna óánægju meðal hreppsbúa og safnaði undirskriftum þeirra undir kæruskjal á hendur mér til sýslunefndar.

Á sumardaginn fyrsta 1898 kom ég, ásamt þeim P. Nielsen og séra Ólafi Helgasyni úr Reykjavíkurferð. Höfðum við verið um vikutíma á því ferðalagi og fengum ófærð mikla að sunnan. Urðum að vaða hnédjúpan snjóinn á undan hestunum yfir alla Hellisheiði, enda vorum við 7 kl. tíma yfir heiðina. Þegar ég kom úr þeirri för, sá ég árangurinn af iðju Guðmundar meðan ég var fjarverandi. Undirskriftaskjal til sýslunefndarinnar, sem þá sat sýslufund á Eyrarbakka, og voru 77 hreppsþúar undirskrifaðir þessa kæru, allir góðir vinir mínir – nema Guðmundur sjálfur, er einnig hafði undirritað og flestir einmitt þeir, sem greitt höfðu atkvæði með þessu um haustið og nú var sýslunefndin að ræða málið. Ekki lét ég þetta fá svo mikið á mig, að ég talaði við neinn mann í sýslunefndinni, heldur beið ég úrskurðar hennar, sem var á þá leið, að hún hefði rannsakað málið og fengið nægar sannanir fyrir því að þetta atriði, m.a. hefði verið samþykkt með nægum meirihluta hreppsþúa á almennum hreppsfundi um haustið og sem löglega hafði verið boðið til og því lögmættur, enda fullleyfilegt – og enda vel viðeigandi og nauðsynlegt – að taka slíka ákvörðun. Kæran var því dæmd dauð og ómerk. En þetta varð þó til þess, að ég ásetti mér að losna sem fyrst frá oddvitastörfum mínu, sem síðar mun sagt verða.

Ég ráðfærði mig því oft við Sigurð sýslumann Ólafsson um það, með hvaða móti ég gæti losnað úr nefndinni. Hann taldi öll tórmörk á því, og sagði að ég gæti ekki losnað nema með því móti að ég flytti burtu úr hreppnum. Þar við sat allengi um vorið en ég lét það óspart í ljósi við nefndarmenn mína og aðra, að ég ætlaði mér að losna úr nefndinni hvað sem það kostaði og vissu menn því, að þetta var alvara mín og þóttust þekkja mig að því, að ég léti ekki sitja við orðin tóm og nú fór Guðmundur Ísleifsson að verða mér vinveittur, m.a. með því, að tala við mig, gera mér orð að tala við sig um ýms hreppsmál o.s.frv. en ekki gast mér að þeim vinalátum og vissi ekki hvað undir bjó. Enn fór ég á stúfana við sýslumann og bað hann liðsinnis og ráða til að losna úr nefndinni, en hann skírskotaði til hinna fyrri svara sinna við því. Spurði ég hann þá! „Getur ekki hreppsnefndin sjálf veitt mér fararleyfi, samkvæmt 9. gr. laga, 4. maí 1872?“ Sýslumaður athugaði þetta atriði laganna og sagði ísðan: „Jú, það getur nefndin, ef þér hafið meir hlutann með yður.“

Þessu svari varð ég feginn og tók nú til að ræða málið við hvern einstakan meðnefndarmann minn. Tókst mér svo að telja um fyrir þeim, að tveir þeirra, Jón Hannesson og Þorkell Hreinsson lofuðu að samþykkja það, en sögðu að það væri ekki meiri hlutinn og því væru loforð þeirra til einskis. Ég lét mér þetta nægja og boðaði til hreppsnefndarfundar, lét greiða atkvæði um málið og féll það með 2 atkvæðum gegn 2. Daginn eftir boðaði ég þá á fund aftur sagðist nú taka málið upp að nýju, því að staðan hefði breyst síðan í gær en af því að þeir munu hafa haldið að nú væri ég búinn að fá þriðja manninn af þeim fjórum, en þeir vissu ekki hver það var, leyfðu þeir mér atkvæðagreiðslu aftur var þá úrsögn mín samþykkt með 3:2 atkvæðum, því nú greiddi ég sjálfur atkvæði með því!

Þessu vörðu þeir sig ekki á. Fór ég því til sýslumanns og sagði honum hvernig komið var og taldi hann það löglegt í alla staði. Síðar varð annar af þeim 2 er á móti voru með þessu, en ekki man ég nú hver það var.

Ég var laus! Nú fréttist þetta og urðu ýmir gramir við samnefndarmenn mína, aðrir öfunduðu mig og enn aðrir hótuðu mér kærni til sýslunefndar. Ég sagði þeim, að enn væru 8 eða 10 mánuðir þar til sýslunefnd kæmi saman og að sýslumaður sjálfur teldi mig eiga fullan rétt á að losna, úr því að meðnefndarmenn mínir hefðu samþykkt það. Þar við sat.

Nú kallaði Guðmundur Ísleifsson mig til sín og hafði ekkert við þetta að athuga heldur fór fram á við mig:

1. Að ég lýsti því yfir opinberlega að ég hefði kjörið hann fyrir eftirmann minn í nefndinni í þau 5 ár sem eftir voru
2. eða (til vara): Að ég gæfi út auglýsingu eða umburðarbréf til allra Eyrbekkinga um það, að ég skoraði á þá að kjósa hann í nefndina, þegar kosið yrði í minn stað!
3. Hvílíka heimsku ætlaði ég honum nú ekki, en sagði: „Fyrst og fremst er það ólöglegt, að ég afsali þér eða neinum öðrum á hendur starf, sem ég hafi látið af, og í öðru lagi mun ég síst af ölu mæla með því til þessa eða neins annars, því þig einan álít ég óhæfastan til þessa starfa eða nokkurs þess, er almenningi má vera til heilla. Mæla með þér! Nei, aldrei!“

Guðmundur var, – sjaldan þessu vanur – alveg án vins, en svo reiður varð hann að hann barði í borðið, stappaði í gólfið og sagði: – Þú veist enn ekki við hvern þú átt, Jón Pálsson, en það skal ég segja þér, að þessa skal þig iðra þó seinna verði og eiga mig á fæti fyrir bragðið!“ „Vertu nú ekki að þessum mannalátum Guðmundur; sagði ég, mjög rólegur, „þú mátt gera hvað þú vilt, ég óttast ekkert hótanir þínar og fer allra minna ferða fyrir þér, eftirleiðs sem hingað til!“

Eftir þetta og á meðan ég var enn ekki laus úr nefndinni, skrifaði Guðmundur mér mörg bréf, eiginlega eintóman vaðal og vitleysu, sem ég tók ekkert mark á, og á ég eitthvað af því tæi í fórum mínum enn.

Árið 1901, hinn 9. janúar lætur svo Guðmundur skrifa bréf „frá vinum og venslamönnum í Reykjavík“ til P. Nielsen, húsbónda míns, þar sem þessir „vinir og venslamenn“ hans (P. N.) vara hann sterklega við því að hafa mig og Kristján Jóhannesson degi lengur í þjónustu sinni, vegna þess, að þeir hafi heyrt og sannfærst um að við hefðum óleyfileg mök (ulovlig samleje) við konu hans!! Um sama leyti finnur Andreas Lefolli bréf til sín, sem lá fyrir honum á Börsen í Kaupmannahöfn, frá einhverjum „Jóni Jónssyni á Heiði“ sem segist vera einn meðal stærstu ullar-viskiftamanna hans í sinni sýslu og hótar honum að hætta að versla við hann framvegis og fá alla sýsluna sína til þess, ef hann hafi okkur Kristján Jóhannesson lengur í þjónustu sinni við verslun hans á Eyrarbakka! Lefolli sendi bréfið til P. Nielsen til umsagnar, en gat þess um leið að það mundi vera eitthvað svo „lokalt“ við þetta bréf, að hann (Lefolli) gæti ekki áttað sig á því. Frú E. Nielsen kom sjálf með bréfið til mín og var alveg hissa á ósvífn þess sem þetta hafði gjört en gat ekki hugsað sér neinn annan mann þar á Bakkanum sem þetta hafði gjört. Maður sinn væri þó enn meira hissa og vildi brenna bréfið strax.

„Nei“ sagði ég, „lánið mér bréfið ofurlitla stund; ég skal sýna ykkur hvaðan það er upprunnið!“

Ég þekkti að vísu ekki rithöndina, en þóttist þó renna grun í, hver ritað hefði, þó ótrúlega væri það ólíkt rithönd þess manns, er ég grunaði. Ég fór með bréfið upp í sparisjóð, tók þar fram tvö veðbréf og sá, að sá, er bréfið hafði ritaði, hafði ekki gætt sín nógu vel, því bæði á veðbréfunum og þessu saurblaði voru t.d. þótt skrifuð með þótt (þ.e. með stryki yfir bæði té-in; þar sem r var væru væru það á báðum stöðum ritað þannig r [bls 146) ekki r (þ.e. „slaufan“ náði niður fyrir línuna undir veðbréfunum stóð nafnið: „Sigurður Gíslason“. P. Nielsen vildi ekkert láta gera í þessu og sagði sem satt var: Það er einungis til þess að þessi óhróður um ykkur, konu mína og heimili mitt „kemst í umtal og verður þá Guðmundur Ísleifsson til ánægju, en þið megið öll trúa mér, að ég legg engan trúnað á þetta. Ég sé nú að Guðmundur hefir notað þennan mann, saklausan til þessa óhæfuverks og ég vil ekki gera Guðmundi þá ánægju að láta hann sjá eða heyra að bréfið hafi komið fram.“ Síðan brenndi Nielsen bréfið fyrir augunum á mér og var aldrei minnst á það framar. Við Kristján Jóhannesson voru auðvitað kyrrir í stöðu okkar og ég heimiliskennar hjá P. Nielsen eftir sem áður.

Næstu vertíð var ég sjómaður á Stokkseyri, eins og vant var, mældi þar salt, tók á móti fiski, lét úti vörur fyrir Lefoliisverlsun. Þegar mikið fiskaðist og mikið var að gera, sendi P. Nielsen Guðmund Oddgerisson til mín síðari hluta dagsins, til þess að hjálpa mér við afgangsluna og var hann ávalt ríðandi. Sjálfur gekk ég oft heim og var einn á ferð þó skuggsýnt væri.

Einu sinni, þegar Guðmundur Oddgeirsson var hjá mér, sé ég að rýtingur (Dolk) lafði við hægri hlið hans og segi: „Hvað er þetta, ertu með Dolk?“ Guðmundur Oddgeirsson varð hvumsa við mig og segir eftir nokkra þögn: „Já, ég er með þetta líka!“ Hleypur hann þá til og nær í tösku sína og dregur þar upp skambyssu. „Hví ertu með þetta maður? Þorirðu ekki að fara hér á milli óvopnaður, eða hvað? Þú, sem ert þó ríðandi!“ „Nei“ sagði hann, „það geri ég ekki héðan af og ég er að hugsa um að neita að fara hingað!“ „Hvað er nú á seyði? Eru hræddur? við hvað?“

Loks segir hann: „Ég hefi nú í þrjú kvöld, þegar ég hefi farið heim, orðið var við mann hjá Fælu, sem hefir hlaupið undan gördum þar og beint að mér, með eitthvað í hendinni, líkast soldátabyssu, en hann hefir hrokkið til baka eða hörfað aftur á sama stað, rétt í því hann var kominn að mér og ég gjöri ráð fyrir að hann hafi þá séð að ég var annar maður en hann ætlaði, að ég væri. Í gærkvöld kom hann svo nærri mér, að ég held ég muni þekkja hann, ef ég sé hann í björtu!“ „Hvaða vandræða grillur eru þetta og vitleysa í þér“ sagði ég, „þú ert bara að reyna að hræða mig. Hvaða mann heldurðu að þessi maður hafi viljað hitta?“ „Þig! og engan annan“. „Mig? nú skil ég ekki“. „Jú, ég ætlaði að segja þér frá þessu áður en ég færi í kvöld, en þú sást dolkinn áður en mig varði. Ég er viss um að þessi maður, sem ég sá, væri að svipast eftir þér“. „Svipast eftir mér? Til hvers?“ „Já, það veit ég ekki, sennilega til að hrekkja þig eða hræða eða þá gera þér eitthvað illt“. „Og hver heldurðu að maðurinn hafi verið?“ „Sendimaður frá Guðmundi á Háeyri. „Hvað bölvuð vitleysa, er þetta, eða var hann það sjálfur“. Nú standa allir í róðrum og hver heldurðu að fari að fara austur að Fælu til þess, að hrekkja mig? „Nei, Guðmundur var það ekki, en ég er viss um að það var hann Helgi Ingimundarson sem er fangi á Háeyri núna, síðan hann stal 30 krónunum úr vasa Guðmundar læknis í Laugardælum. Hann var það áreiðanlega og hann hefur viljað hirta þig í þessi þrjú kvöld. Ég var

sérstaklega hræddur í gærkvöldi, því þá kom hann alveg að mér, ég ég sló þá vel í gamla Jarp reið allt hvað af tók. Þú skalt vara þig að fara þessa leið og að vera einn á ferð". Við þögðum báðir um stund og braut ég svo upp á öðru umræðuefni, en gat þó ekki gleymt þessu. Síðan sannfrétti ég, að Helgi Ingimundarson hefði sést ganga eitthvert kvöldið austur hjá Steinkotshópi og að sá er varð hans var, hafi spurt Guðmund Ísleifsson hvort Helgi væri laus eða hann sloppið úr fangelsinu. Hafði þá Guðmundi Ísleifssyni orðið hverft við mjög og sagti: „Þú hefur séð hann Móra! Helgi er lokaður inni nótt og dag og ég ber alltaf lykilinn á mér. Ét ætla að biðja þig að fara nú ekki að telja fólki trú um að hann Helgi gangi laus. Þú gerir svo vel að þegja um þetta, Katrín mín (Það var Katrín Jónsdóttir í Steinskoti, sem þóttist sjá Helga og þekkja hann).

Var svo ekkert á þetta minnst framar og Helga ekki vart upp frá því þar á Bakkanum. Hann fékk sin dóm o.s.frv. og hefi ég ekki heyrt hann nefnda síðan. Hann var glæfralegur ólánsmaður, ættaður austan úr Landeyjum.

Hvernig maður var Guðmundur Ísleifsson? Hann var hár og þrekinn, vel á sig kominn og laglegur að öllu öðru en augum og umbúnaði þeirra. Án vins var hann óáreitinn og mörgum velviljaður, en við vín var hann svo, að óþarft er að lýsa honum með öðru en einu orði: „Svarri“. Hann var mjög veðurglöggur og athugull og hafði gott við á sjó og brimi en enginn atkvæðaformaður var hann og alls ekki hugaður, nema hann var við vín.

„Háeyrardrápa“ Guðmundar landlæknis er fjarstæða ein og argasta bull. Guðmundir Ísleifsson réði engum ferðum sjómanna á Eyrarbakka, hvorki 16. mars 1895 né endranær, en þennan dag (16. mars) var hann svo fullur, að hann barði menn í Þorlákshöfn með gaddfreðinni ýsu og urðu menn í vandræðum með hann, uns þeir gátu komið honum áleiðis heim, áður en flest skipin lentu. Oft bar við að Guðmundur „kallaði“ háseta sína í blindófærum sjó, lét þá róa með sig fram á ófær sundin, en þar tóku þeir ráðin af honum og reru í land. Hann hló bara að því og fékkst ekki meira um það. Guðmundur var að vísu ekki vel greindur maður, en þó oft hnyttinn í orðum og þá ekki allténd kurteis, t.d. við kvenfólk. Alveg var hann laus við slúður og slúðursögur, en tók þó vel eftir því sem aðrir báru í hann og notfærðu sér það síðar. Guðmundur var léttlyndur og spaugsamur, all montinn, en fór þó vel með það án vins, en afskaplega hégómlegur við vín og yfiringangssamur. Hann þóttist svo vitur og djúphygginn, að hann hélt langar ræður, sem enginn skildi og allir brostu að. Væri honum mótstaða sýnd, hafði hann oft í hótunum og flestir munu landsetar hans hafa verið beinlínis hræddir við hann, enda lék hann marga þeirra grátt. Lét þá gangast undir þyngstu kvaðir, hækkaði sífellt á þeim jarða-afgjöldin, lét þá vinna oft og lengi árlega hjá sér, án kaups og róa skipum sínum, ella byggði hann þeim út. Vitanlega var þetta argasta kvaðaskylda. Eitt var það sérstaklega sem einkenndi Guðmund. Það var lagaþekking hans, sem hann vitanlega hafði ekki meiri en almennt gerist, en hann sá, að landsetar hans og aðrir trúðu á hann í þessum efnum, og það notfærði hann sér út í ystu æsar, enda hafði hann lag á því að koma sér vel við sýslumanninn, sem lengst var þar, þó engum færi hann þó ver með en hann og mætti segja margar sögur af því. Hvílíkur svarri Guðmundur Ísleifsson var, sést á því, að oft rak hann konu og börn út af heimilinu, þó um nótt væri og var svo einn heima og lét eins og vitlaus maður; annars var hann alls ekki vondur við konu sína og börn.

Mestu mein hans voru þau, að hann drakk og að hann komst í hinn svonefnda Háeyrarauð, sem hann gjörði að engu eins og Þorleifur gamli, tengdafaðir hans og og sagði fyrir. Nú er þessi óhemjumaður og ribbaldi orðin 82 ára að aldri, hefir oft lotið að litlu á síðari árum og átt við basl að stríða og má gera ráð fyrir, að hann sjái nú, á gamals aldri, að hann varði hvorki viti sínu, hæfileikum eða fé – sem hvert um sig var nægilegt til þess að hann gæti gert mikið gagn – öðruvísi en vera átti eða heppilegt var fyrir hann og aðra. Sannfæring mín er sú, að hann hafi gjört Eyrarbakka mikið tjón og allt of fáu góðu komið til leiðar.

[Sjá um Guðmund Ísleifsson:

<https://timarit.is/page/4227525?iabr=on>

[<https://timarit.is/page/998085?iabr=on>]

Bindindis- og bann málin.

bls. 152

Víndrykkjuástandinu austur þar, eins og víðar, er óþarft að lýsa. Þá flóði allt út í brennivíni. Þeir sem drukku, þóttust menn með meiri. Mæður efnilegra drengja, létu þá hafa „pela upp á vasann“, í hvert sinn sem þeir fóru út af bænum (t.d. Þorlaug sáluga í Sviðugörðum: Sonur hennar Bjarni sálugi Þorvarðarson, föður Jakobs, sem síðar varð lögregluþjónn í Seattle og dó þar 1928–1929) enda varð Bjarni einkasonur þeirra hjóna, svo mikill drykkjumaður, að það flýtti mjög dauða hans. Hann og börn hans komust á vonarvöl, þrátt fyrir það að Sviðugarðaheimilið var með réttu talið eitt hið ríkasta heimili í sýslunni.

Fram að tvítugsaldri var ég í í fjölda mörgum brúðkaupsveislum og erfisdrykkjum. Alt voru þetta að meira eða minna leyti át- og vínveislur sem flestar enduðu með áflogum og rifrildi og meiðslum; svo var og um sumardagsveislur (á sumardaginn fyrsta). Aldrei varð ég þó drukkinn, en 6. október 1883 var ég einn á ferð af Eyrarbakka, í mikilli rigningu og vatnsflóðum, votur upp undir hendur og út úr drukkinn. Leið mín lá hjá Borg, en þar stóð þá brúðkaupsveisla vinar míns og frænda, Sigurðar Grímssonar frá Gljókoti (drukknaði 25. mars 1891) og Margrétar Sigurðardóttur frá Litla Selinu (Stokkseyrarseli, sem nú er í eyði). Vegna ásigkomulags þess er ég þá var í, kom mér til hugar að fara heim að Borg, en af því hve fullur ég var, komst ég engan veg yfir kálgarðinn. Féll jafnan aftur fyrir mig og slangraði síðan heim. Daginn eftir frétti ég, að 3 eða 4 „boðflennur“ hefðu verið í veislu þessari, þ.á.m. Pési gamli, Sæti-Gísli, Jóhann „Sól skjöld“ bróðir hans. Hefði ég komist yfir garðinn, þá hefði ég prýtt (!) þennan hóp og verið talinn meðal annarra boðflenna þar. Ég hugsaði mér þá, að þetta skyldi ekki henda mig oftar. Svo var það sunnudaginn 4. október 1885 að Bjarni sálugi bróðir minn stofnaði bindindisfélag með okkur bræðrum og nokkrum öðrum ungum mönnum og nefndi hann það „Bræðrafélagið“. Það hafði komið til orða við Bjarna að stofna Goodtemplastúku austur þar, en Bjarni vildi sjá og reyna hvernig bindindi yrði tekið þar eystra yfirhöfuð og valdi hann þessa leið til þess. Félagið var stofnað þennan dag kl. 10–12 árdegis. Síðar um daginn, k. 14, fórum við svo allir eða flestir Bræðrafélagsmenn út á

Eyrbakka og stofnuðum þar annað félag með sama nafni. Ég var kjörinn fundarritari á báðum stöðum og verð að segja, að til þessi kunni ég ekki neitt. Ég hefi aldrei komist í önnur eins vandræði á æfi minni. Vissi ekkert og skildi ekkert. Þætti mér gaman nú, að sjá þær „fundargerðir“(!). Af Eyrbakkafundinum minnst ég þessa tvenns:

1. Þegar Sigurður sálugi Eiríksson, sem síðar varð Reglubóði, hélt ræðu sína, minntist hann á hve vínið væri óholtt heilsu manna o.s.frv. Stóð Thorgrímsen þá upp og sagði m.a.: „Þó að þið étið á ykkur drullu, þá þurfum við ekki endilega að éta á okkur dr...!“
2. Var ræða sú, en Júníus sálugi bróðir minn (d. 12. apríl 1932) hélt þar „frammi fyrir öllu ráðinu“. Svo mælskur var hann og svo sannfærandi ræða hans, að til þess var tekið þá og lengi á eftir og sagt „Slíka ræður hefi ég aldrei heyrt, jafnvel ekki af munni lærðra manna. Sá getur nú svarað fyrir sig orði!“

Þessari ræðu held ég áreiðanlega að megi þakka það, að þarna gengu fjölda margir í félagið og urðu margir þeirra bestu bindindismenn alla æfi uppfrá því. Er þetta því undarlegra, að þar, á Eyrbakka mátti svo segja, að hver maður drykki brennivín, yngri sem eldri og að brennivínið vær þar daglegur drykkur eins og mjólk eða kaffi.

Næsta sumar, 13. jún (á Hvítasunnudag) 1886 voru síðan stofnuð G.T. stúkur á hvorum stað, Lukkuvon nr. 20 á Stokkseyri og Eyarrósinn nr. 7 á Eyrbakka. Varð ég ritari hinnar fyrrnefndu um skeið, eftir að Bjarni sálugi bróðir minn drukknaði, 24. febrúar 1887. Gekk þá móðir okkar sáluga (d. 20. mars 1914, 84 ára að aldri) í stúkuna og færði þau rök fyrir því „tiltæki“ sínu, er hún var spurð, hverju það sætti, að hún fullorðins aldri færi „að ganga í félag“. „Ef drengirnir mínir sjá mig á fundum hjá sér, minnir það þá á skyldu þá, er þeir hafa undirgengist gagnvart G.T. reglunni og hinum látna foringja hennar hér, Bjarna sáluga bróður síns. Ég veit að ég get ekkert gagn gert að öðru leyti, en meðan þeir vita mig nærri sér og að ég hefi sama mál í huga sem þeir, munu þeir ekki hvarfla frá því ef þetta gagn tel ég nægilegt frá minni hendi“. Á þessa leið talaði hún og hún gerði þetta gagn. Því þó oft værum við að hugsa um að leggja árar í bát og hætta við allt það stríð, sem við þá þóttumst eiga í við sundurlyndi, flokkadrátt, lítilsvirðingu utan reglunnar o.m.fl. – Þá gátum við ekki hætt, meðan móður okkar naut við.

Hún var okkur svo góð móðir, svo áhugasöm fyrir öllum góðum framförum, svo merk, trúuð og góð kona, ekki gat komið til mála að gera henni slíkt á móti. Að bindindið ekki leið undir lok að Bjarna látnum, er áreiðanlega henni að þakka. Hún mætti á hverjum fundi, talaði í okkur kjark, lagði mörg góð ráð til og sagði: „Standið ávalt fast saman, þegar um gott málefni er að ræða, þá vinnur ekkert illt á ykkur!“.

Síðan vorum við allir bindindismenn og fjöldi annarra er með okkur voru í fyrstu.

Hið fyrsta sem utanfélagsmenn fetu fingur sínar útí, var það að við héldum fundi fyrir lokuðum dyrum, með tjöldum fyrir gluggum og leyfðum engum óviðkomandi aðgang. Þeir sögðu: „já, já, það er svo sem auðvitað hvað verið að að hafast að þarna inni hjá þeim strákum og stelpum saman, fyrst byrgt er fyrir gluggana! Því líkt helvítis framferði! Það er eins og sagt er um Frímúrarafélagið og annan slíkan ódæðisfélagsskap að tarna!“

Á þess leið og þaðan af verra töluðu menn, en að þeir skyldi líkja því við Frímúrarafélagið – sem vitanlega fáir eða engir þekktu neitt til á þeim tímum hér á landi – mun hafa komið af því, að sagt var um það félag í ungdæmi mínu, að þeir félagsmenn sem opinberuðu leyndarmál Frímúrarafélagsins, voru tafarlaust drepnir! Þeir voru látnir milli þilja í hús og þiljurnar svo látnar þrýsta svo að þeim að þeir springju!! Líkt hefir verið sagt um Oddfellow félagið. Tíminn (Jóns frá Hriflu) hefir sagt um það, að það væri „erlent leynifélag“; Það er að vísu satt, en vitanlega átti það ekki að vera til þess að auka álit mann á því, heldur hið gagnstæða: hann átti að skilja það svo að það væri „erlent bófafélag“ líkt og „Svarta höndin“ eða Klu-Klan félagið og önnur slík.

Eg hefi átt því láni að fagna að verða og vera einn meðlimur í öllum þessum þrem félögum (GT. Frímúrarar- og Oddfellowfélagi) og segi það eitt um það, að þau eru hvert öðru betra og göfugra sem engin svik eru finnanleg í í frá hálfu félagsmanna eða reglumanna sjálfra; hitt er annað, að þar er – eins og í öllum öðrum félögum, þ.á.m. í sjálfu mannfélaginu, kirkjufélaginu o.fl. „misjafn sauður í mörgu fé“, en mér vitanlega hafa þessi félög engum manni ógagn gert, heldur þvert á móti fært þeim ómetanlega blessum, göfgað marga, hjálpað mörgum og leitt ótölulega fjölda manna af röngum vegi á réttan og heillavænlegan veg, bæði þessa heims og annars. Þetta er hjartans sannfæring mín!

Nú mætti spyrja: „Hvaða gagn hefurðu haft af því að vera í þessum félögum?“

Þessu má svara á tvennan hátt: Fjárhagslega séð frá sjónarmiði fyrirhafnar, óþæginda og ýmiskonar áhyggjur, hefir gagnið verið algjörlega neikvætt. Mikil útgjöld, fyrirhöfn, óþægindi og áhyggjur, en jákvæða gagnið hefir verð margfalt, alveg ómetanlegt. Hefði ég ekki orðið Goodtemplar, hefði ég áreiðanlega orðið drykkjumaður svo er skaplyndi mínu varið. Ég hefi stutt eftir megni góða viðleitni mína til að hjálpa öðrum og öll félögin hafa fært mér ómetanleg andleg gæði, sem ekki er unnt að meta til peninga né virða til fjár.

Á nýjárstag 1899 gekk ég í GT stúkuna „Nýjársgdraumurinn“ á Eyrarbakka, sem stofnuð var þann dag. Frá árinu 1890 til ársins 1902, að ég fluttist til Reykjavíkur, hélt ég úti 3 skrifuðum blöðum, tveim eintökum þétt skrifuðum á Fólíó arkir; sendi annað eintakið upp um Árnessýslu, en hitt las ég upp í G.T. stúkunni og lét það ganga manna á milli um Bakkann. Þau eru nú flest týnd, en í þeim skrifuðu margir bestu menn sýslunnar og er frá þessu sagt áður. Þegar ég svo kom hingað til Reykjavíkur, gekk ég í stúkuna Verðandi nr. 9 og er ég í henni enn. Þótt ekki hafi ég sótt fundi og lítið gefið mig við bindindismálum nú á síðari árum.

Þótt andbanningar syngi nú G.T. reglunni lof fyrir það, hversu miklu góðu hún hafi verð búin að koma til leiðar áður en bannlögin voru sett og þótt þeir nú þykist ávalt hafa verið starfi hennar hlynntir, þá þori ég að staðhæfa, að alla þá tíð sem Reglan hefir starfað hér á landi, hafa þessir menn – sem nú eru margir liðnir – alla tíð verið megnustu fjandmenn hennar og alls bindindis. Í fyrstu drógu þeir dár að henni, lítilsvirtu hana og reyndu allt

hvað þeir gátu til þess að draga úr starfsemi hennar og áhrifum. Margir þeirra gengu beinlínis í Regluna til þess eins að svíkja hana; margir þeirra lugu beinlínis upp óhróðri á einstaka meðlimi, t.d. Sigurð sál. Eiríksson, er þeir sögðu um, að kæmist ekki undan honum fyrir áleitni hans í þá átt með að fá hjá þeim vín, hann væri þráfaldlega drukinn á Regluboðunarferðum hans! Hvílik ósannindi: Sigurður bragðaði aldrei vín, eftir að hann varð bindindismaður. Hann gat ekki gert það, því hefði hann neytt eins staups af víni, var hann strax orðinn viti sínu fjær. Sigurður Eiríksson var svo góður og ráðvandur maður í hugsun, orðum og gjörðum, svo eldheitur bindindismaður og sjálfum sér og áhugamáli sínu, bindindismálum svo trúr og tryggur til dauðadags, að honum kom aldrei til hugar að bregðast því á neinn hátt. Bindindis-bannféndur óttuðust áhrif hans sem voru mikil og góð, því var þeim nú það eitt að gjöra að svívirða hann og álygarnar voru hið eina vopn er þeim þótti sér sæma að nota. Svo handgenginn var ég þessu ágæta manni að þetta þori ég að staðhæfa um hann, enda var reynsla allra góðra manna á honum hin sama og mín.

Bindindis- og bannféndur tleja allt böll þjóðarinnar stafa af banninu; en ég við spyrja:

1. Voru það bannmenn sem stuðluðu að því að þrigga ára fresturinn var gefinn víndrykkjumönnum til þess að ljúka birgðum þeim er þeir höfðu safnað að sér um mörg ár, til margra ára og eiga jafnvel enn?
2. Studdu þeir og G.T. að því að „konsúlabrennivínið“ var leyft
3. Studdu þeir að því að Læknabrennivínið var leyft og í lög sett og látið flóa yfir landið, dýrir lyfseðlar gefnir undir því yfirskini að brennivínið væri nauðsynleg meðöl?
4. Studdu þeir og G.T. að því að Spánarvínunum var hleypt inn í landið og að vínbruggun gaus upp í skjóli þeirra þá þau voru komin?

Ég segi Nei og aftur Nei!

Sannleikurinn er sá, að bindindismenn og Templarar börðust gegn öllu þessu eftir mætti og að bindindis- og bann-féndur ólmuðust bæði leynt og ljóst svo að bannlögumum alla tíð, að þau fengju ekki að vera við lýði – sem slík – einn einasta dag. Má þar benda á margt er sýnir að svo var og er:

1. Hið ófyrirleitna (sorp) blað þeirra Ingólfur, sérstaklega undir höndum Gunnars Egilsens, sem ég er sannfærður um, að stal stórriddarabréfinu fræga og birti það í heimildarleysi, með viðeigandi lítilsvirðingarorðum um höfund þess (C; mig) og Regluna og meðlimi hennar. Á líka leið fórst Benedikt Sveinssyni meðan hann var ritstjóri blaðsins. Hvað hinn fyrri viðvísar, hafði það engin áhrif á mig. Ég virti það einskis en Gunnar Egilsen varð svo skammlífur, var áreiðanlega ekki því að kenna, að hann væri bindindismaður. Hvað Benedikt Sveinssyni viðvísar, vil ég geta þess, að ekki þótti mér ósennilegt að hann væri alþingismaður enn í dag, ef hann hefði verið meiri hófsemdarmaður með víni en hann var og ekki get ég hugsað mér, að hann hefði það verið jafn oft og iðulega úturdrukinn í forsetastóli neðri deildar Alþingis og hann var á eða í fjölmönnum félagsskap með allra aumustu drykkjuræflum Reykjavíkurbæjar t.d. Magnúsi Storms ritstjóra, Söllu-Gvendi, Magnúsi Erlendssyni, Árna frá Höfðahólum ofl. o.fl slíkum vesalingum. Á götum úti sást hann sjaldnast í fylgd með öðrum og þá jafnan hjá vanhúsunum á „uppfyllingunni“ og slíkum

virðulegum stöðum, sem sennilega hafa þá þótt best hæfa forseta Alþingis Íslendinga.

Var þetta hörmulegt hlutskipti slíks ágætismanns, sem Benedikt Sveinsson var og er, en þannig lék Bakkus hann og launaði honum góða (?) ritstjórn Ingólfs. Öðru máli var að gegna um Gunnar Egilsen. Hann var að vísu hvorki illmenni né fantur, heldur margt vel gefið, en unggæðisháttur hans, stórbokkaskapur og fylgi við sér miklu verri menn, mægðir við einn af þáverandi ríkustu borgara bæjarins, kom honum til þess að gjöra tvennt í einu: Að svívirða göfugt málefni og eyðileggja sjálfan sig og hið góða heimili sitt, konu og börn, með látlausum drykkjuskap, sem sennilega hefir stutt mjög að og flýtt fyrir hinum óvænta bráðdauða hans á besta aldri. En er það ekki svona um fjölda margra góðra drengja, fyrir og síðar, hér og annarsstaðar?

Ég á enga betri ósk slíkum mönnum til handa, en þess sem Kristur sjálfur bað óvinum sínum og ofsóknarmönnum til handa: „Faðir! Fyrirgef þeim, því þeir vita ekki hvað þeir gjöra“. Allar þær ofsóknir er bindindi og bann hefir orðið fyrir á þeim tíma sem ég hefi fylgst með þeim málum, eru undantekningarlítið runnar undan rifjum hinna „heldri manna“ og við lýði haldið af þeim en ekki alþýðumanna. Meðal hinna fyrrnefndu, þ.á.m. ýmissa lækna eru þó nokkrar undantekningar og má þar til nefna Sæmund Bjarnhéðinsson, Ólaf Þorsteinsson, Jón S. Hjaltalín, Halldór Hansen, Þórð Sveinsson og máské fleiri; aftur á móti er ekki hægt að undanskilja suma aðra lækna, jafnvel þó bindindismenn ættu að heita, svo sem Þórð J. Thoroddsen, Guðmund Hannesson, Magga Magnús o.m.fl. Það eru því þessir menn ásamt öðrum „heldri mönnum“ sem einir bera ábyrgðina á því, -in solidum- hvernig bannlögin hafa reynst. Þeim bar skylda til að gefa þjóðinni kost á að reyna lögin, en í stað þess ólmuðust þeir svo að þeim, að þau hafa í raun og veru aldrei verið við lýði, ekki einn dag. Bannlögin hafa þar af leiðandi reynst eftir þeirri aðbúð, sem þau hafa átt við að búa frá hálfu þessara manna, eins og þeir vonuðu í upphafi og eins og þeir ætluðust til. Þeir áttu, stöðu sinnar vegna, að gæta þeirra og sjá um að þau voru í heiðri haldin; það var skylda þessara mann og þjóðin bar það traust til þeirra, en það var sannarlega oftraust og á ég og aðrir bindindis og bannvinir sök á því, að hafa nokkurntíma borið neitt traust til slíkra manna í þessum efnum, en þó sérstaklega á því, að hafa ekki krafist þess að bannlögin voru feld úr gildi sama daginn sem Spánarvínur var veitt yfir landið.

Það er líkt með þetta blessaða bann eins og það að hlaðinn sé öflugur varnargarður um stórt og gott land til þess að verja gráðugum úlfum að komast inn fyrir girðinguna til að drepa fé það er þar á friðheilagt að vera, en svo kemur jafnvel eigandi lands og fénaðar og lætur búa til stórt hlið á girðinguna svo úlfarnir geti fari óhindraðir inn í fjárhópin og drepíð fé í hrönnum. Síðan er þeim sem girðinguna hafa hlaðið eða séð um að hún var gjörð, kennt um að hún sé ekki einungis ónýtt, heldur til stórskaða. Slík er sanngirni bannfénda og rök þeirra í þessu máli. En „svona eru öll þín verk Árni!“ sagði karlinn, sem ætlaði Árna að gæta selsins, svo hann ekki slyppi, en Árni var svo klaufskur að missa selsins.

24. apríl 1932

Jón Pálsson.

Þegar Bjarni Pálsson fórst við 5. mann

Úr handriti Jóns Pálsson

Tölvusett í desember 2025

Bjarki Sveinbjörnsson

Þótt nú séu hartnær 50 ár liðin síðan sá atburður varð, er ein mestu áhrif hefir haft í lífi mínu, sem sé sá, að 24. febrúar 1887 drukknuðu þeir Páll Jónsson, faðir minn, Bjarni Pálsson, bróðir minn, Sigurður gullsmiður og Guðmundur söðlasmiður og organisti frá Astur-Meðalholtum, en við vorum systkyna synir og æskurvínir góðir, svo og Halldór Hreinsson frá Hjálmholtskoti og Halldór Ólafsson frá Bár.

Þá vil ég ekki láta æfi mína enda svo, að ég ekki minnst þeirra að nokkru og lýsi því hvernig þessi sorglegi atburður varð og aðdragandanum að honum.

Ég fór úr foreldrahusum á Uppstigningardag, 14. maí 1885, vinnumaður til Bjarna bróður míns. Var ég þá á 20. ári, hraustur vel og ötull til vinnu. Bjarni var organisti við Stokkseyrarkirkju, kennari við barnaskólann og frömuður alls hins besta. Meðal annars stofnandi Bræðrafélgsins, 4. október 1885, er síðar varð að G.T. stúku (Lukkuvon nr. 20) 13. júní 1886.

Á hverju kvöldi, á vetrum söfnuðust allir piltar þar í þorpinu og í grend í barnaskólann, til söngæfinga, til að hlýða á fræðandi og uppörfandi fyrirlestra Bjarna, frá kl. 4-7 og til að æfa og leika ýms leikrit, er hann hafði samið: „Eitt kvöld í klúbbnum“, sem oft var leikið, bæði á Stokkseyri og Eyrarbakka við mikla aðsókn 1885-1887, „Tindurinn að Dómkí“ (var aldrei leikinn opinberlega né heldur „Graftunardgurinn“ o.fl. Allir voru leikir þessi bráðskemtilegir, fyndnir og fjörugir. Um Bjarna mátti segja, að hann væri hrókur alls fagnaðar, með afbrigðum góður ræðumaður og svo skemtilegur í allri framkomu, að ég minnst ekki að hafa séð eða heyrt annan eins. Hann var framfaramaður í öllu góðu og hafði næmar tilfinningar fyrir því sem fagur var, gott og göfugt, enda var hann, þótt ungur væri, þjóðkunnur þar eystra og víðar.

Sunnudaginn 20. febrúar 1887, lék Bjarni í síðasta sinn á orgelið í Stokkseyrarkirkju og valdi hann jafnan sálmana sjálfur og útgöngusálmur hans var þá nr. 97 í sálmaþókinni: „Það er svo oft í dauðans skuggadölum“. Þótti þetta einkennilegt val síðar, er hann var fallinn frá og orkti sr. Valdimar Briem erfiljóð sín eftir hann í anda þessa sálms og með sama lagi.

Um þetta leyti var mikil snjóatíð og mest útsynnings snjógangur og hroði mikill. 23. febrúar, er ég kom inn frá gegningum, sátu þeir allir 4, er með Bjarna drukknuðu, inni í baðstofu og sungu sálma, en Bjarni söng og spilaði undir. Faðir minn var sá 6. en var þá vitanlega heima á Seli um kvöldið. Hásetar Bjarna komu flestir í verið þetta kvöld og kvöldið áður. Þeir sváfu í Gerðum. Í birting þ. 24. febrúar kom faðir minn og sagði: „Ég gekk hingað þó ekki sé útlit fyrir sjóveður í dag, því hann er enn nokkuð hvass á norðri

og útlitið síður en svo fallet. Við förum því ekki langt á sjóinn í dag enda hafa 5 eða 6 þeirra, er komu í gærkvöldi orðið veikir í nótt. Bjarni sagði við mig: „Það væri best að þú færir Jónsi minn vestur að Stokkseyri til formanns þíns og værir þar við hendina, ef hann hefði ástæðu til að róa. Ég var að vísu búinn að tala um það við hann (C: Adolf) að þú rérir með okkur í dag, en þegar svona stendur á, að sjóveðursútlitið er ekki gott og svona margir veikir hjá okkur, er enginn leið til þess fyrir okkur, að róa í dag“.

Ég var nefnilega skipsráðinn háseti hjá Adolf, sem nú ætlaði að „lána“ mig til Bjarna, ef hann skyldi vanta mann. Skipið, sem Bjarni ætlaði að vera með þessa vertið var alveg nýtt og átti faðir okkar það.

Ég fór vestur að Stokkseyri. Adolf bjóst við að lægja mundi veðrið og tókum við því til að „moka upp skipið“, sem var fullt af snjó. Þessu höfðum við lokið um kl. 8 1/2 og var þá veðrið svo, að vel þótti fært, bæði vegna vinda og brims, að róa. En er við höfðum sett niður skipið, borið farangur út í það og vorum að snúa við á Blöndu, voru öll þau skip róin, er við gátum búist við að réru þennan dag, en þá sjáum við að bátur er settur niður ofan fyrir sjógarð - því öll skip og bátar höfðu til þessa verið fyrir ofan garðinn - og skildum við ekkert í því, hvaða bátur þetta gæti verið. Loks kom okkur saman um að Bjarni hefði tekið 6 manna far föður míns (er Lukkuvon hét) og hefði nú mannað bátinn út með þeim hásetum sem komnir voru og ekki voru veikir. Sú varð og raunin á, enda hafði einn af hásetum Bjarna komið um nóttina, Árni Runólfsson, svo seint, að hann náttaði sig í Íragerði um kvöldið, svo faðir minn vissi ekki um hann. Þá er hann kom til hinna í sjóbúðina um morguninn. Árni kom því eftir að ég var farinn að heiman, veðrið batnað og réri því með þeim.

Sjóveðrið var slæmt. Norðanstrekkingur og nú tók óðum að brima. Öll skip sem réru, komust inn úr sundunum nema 3. Það voru þeir Einar Jónsson frá Aldarminni, Magnús Þorsteinsson frá Kolsholtshelli og Bjarni. Þeir lögðust allir við sundið (láu til laga), en svo ört brimaði, að enginn þeirra treysti sér til að leggja á sundið, né heldur neinn, er að var kominn, að fara út til þeirra og man ég vel, að Jón sál. Grímsson og Júníus sál. bróðir voru hvað eftir annað komnir á fremst hlunn með að reyna að fara út fyrir og bjarga þeim. En þá sást úr landi, að minsta skipið (bátur Bjarna) lagði frá til nauðlendingar í Þorlákshöfn og þótti mönnum þá líklegt að þar mætti lenda. Bjarni hafði ekki segl á bátunum (þau voru ekki í vor- eða haustbátum) og urðu þeir því að róa flatskelluna og mikinn hliðarvind alla leið til Þorlákshafnar. Hin skipin tvö lögðu nokkru síðar af stað og sigldu til Þorlákshafnar. Fóru þau bæði framhjá báti Bjarna er hann var framundan Eyrarbakka og hleyptu við sæmilega landtöku í Höfninni [Þorlákshöfn] um daginn, en þá var bátur Bjarna enn lengst unda Ölvesárósi.

Svo óheppilega vildi til, að Jón á Hlíðarenda, föðurbróðir minn, sem einn hinn áræðnasti og duglegasti formaðurinn í Höfninni, var farinn heim til sín áður en 2 skipin að austan lentu og hafði því engar spurnir haft af því að nokkurra væri von þar að austan og því heldur ekki, að Bjarni væri aða berjast á segllausum báti í illviðri því er nú var komið og stórbrim. Annars hefði hann ekki farið heim og áreiðanlega reynt að ýta út skipi sínu á móti þeim.

Nú kom loks Bjarni á báti sínum og var sýnilegt þeim er sáu, að allir í bátunum voru orðnir dauðuppgæfnir, því sumir þeirra höfðu aldrei fyrri á sjó komið, svo sem Meðalholtsbræður og enginn þeirra fullharðnaður sjómaður nema faðir minn (54 ára), Bjarni (29 ára) og Árni Runólfsson, rúmlega tvítugur.

Bjarni kom að Norðurvörinni, lagðist um stund til laga og er honum var bent á það úr landi, nú væri freistandi að lenda, lagði hann í vöruna. En er báturinn var kominn inn fyrir Skarf og Flatasker og miðja vegu milli þeirra og Hellunnar í landi, sem nú var þakin mönnum, til að taka á móti þeim, hvolfd bátunum! Svo nærri Hellunni var þetta, að Árni Runólfsson náði um fót Páls sál. Grímssonar frá Nesi, að Árni bjargaðist. Hinir sex fórust svo, að ekkert hefir af þeim sést síðan, nema lík Halldórs Álfssonar rak upp síðar og var jarðað á Stokkseyri.

Þenna dag, 24. febrúar, fréttist vitanlega ekkert um slysið, enda varð það að áliðnum degi, um kl. 2 og ómögulegt að komast yfir Ölvesá þann dag, venga ískriðs og háaroks af norðri.

Daginn eftir vonuðu allir á Stokkseyri að þeim hefði öllum lenst vel. Fregnin um þetta stórkostlega slys var því átakanlega þungt öllum þeim er heyrðu og sáust þá margir fullornðinr menn og góðvinir þeirra er fórust, ýmist halla sér upp að einhverjum húsveggnum eða ganga um göturnar með höndum fyrir augum sér og allir grátandi.

Þetta þykir mäske ótrúlegt, þar sem svo nákominn maður segir frá, en enginn þeirra, er til þektu og sem þektu þessa menn alla munu vilja bera á móti því, enda mun þessa atburðar víða hafa verið getið sem einhver sorglegast er við hafið borið þar eystra. Má m.a. geta þess að sr. Matthías Jochumsson, sem þá var prestur að Odda, mun hafa skrifað einhverjum vina sinna um þetta slys og tekið það fram, hve mikill söknuður var „að Bjarna frá Götu“. Og ég fyrir mitt leyti hefi, þótt málið sé skylt mér, ávalt haldið því fram að ég get naumast hugsað mér, að neitt hérað eða sýsla, já, jafnvel landið alt, hafi eigi á einum degi orðið fyrir jafn átakanlegu áfalli sem því, er varð að sjá á bak slíku mannvali sem því, er þarna varð og ekki hvað síst missa Bjarna. Um föður minn vil ég aðeins segja það, að hann var víðkunnur maður fyrir hóglátlega framkomu, stöðuglyndi og stillingu, ráðdeild og réttssýni í öllum þeim mörgu málum og störfum, er hann lét til sín taka, sem trúnaðarmaður þjóðfélagsins í hreppstjórn, sveitarmálefnum og mörgu öðru.

Um ádegisbil 25. febrúar stóð ég á Hölluhól (sem þá var vestan við bæinn á Stokkseyri, og fjöldi manna annarra til þess að gæta að, hvort eigi sæi til sjóhröktu mannanna koma heim, en er við aðeins sáum tvo menn koma ríðandi vestan sandinn, þá sr. Jón sál Björnsson og Guðmund hreppstj. Ísleifsson, grunaði okkur að eitthvað væri eigi með feldu, enda fluttu þeir sorgarfregnina, sem hafði óseigjanleg áhrif á mig og aðra þá, að allir þessir 6 menn hefðu drukknaði í Þorlákshöfn daginn áður. Menn margspurðu: „Eru þeir Páll á Seli og hann Bjarni í Götu drukknaðir?“ Menn gátu naumast trúað því.

Sér Jón Björnsson fór austur að Götu til að tilkynna lát Bjarna Margréti ekkju hans og 4 sonum þeirra og 2 dætrum Bjarna, en Guðmundur Á Háeyri kvaddi mig til fylgdar sér að Syðraseli til að tilkynna móður minni lát manns hennar og föður okkar bræðra, sem þá vorum 6 á lífi af 12 börnum (C:10 sonum og tveim dætrum). Er mér enn í minni staðfesta móður minnar og þau orð er hún lét falla, er hún heyrði þennan sorglega boðskap: „Verði guðs vilji, ég vil beygja mig undir hann og fela Honum mig og sonu mína.“ Hinu gleymi ég heldur aldrei, hve Guðmundi Ísleifssyni fórst það beinlínis illa, að flytja henni þessi tíðindi, er hann sagði: „Já, já, Margrét. Það tókst klaufalega til þetta, með hann Pál þinn og hann Bjarna í Götu í gær, að þeir drukknuðu Höfninni og 4 menn aðrir“. Ég get naumast lýst því hver áhrif þetta hafði á mig þá strax og síðar á móður mína og ekki get ég hugsað mér óheppilegri mann til þess að flytja henni þessi tíðindi, en Guðmundur Ísleifsson, sem í raun og veru hafði ávalt verið óvinur þeirra Bjarna og föður míns, enda virtist mér hann þá, þótt ekki gréti hann, „gráta þurrum tárur“ og síður en svo að honum væri ógeðfellt starf það er hann tók að sér. Annars ætlaði séra Jón að fara með honum að Seli, eftir að hann væri búinn að fara austur að Götu, en Guðmundur vildi ólmur fara einn og sagði, að þeir mættu ekki tefja svo lengi, heldur væri heppilegra að „þeir skiptu sér“. Guðmundur réði og fórst svo hönduglega starfið, þá, sem oftast, sem hann var á. Mörgum sinnum síðar, þá er við Guðmundur áttum í brösum saman, reyndi Guðmundur að brýna mig með því hversu óheiðarlegir menn þeir feðgar hefðu verið. Svo var hatur hans á þeim. Orsökina sú ein, að þeir létu Guðmund aldrei hafa ill áhrif á sig, né fá sig til fylgis í neinu og síst í því að ofsækja saklausa menn, konur og börn. Þeir voru áreiðanlegir og heiðvirðir og ráðvendir menn, sem nutu trausts og virðingar allra góðra manna. Þeir Meðlaholtsbræður, Sigurður 20 ára og Guðmundur 19 ára, voru framúrskarandi efnilegir og fluggáfaðir unglingar. Hinir 2, Halldór Hreinsson og Halldór Álfsson, voru rúmlega tvítugir, yndislegir ásýndum og í allir framkomu. (Mig minnir að hann hétí Halldór, en ekki annað, pilturinn síðastnefndi) [Pilturinn frá Hjálmholtskoti hét Guðmundur Hreinsson. Bj.Sv.].

Ég varð svo organisti á Stokkseyri að Bjarna sáluga látnum og man ég hversu bágð ég átti með það að gegna því starfi í fyrsta sinn, 27. febrúar og hafði þá messuupphafssálminn: „Gegnum hættur, gegnum neyð.“ Ræða séra Jóns var þá og að vanda, mjög hjartnæm og innihaldsrík. Næsta vetur varð ég kennari við barnaskólann á Stokkseyri og næstu 2 vetur, enda vinnumaður Margrétar, ekkju Bjarna, uns ég flutti til Eyrarbakka og varð organisti þar einnig frá 1890, uns Ísólfur tók að sér organistastörfin á Stokkseyri

~~~~~

Foreldrar mínir.

Faðir minn var fæddur 3. september 1832, en móðir mín 16. mars 1830. Þau voru þremenningar. Hann var framúrskarandi stiltur maður, aðgætinn í orði og verki, fremur fálátur við fyrstu kynningu, en þó kurteis og glaður í viðmóti og ræðinn, er menn fóru að tala við hann. Ég sá hann aldrei reiðast, en þungt varð honum niðri fyrir, er á hann var ráðist að ósekju, sem sjaldan var, nema þá af drukknum mönnum. Var þá venja hans að hliðra sér hjá þeim og þegja. Þótt hann eins og aðrir á þeim tímum, neytti víns, var það

aldrei meira en svo að hann varð góðglaður og lifnaði þá svo yfir honum að hann varð broshýr á brá. Eina breytingin á honum við vín og þá einkum í brauðkaupsveislum, því hann var oftast svaramaður og frammistöðumaður, var sú, að hann örfaði aðra til söngs og gleði, sem hann lét afskiftalaus alla aog án þess að sleikja sig upp við þá. Voru allar gamlar erjur þotnar út í veður og vind. Annars var hann að eðlisfari fremur þunglyndur og hugsaði mikið. Ég held helst um eilífarmálin, enn hann var svo dulinn í skapi, að ég er viss um, að hann talaði aldrei um þau við aðra. Hann var hvorki fégjarn né nískur, en aðgætinn og mjög nákvæmur í viðskiftum og tryggur vinum þeirra, er hann batt vináttu við, brást þeim vainátta hans aldrei. Þótt hann væri bagaður á fæti og haltur frá því hann var barn á 3. árai, var hann víkingur til vinnu og vildi láta aðra vinna verk sín trúlega. Svo árvakur var hann og aðgætinn við vinnu alla og aflabrögð, að hann vaknaði ávalt kl. 5 að morgni og fór sjálfur til einhverra starfa, án þess að ónáða aðra fyr en um venjulega fótaferð, sem ávalt var kl. 6 að morgni fyrir alla aðra en okkur krakkana. Við fengum að sofa til kl. 7.

Móðir mín var ekki ólík föður mínum í lund, en hún var miklu örari og sífellt létt í skapi. Hún var svo viðkvæm og góðhjoörtuð að flest þau börn, er hún var ljósmóðir að - en þau voru alls 358 að tölu - tók hún inn á heimili sitt og ól önn fyrir þeim alla „sængurvíkuna“ án þess að taka einn eyri fyrir það eða ljósmóðurstörfin. Þótt hún væri ólærð yfirsetukona - „lærð“ var þar engin í sýslunni nema „Ingibjörg á Loftstöðum“ - þá vissi ég ekki til að nein kona dæi af afleiðingum barnsburðar, er hún annaðist og var hjá. Við fátæka nágranna, og þá sem hún náði til og vissi að áttu bág, mátti segja að hún væri bruðlunarsöm, en þótt hún vissi að faðir minn væri íhaldssamur, lét hún það ekki á sig fá, enda vissi hún hitt einnig, að hann léti hana ráð því sem öðru er hún vildi, án þess að skifta sér af því, því hann mata hana mikils og virti hana fyrir alveg óvenjulega dugnað hennar, starfs- og skyldurækni engu síður utahúss en innan. Hún var smávaxin kona og nett, enda heyrði ég talað um að hún hefði verið falleg stúlka á yngri árum. Þau eignuðust 12 börn á 17 áraum, 10 sonu og tvær dætur. Varð önnur þeirra slagaveik og dó á 15. ári. Umhyggja móður hennar tók því mikið á krafta móður minnar, en ávalt var hún jafn glöð og kát. Umhyggja hennar fyrir okkur hinum börnunum get ég ekki lýst, enda er áð óparfi, en elskulegri og umhyggjusamari móður get ég ekki hugsað mér, enda elskuðum við hana út af lífinu alla þá tíð er við fengum að njóta hennar, en hún andaðst 20. mars 1914, 84 ára að aldri.

bls 173

Heimilslífið á Syðraseli var fyrirmynd. Saklaus gleði síft starf því og öðrum til heilla, reglubundið, en þó óþvngað. Trúrækið svo, að ávalt fóru allir til kirkju sem að heiman máttu fara og húslestrar iðkaðir á öllum sunnudögum árið um kring, því heinhver var ávalat að syngja og „lesa“ og á hverjum einasta degi frá haustnóttum til Hvítasunnu voru húslestrar um hönd hafðir. Á sunnudögum sungu foreldrar mínir „gömlu lögin“ og af Grallaranum og eins á miðvikudögum alla föstuna. Faðir mann las, en þau ein sungu saman, enda vildum við ekki - því miður - læra að syngja „gömlu lögin“. Aðra daga, allan þenna tíma, var ég oftast forsögvarinn, en Jón bróðir minn las. Mátti ég þá fella úr alla þá sálma sem ég þóttir „ekki kunna lögin við“ en ég var að skrifa númerin við þau, svo að kaflanum loknum Hugvekju, fæðingar - Passíu-sálmum og Sigurljóðum loknum. Væri

Guðmundur sál. Þorgeilsson móður afabróðir minn, fenginn til að vara um kyrt hjá okkur, viku eða hálfan mánuð, til þess eins að „hirða rökin“ hjá mér í þessum efnum, þ.e. að syngja „gömlu lögin“ við alla þá sálma í flokknum, sem ég hafði skrifað upp og ekki þótt kunna lögin við, en þeir urðu stundum margir og vanleti mín eða undanfærslur stundu um þetta kent. En engan sálm mátti missa og engan lestur láta niður falla, nema alveg sérstakar óumflýjanlegar ástæður væri til þess.

Ég vil geta þess, að þessi strangleiki held ég að hafi valdið því, ég hafði æ því meiri tregðu til að halda þessum góða sið áfram, sem lengur leið og ég eltist meir, en á meðan ég var á Syðraseli, til tvítugs aldurs, varð ég að halda honum við. Og nú sé ég, að þessi siður var bæði góður og gagnlegur fyrir allt mitt líf, nema eitt: „Skapari stjarna, herra hreinn“ við sálminn „Víst eru Jesú kóngur klár“ og fyrir þá sök tókst mér að bjarga því frá glötun með því að fá Páls Ísólfsson til að raddsetja það, æfa og syngja í Fríkirkjunni í fyrsta sinn á föstudaginn langa 1927 og ótal oft síðan. Hefði ég ekki orðið til þess, er ég sannfærður um að lagið hefði glatast um alla tíð, og svo fer nú um mörg hinna. Þetta lag kunni enginn sem ég lét heyra það og gerð mér þó mikið far um að komast eftir því (fram að 1927) hvort nokkur kynni það.

Já, það var reglusemin, staðfestan og áreiðanlegleikinn, árangurinn af einlægri tyrú og trausti á guð almætti og eilífa forsjón sem einkenndi þetta æskuheimili mitt og þá sem þar réðu.

Til þess að geta um eitt dæmi, sem sýnir iðjusemi og dugnað móður minnar vil ég geta þess, að hún fer með 3-4 hesta á hverja stórstraumsfjöru fram undir brimgarð (Árósa) og lét okkur smákrakka sitja ofan í milli og gæta hestann, meðan hún ót útí ósana, oft straummikla til að klyfjar af sölvum á hestan. Hún vissi, að fyrir hverja vætt sölva, mátti fá spikaðan „húðarhest“ (afsláttarhest) frá Skaftfellum og fódra fjölda margar kýr og kindur á annarri vættinni eða á 12 klr. í peningum fyrir þá þriðju. Þessi tækifæri gat hún hvorki né vildi láta ónotuð. Annað dæmi má nefnda. Hún undi sér best við útvinnu. Sæi hún sér tómstund til, var hún óðara komin út að fjóshaugi til að aka honum í hjólsíða út á túnið!

En hvernig fór þá með hirðingu hennar á börnunum? Hún var í góðu lagi. Við voru aldrei rifin eða illa til fara, því „húsverkin“, að eldamatin, búa um rúmin, jafnvel þvo þvottana, vandi hú okkur á að inna af hendi og verðlaunaði á oft með heilli eða háflri köku, ef vel var gert og því meiri voru verðlaunin (sykurmoli, 2 eða 3 rúsínur í ofanálág) sem betur var gert.

Já, en vilduð þið gera þetta? Þótti ykur þetta eða öðrum barnaverk? Ójá, en hvort sem við vildum eða vildum ekki, þá urðum við að hlýða! Hlýðnisskyldan á æskuheimili mínu, er og hefir verið mér einna dýrmætasti arfurinn, sem ég eignaðist þaðan: Hlýðni við guðs og manna lög.